LAND & SAGA

WWW.LANDOGSAGA.COM

45.TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR 2021

ÍSLENSKA JARÐVARMAMÓDELIÐ
AÐ BYLTA KÍNA

UPPREISN ÁSGEIRS JÓNSSONAR

VERÐLAUNALJÓSMYNDARINN STEINI PÍP

NÝ NÁLGUN Í BYGGINGU FJÖLBÝLISHÚSA
GP Arkitektar

FUNDINN PÁLL BISKUP
EFTIR 750 ÁR

ISSN 2268-2196

Hljóðlát bylting er að eiga sér hjá næstu nágrönnum okkar í vestri, Grænlendingum. Árið 1979 fengu þeir heimastjórn; árið 1983 sögðu þeir sig úr Evrópusambandinu og árið 2008 fengu þeir sjálfstjórn og stefna nú á sjálfstæði. Með hverju árinu eykst samvinna Íslendinga og Grænlendinga. Nú bjóða Icelandair New York-búum flug til höfuðstaðarins Nuuk – Góðvonar á íslensku – með millilendingu í Keflavík, sem og auðvitað Kaupmannahafnarbúum og Lundúnabúum svo og auðvitað öllum farþegum sínum. Þetta er bylting fyrir Grænland sem er slíta danska hlekki og opna sig fyrir umheiminum. Eimskip heldur uppi áætlunarferðum til Nuuk. Norlandair flýgur til Kulusuk. Ístak er að byggja flugvelli og hefur byggt hafskipahöfn í Nuuk auk fjölda annarra verkefna Íslendinga. Þá er ónefnd Brattahlíð, söguslóð Eiríks rauða. Ferðamálastsjóri Grænlands er Bílddælingurinn Hjörtur Smárason. Samvinnu Grænlands og Íslands ber að rækta og virða. Sama á við um Færeyinga sem líka eru í vaxandi mæli að horfa út og hið færeyska Atlantic Airways stefnir á daglegt flug til Íslands ásamt að fljúga á New York. Dr. Ásgeir Jónsson Seðlabankastjóri bendir á í viðtali við Land & sögu að aldrei í hagsögu Íslands hafi Seðlabanki Íslands verið jafn öflugur til að tryggja stöðugleika, lága vexti og verðbólgu. Fjármálaeftirlitið hafi sameinast Seðlabankanum sem færi víðtækt vald yfir viðskiptabönkunum. Þá hafi gjaldeyrissjóður bankans upp á 900 milljarða verið bakhjarl sem hafi tryggt mjúka lendingu í covid faraldrinum, en bankinn seldi gjaldeyri fyrir 200 milljarða króna.

Dr. Ásgeir leggur ríka áherslu á sjálfstæði bankans og sérhagsmunaöflum hafi verið settar þröngar skorður ... Uppreisn Ásgeirs Jónssonar gegn hagsmunaöflum er að sönnu áhugaverð. Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle Assembly – var haldið í Hörpu 14.-17. október síðastliðinn að viðstöddum 1.400 þátttakendum með 400 ræðumönnum frá 50 löndum. Hin magnaða vegferð Ólafs Ragnars Grímssonar fyrrverandi forseta með Hringborðið hófst 2013. Þrátt fyrir að hann hafi látið af embætti 2016 og heimsfaraldur geisað, hefur fólk úr öllum heimshornum mætt og sest við Hringborðið til þess að ræða málefni Norðurslóða. Hringborðið er eina alþjóðlega ráðstefnan sem árlega er haldin hér á landi. Ólafur Ragnar hefur tryggt að Ísland er forysturíki á vettvangi Norðurslóða og helsti vettvangur umræðu og stefnumótunar.Þá getur Ólafur Ragnar verið stoltur af þætti sínum í hljóðlátri jarðvarmabyltingu í Kína.

Heimsþing Alþjóðajarðhitasambandsins, WGS (World Geothermal Congress) er haldin nú í Hörpu. Ráðstefnan var sett á sunnudaginn af forseta og forsætisráðherra Íslands, og lýkur í dag. Heimsþingið er haldið á fimm ára fresti, og eru skráðir gestir um 2000, helmingur þeirra er staddur hér á landi. Hinn helmingurinn tekur þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Helsti tilgangur ráðstefnunnar er að ræða stærstu áskoranir við jarðnýtingu, til að styðja við loftslagsaðgerðir um allan heim. Jarðhiti spilar þar lykilhlutverk. Þátttakendur frá yfir eitt hundrað löndum mættu hingað til Reykjavíkur að fjalla um þessi stóru mál á ráðstefnunni.

Einar Þ. Þorsteinsson
Útgefandi/Ritstjóri

ICELANDIC TIMES
PUBLISHING HOUSE
SÍÐUMÚLI 1 • REYKJAVÍK • INFO@LANDOGSAGA.IS

ÚTGEFANDI/RITSTJÓRI
Einar Þorsteinn Þorsteinsson
einar@landogsaga.is

SÖLU & MARKAÐSDEILD
Kolbrún Kristín Ólafsdóttir
kolbrun@icelandictimes.com
Ingi karlsson
ingi@icelandictimes.com

FORSÍÐUMYND
Þorsteinn Ásgeirsson

BLAÐAMENN
Helga Kjartansdóttir
Hallur Hallsson
Andrew Scott Fortune
Helga Dís Björgúlfsdótti
Páll Stefánsson
Jenna Gotlieb
Svava Jónsdóttir
Sigrún Pétursdóttir
Björn Jón Bragason

LJÓSMYNDARAR
Friðþjófur Helgason
Páll Stefánsson
Þorsteinn Ásgeirsson

HÖNNUN
Jacqueline Sanz

HEIMASÍÐUR
Hari Aravind

NORDIC TIMES MEDIA
Síðumúla 29 • 108 Reykjavík
+354 578 2600
www.landogsaga.com

EFNISYFIRLIT

Uppreisn Ásgeirs Jónssonar 4
Samtal við Ólaf Ragnar Grímsson fyrrverandi forseta Íslands um samskiptin við Kína í forsetatíð hans 10
Íslenska jarðvarmamódelið að bylta Kína 16
Íslensk jarðvarmaþekking nýtist Kína vel 20
Viðtal við Harry Bilson listamann 24
Hinn Margslungni William Morris 28
Aukinn áhugi á Færeyjum 30
Sérstakt samband 32
Færeyjar 34
Glæsileg íslensk skartgripahönnun 36
Mjög sterk tengsl milli Íslands og Grænlands 40
Frá Bíldudal til Grænlands 41
Trymbiltaktur Play hrífur Íslendinga 46
Fullbúin íbúðarhús erlendis frá bylting fyrir landsbyggðina 48
Verðlauna ljósmyndarinn Steinipíp 50
ÍSAL, saga álversins í Straumsvík til 2000 eftir Hall Hallsson 64
Kína og norðurslóðir 66
Feldur 68
GP Arkitektar 70
Íslenskur æðardúnn ehf 74
Bílastæðahús undir Arnarhóli 76
Hlusta.is 78
Konan í Verkum Ásmundar Sveinssonar 80
Seglin Við Pollinn 82
Leitin að ægifegurðinni 84
Steina Vasulka 86
Landmótun 88
Á Vesturlandi má finna náttúrufegurð hvarvetna 92
Innblásin af náttúrunni og veðráttunni 94
Fundinn Páll biskup eftir 750 ár 96
Ævintýralegt líf hreindýrabóndans 98

UPPREISN ÁSGEIRS JÓNSSONAR

Aldrei í hagsögu Íslands hefur Seðlabankinn verið jafn öflugur né betur í stakk búinn til að tryggja stöðugleika í þágu fólksins í landinu, segir dr. Ásgeir Jónsson Seðlabankastjóri. Með sameiningu við Fjármálaeftirlitið í upphafi árs 2020 sé kominn fram sterk stofnun er geti tryggt aga á fjármálamarkaði til langframa og vonandi aukið velferð Íslensku þjóðarinnar.

Eftir Hall Hallsson. Ljósmyndari Páll Stefánsson

Dr. Ásgeir Jónsson var skipaður Seðlabankastjóri í júlí 2919, 49 ára gamall. Skipunarbréfið er til fimm ára þannig að hann á þrjú ár eftir. Hann kveðst æðrulaus um djobbið, það verði sem verði en hann leggi ríka áherslu á sjálfstæði Seðlabanka Íslands. Saga Ásgeirs er ólík margra forvera hans, því það eru ekki pólitískar forsendur að baki ráðningu hans. Hann hefur verið kallaður kommúnisti og frjálshyggjumaður en hefur samt aldrei haft nein pólitísk afskipti en hann hefur gefið mjög skýr skilaboð á opinberum vettvangi um þau verkefni sem Seðlabankinn hefur þurft að fást við. Ásgeir er kominn af sjómönnum og bændum, var háseti á togurum frá Króknum í den og varð aldrei sjóveikur. En þó Ásgeir sitji æðsta embætti sem hagfræðingur getur vænst, þá glímdi hann við mikla erfiðleika; stam, seinlæsi og einelti í bernsku. Hann er fæddur í Noregi en ólst upp til ellefu ára aldurs í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi þar sem faðir hans bjó félagsbúi með bróður sínum Hildibrandi ásamt föður þeirra Bjarna Jónssyni [1908-1990] frá Asparvík á Ströndum. Ellefu ára gamall flutti Ásgeir með foreldrum sínum að hinu forna biskupssetri Hólum í Hjaltadal.

Seinlæs og stamaði

„Ég var seinlæs, lærði loks að lesa átta eða níu ára gamall," segir Ásgeir. Lestrarnám miðar að því að þekkja stafina og það var byrjað á A, svo B og svo framvegis. Þetta var sem latína fyrir drengnum sem auk þess stamaði. Ásgeir les öðruvísi en flestir, sér texta í myndum. Mögulega er þetta lesblinda en hann hefur aldrei verið greindur. Hann leysti málin sjálfur. „Mér gekk ekki vel þegar ég byrjaði í skóla og þráði heitt að geta lesið," segir hann. En svo kom að því að hann náði samhengi hlutanna. Orð birtust honum sem myndir og hann gat lesið, stafirnir þvældust ekki lengur fyrir. Þetta var drengnum mikil opinberun. Hann hóf að lesa Eyrbyggju og fornsögurnar eina af annarri. Nýr spennandi heimur opnaðist. „Raunar svo að ég hef náð mjög miklum lestrarhraða sem hefur hjálpað mikið í námi og starfi en ég geri ennþá stafsetningarvillur þar sem stafir víxlast innan orða og svo framvegis" segir hann. Ég ólst upp á sveitabæ þar sem engir leikfélagar voru til staðar aðeins fullorðið fólk og síðan dýrin á bænum. Þá tíðkuðust ekki nein tölvuspil og sjónvarpsdagskráin var afar takmörkuð. Ásgeir eyddi því miklum tíma í bókasafni afa síns og fékk ástríðu fyrir fornsögunum sem hefur fylgt honum síðan. Það sést meðal annars á því að hann fékk 10 í einkunn í íslensku í Menntaskólanum á Akureyri þegar Íslendingasögurnar voru teknar til umfjöllunar. Það er sú einkunn sem hann er hreyknastur af á löngum námsferli.

Fæddur í Noregi, alinn upp í Bjarnarhöfn & á Hólum

Ásgeir er fæddur á Ási í Noregi 1970, annar í röð sex systkina hjónanna Jóns Bjarnasonar, fyrrverandi skólastjóra og ráðherra, og Ingibjargar Kolka Bergsteinsdóttur. Jón var þá við búfræðinám en hóf síðan búskap í Bjarnarhöfn 1971. Bjarnarhöfn liggur milli Stykkishólms og Grundarfjarðar, sögufræg



hlunnindajörð sem Thor Jensen keypti árið sem fyrri heimsstyrjöldin skall á 1914 og reisti þar fjárhús þó hann væri þá umsvifamikill í útgerð. Afi Bjarni var með 700 fjár í Bjarnarhöfn. Það var ekki bara lestur sem hafði vafðist fyrir drengnum, hann sætti aðkasti sakir stams. Ellefu ára flutti fjölskyldan til Hóla í Hjaltadal sem ilmar af sögu þar sem Jón biskup Arason er alltumvefjandi. Það þarf því ekki að koma á óvart að Ásgeir hafi skrifað um Jón Arason af djúpu innsæi. Uppreisn Jóns Arasonar kom út fyrr á þessu ári. Þar setur Ásgeir valdabaráttu Dana og Þjóðverja í samhengi. Jón biskup Arason var kaþólskur, studdur af þýðverskum, en Danakonungur sendi út tilskipun um lúterskan sið. Jón Arason var hálshöggvinn í Skálholti 1550 og þjónar konungs létu greipar sópa um kirkjur og klaustur í landinu. Við tók ofurvald elítunnar í Köben, Einokunarverslun 1602, hinar myrku aldir Íslands.

Fann fjölina í hagfræði

Ásgeir fór til náms í Menntaskólanum á Akureyri og útskrifaðist tvítugur árið 1990. Eftir spekulasjónir um líffræði, læknisfræði og sjóinn fann Ásgeir fjöl sína í hagfræði við Háskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist 1994. BS-ritgerð hans Siglt gegn vindi fjallar um íslenska hagkerfið 1400-1600. Ári áður hafði Ásgeir ráðið sig sem hagfræðing hjá Dagsbrún þar sem Guðmundur jaki Guðmundsson [1927-1997] ríkti. Menn tóku þá trú að 23 ára guttinn væri kommi, en Gvendur jaki kallaði hann jafnan „háskólamanninn“. Ásgeir kynntist því alþýðuforingjanum Gvendi jaka í lokastríði hans undir fána Flóabandalagsins. Gvendur jaki hafði fengið nóg af hagfræðistóði ASÍ og vildi folald. „Þetta folald var sem sagt ég,“ hefur Ásgeir sagt kankvíslega.

Hugur Ásgeirs stefndi enn hærra, fróðleiksþyrstur og sílesandi. Hann hélt til Indiana í Bandaríkjunum og lauk meistaraprófi frá University of Indiana 1997 og doktorsprófi 2001. Hann hefur sagt frá því að stam hans úr bernsku hafi ágerst þegar hann mælti á enska tungu. Hann fór því í þétta talþjálfun í Indiana sem hefur dugað honum vel síðan. Dr. Ásgeir Jónsson hefur sannarlega þurft að takast á við sjálfan sig til þess að gegna einu stærsta embætti íslenskrar stjórnsýslu.

Aðalhagfræðingur Kaupþings 33 ára

Leiðin lá heim og til Kaupþings þar sem hann varð aðalhagfræðingur, 33 ára að aldri. Í upphafi nýrrar aldar var Ísland í hæstu hæðum með AAA lánshæfi. Af einhverjum ástæðum hafði Fjármálaeftirlitið verið skilið frá Seðlabankanum 1998 í tíð Finns Ingólfssonar í viðskiptaráðuneytinu. Bankarnir voru einkavæddir og útrásin hafin, Seðlabankinn valdalaus.

„Ég var kornungur aðalhagfræðingur og menn fremur bláeygir. Ég var ekki í innsta kjarna en þó andlit bankans því fjölmiðlar sóttu í að fá álit mitt,“ segir Ásgeir. Hann varð þjóðþekktur, fjölmiðlar leituðu álits hans um efnahagsmál og þjóðhagsspár. Þegar íslenska hagkerfið hrundi eins og spilaborg með falli bankanna þá beindist reiði að honum, eðlilega. Hann leit yfir farinn veg og skrifaði bókina Why Iceland? um hrunið og aðdraganda þess sem kom út 2009. Sú bók var síðan þýdd á japönsku, þýsku og arabísku og er sú heimild sem helst er vitnað til á alþjóðavettvangi þegar fjallað er um fall íslensku bankanna haustið 2008. Hann tók þátt í endurreisn Kaupþings undir nýju nafni, Arion banki. Þegar hann hins vegar varð fertugur árið 2010 þá langaði hann að breyta til og yfirgaf bankakerfið. Hann varð prófessor við Háskóla Íslands 2011 og margir ráku upp stór augu þegar Ásgeir var skipaður í Seðlabankann átta árum síðar og ýmsir hafa rifjað upp feril hans með gagnrýnum augum. Ásgeir segist skilja þær raddir.

„Ég held að ekkert okkar sem vorum í hringiðu hrunsins séum söm á eftir. Ég hefði viljað, í baksýnisspegli, standa öðruvísi að málum. Reynsla mín í hruninu er útaf fyrir sig dýrmæt. Ég þekki vítin að varast og hef sjálfstraust til þess að ræða við og takast á við hagsmunaaðila á fjármálamarkaði. Ólíkt forverum mínum hef ég persónulega þekkingu á innviðum bankanna. Það veitir mér sjálfstraust í hinu eilífa reiptogi hagsmunaafla.“

Þrátt fyrir skipbrot bankanna telur Ásgeir að útrásin hafi ekki verið alslæm. Íslendingar náðu að byggja upp stór alþjóðleg fyrirtæki sem enn eru starfrækt. Stjórnvöld hafa staðið vel að enduruppbyggingunni eftir hrun og neyðarlögin hafi gefið tækifæri á að endurfjármagna atvinnulífið. „Þjóðin, fyrirtæki, stjórnmál og almenningur drógu lærdóm af hruninu. Við erum varkárari. Þetta sést af rekstri fyrirtækja nú, minni skuldsetning, meiri fagmennska,“ segir Ásgeir.

Bankarnir tóku yfir Ísland, ekki satt? „Jú, þeir gerðu það.“

Erfiður systurmissir 2011

Árin eftir Hrun voru Ásgeiri og fjölskyldu hans erfið. Hann missti Katrínu systur sína úr krabbameini árið 2011. Hann ræddi það í samtali við Fréttablaðið áður en hann tók við embætti Seðlabankastjóra: „Þeim mun yngra sem fólk fær krabbamein, því hraðar gengur sjúkdómurinn fyrir sig. Hún greindist, gekkst undir meðferð og virtist vera læknuð. En síðan tók meinið sig upp aftur og hún fór á aðeins hálfu ári,“ segir hann. „Það var alveg hræðilegt að sjá hvernig sjúkdómurinn tók allt frá þessari ungu, fallegu og hraustu konu. Sjónina, hreyfigetuna og síðan lífið sjálft.“

Það tekur auðsjáanlega á að rifja upp þennan tíma. „Þetta var mikið og fyrirvaralaust áfall sem tók á alla fjölskylduna. Katrín hafði alltaf verið mjög hraust og fór betur með sig en flestir aðrir,“ segir Ásgeir. „Hvorki foreldrar mínir né systkini urðu söm á eftir og við höfum haldið betur saman eftir þetta. Þú ferð að skilja betur hvað skiptir máli í lífinu, eftir svona missi,“ sagði Ásgeir í samtalinu. Jón faðir hans var á þessum tíma ráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna sem var við völd 2009-2013.

„Ég var seinlæs, lærði loks að lesa átta eða níu ára gamall.“ Lestrarnám miðar að því að þekkja stafina og það var byrjað á A, svo B og svo framvegis. Þet-ta var sem latína fyrir drengnum sem auk þess stamaði. Ásgeir les öðru vísi en flestir, sér texta í myndum.

Ekki ráðinn á pólitískum forsendum

En hvernig er Ásgeir Jónsson öðruvísi en forverar hans í starfi? „Fólk þekkir mig ekki fyrir pólitískar skoðanir né var ráðningin á pólitískum forsendum. Ég er óháður hagsmunaöflum. Ég er aðeins bundinn af hagsmunum og velferð íslenskrar þjóðar,“ segir hann. Hagsmunaöfl hafi ekki komið honum í embætti. Málfrelsi sé mikilvægasta vopn Seðlabankastjóra og hann er óhræddur að takast á við hagsmunahópa, svo sem lífeyrissjóði, verkalýðshreyfingu, sægreifa og pólitík, benda á svo dæmi séu tekin seinagang með Sundabraut og skaðlegan lóðaskort sem pólitíkin tekur til sín og Samherja fyrir að persónugera einstaka embættismenn í deilum við Seðlabankann.

„Ég er óháður og geng því óbundinn til verks, minn trúnaður er við þjóðina. Ég geri mér grein fyrir því að möguleg átök kunni að kosta það að ég verði ekki endurráðinn. Fari svo þá fer svo,“ segir Ásgeir.

Velferðarstefna & lágir vextir

Seðlabanki Íslands reki velferðarstefnu og markmið hennar sé tryggja velferð fólksins í landinu. Stöðugleiki í gengi sé lykilatriði. „Peningastefnan skiptir hina tekjulægstu mestu máli; þeir tapa mestu á verðbólgu og kollsteypum. Þetta skiptir mig mjög

miklu máli. Ég lít á peningastefnuna sem velferðarstefnu. Ég vil tryggja lága verðbólgu, lága vexti og stöðug fjármálaskilyrði. Þetta eru grundvallaratriði fyrir góð lífskjör á Íslandi.“ Gagnrýni Ásgeirs á Samherja fyrir að ráðast gegn einstökum starfsmönnum Seðlabankans vakti sannarlega athygli en getur það gengið til lengdar að 12-15 sægreifar ráði auðlind sem árlega veltir 300 milljörðum, í kring um landið? „Þetta er pólitísk spurning og ekki á mínu verksviði,“ svarar hann.

Ásgeir bendir á að Seðlabankinn sé í fyrsta sinn í hagsögunni kominn með sjálfstæði til þess að beita mörgum tækjum til þess að viðhalda stöðugleika – og hafi öflug vopn. Með sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka í upphafi árs 2020 hafi bankinn fengið mjög víðtækar heimildir til þess að láta til sín taka. Þá sé það einnig svo að enginn aðili hafi jafn mikið vald yfir viðskiptabönkunum og Seðlabankinn og því skapi sameiningin tækifæri til þess að bankinn geti fylgt eftir tilmælum sínum er varða fjármálaeftirlit og fjármálastöðugleika með mjög ákveðnum hætti. Þá hafi Seðlabankinn nú öflugan gjaldeyrisforða sem sé nú í kringum 900 milljarðar. „Við náðum mjúkri lendingu í Covid faraldrinum, þar vó þungt 200 milljarða gjaldeyrissala Seðlabankans sem viðhélt stöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Við höfum nýjar sögulegar forsendur til að stjórna efnahagsmálum og koma í veg fyrir kollsteypur. Krónan hefur staðið sig í ólgusjó Covid. Engin stofnun í hagsögu lýðveldisins hefur haft jafnmikla ábyrgð og Seðlabankinn nú,“ segir seðlabankastjóri.

Hann leggur áherslu á að hann, Ásgeir Jónsson, megi ekki ofmetnast. Íslendingar séu forlagatrúar, náttúran gefi og taki og „þetta reddast“-viðhorf sé inngreipt. Þjóðin hafi sýnt æðruleysi á örlagatímum, svo dæmi séu tekin í þorskastríðunum, hruninu og nú faraldrinum. Seðlabankinn hafi átt gott samstarf við ríkisstjórnina í Covid og þjóðin alltaf náð að vinna sig út úr erfiðum aðstæðum. Nú sé mikilvægt að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum. Við sjáum þjóðir S-Evrópu eiga í miklum erfiðleikum, raunar Evrópa og Bandaríkin. Beggja vegna Atlantsála séu peninga prentaðir í gríð og erg. Það séu vissulega blikur á lofti en Ísland sé betur í stakk búið til að takast á við óráðna framtíð en flestar þjóðir.



Uppreisn Jóns Arasonar eftir dr. Ásgeir Jónsson er skyldu lesning um eina afdrifaríkustu atburði Íslandssögunnar. Með aftöku Jóns Arasonar Hólabiskups fór valdið úr landi til Kaupmannahafnar. Konungur sölsaði undir sig jarðeignir, fisk og brennistein. Kirkjur og klaustur voru rænd gulli, silfri og verðmætum, spekúlantar Köben fengu landið til arðrænslu og í kjölfarið fylgdi hin illræmda Einokunarverslun [1602-1787]. Lokað var samskipti við aðrar þjóðir. Ísland var dönsk nýlenda. Við tóku hinar myrku aldir Íslandssögunnar með fátækt og einangrun.
Jón Arason [1484-1550] var sonur einstæðrar móður, fæddur á Grýtu í Eyjafirði, ólst upp í fátækt en hlaut menntun í Munkaþverárklaustri skammt frá. Hann varð biskup aðeins 36 ára.
Jón Arason leiddi hjá sér siðaskiptin í nærfellt áratug. Hann hafði náð samningum við Kristján III Danakonung [1534-1559] um að Hólabiskupsdæmi yrði áfram kaþólskt og Sigurður sonur hans eftirmaður.
En það var barist um Ísland. Jón Arason var fæddur undir lok Ensku aldarinnar þegar Englendingar og Þjóðverjar slógust og landsmenn seldu fisk og nutu arðs af auðlindinni. Dr. Ásgeir rekur verslunarstríð Dana og Þjóðverja sem hófst 1547 og Jón Arason hóf vopnaða uppreisn með stuðningi Þjóðverja og lýsti landið kaþólskt.
Jón Arason tapaði örlagaríkri orrustu á Sauðafelli í Dölum. Þá voru sögð hin fleygu orð: „Öxin og jörðin geymir þá best.“ Jón Arason var hálshöggvinn í Skálholti ásamt sonum sínum. Norðlenskar vígasveitir fóru suður yfir heiðar og voru á annan tug Danir drepnir ásamt Kristjáni skrifara kónglegs Majestatis umboðsmanns.
Þessa sögu setur dr. Ásgeir í samhengi við evrópska valdapólitík.

Íslensk-kínverska módelið er að umbylta heiminum

SAMTAL VIÐ ÓLAF RAGNAR GRÍMSSON FYRRVERANDI FORSETA ÍSLANDS UM SAMSKIPTIN VIÐ KÍNA Í FORSETATÍÐ HANS

Eftir Hall Hallsson

Ólafur Ragnar Grímsson var forseti Íslands í 20 ár [1996 – 2016]. Hann er fæddur á Ísafirði árið 1943 þegar síðari heimsstyrjöldin geisaði. Ísland var einangrað undir Kristjáni X. Danakonungi og Vestfirðir út við ysta haf. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ólafur Ragnar fór 19 ára gamall til náms í Manchester á Englandi og varði fyrstur Íslendinga doktorsritgerð í stjórnmálafræði 1970. Hann snéri til Íslands 1973 og varð fyrstur manna prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hann varð strax atkvæðamikill í pólitík innan Framsóknarflokksins og vakti mikla athygli þegar hann leiddi svokallaða Möðruvallarhreyfingu sem klauf sig út úr Framsóknarflokknum 1974. Ólafur gekk til liðs við samtök frjáslyndra og vinstrimanna og síðar Alþýðubandalagið og sat á Alþingi fyrir bandalagið 1978-1983. Hann var áberandi á alþjóðavettvangi sem forseti alþjóðasamtaka þingmanna [for Global Action]. Árið 1987 var hann kjörinn formaður Alþýðubandalagsins og var fjármálaráðherra 1988-1991 og formaður Alþýðubandalagsins til 1995 og sat á Alþingi 1991-1996 þegar hann var kjörinn forseti Íslands. Ólafur Ragnar tók við embætti forseta Íslands af Vigdísi Finnbogadóttur sem fyrst kvenna hafði verið þjóðkjörin forseti þjóðar sinnar árið 1980.

Hin íslenska jarðvarmabylting

Lífið á Íslandi var saltfiskur þegar Ólafur Ragnar fæddist á Ísafirði en þegar leið á öldina gerbyltist íslenskt samfélag. Hin íslenska raforkubylting hófst með virkjun Elliðaáa 1921 og síðan fyrstu Sogsvirkjuninni áratug síðar. Upp úr 1930 hófu Reykvíkingar að hita hús sín með heitu vatni í stað kolahitunar. Kolaský höfðu tíðum verið yfir reykvískum himni og kolakraninn við Reykjavíkurhöfn eitt helsta kennileiti höfuðbæjarins. Hitaveitulagnir voru lagðar frá Mosfellsdal þar sem var gnægð af heitu vatni. Eftir stofnun lýðveldis var haldið áfram í Soginu og svo kom risastökk vatnsaflsvirkjana þegar fyrsta jökulfljótið – Þjórsá – var virkjað við Búrfell og álver reis við Straumsvík utan Hafnarfjarðar. Fyrsta álið rann í Straumsvík 1969. Ein af annarri risu vatnsaflsvirkjanir upp á hálendinu og enn urðu tímamót með jarðvarmavirkjunum á Nesjavöllum og Svartsengi á lokametrum aldarinnar. Ísland var orðin fyrirmynd um sjálfbæra orku, hreint land og hróður þess jókst og lífskjör urðu með því besta í veröldinni. Þegar farið var af stað með Búrfell og Straumsvík voru innan við 100 verkfræðingar í landinu en eru nú á sjötta þúsund; íslensk verkfræðifirma og verktakar starfa um allan heim.

Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff.

Forseti Íslands 1996

Ólafur Ragnar var virkur á hinum alþjóðalega vettvangi sem forseti Global Action. Hann var óþreytandi að benda á að á nýrri öld myndu Indland og Kína hasla sér völl meðal efnahagsvelda heims. Ólafur hvatti til náinna samskipta og Fríverslunarsamninga við stórveldin í Asíu. Hann sætti gagnrýni fyrir þessa afstöðu sína einkum meðal Evrópusinna sem vildu aðild að Evrópusambandinu sem á þessum árum var að stækka til Norðurlanda og Austur-Evrópu eftir hrun Berlínarmúrsins og fall Sovétríkjanna við upphaf tíunda áratugarins. Ísland hafnaði aðild að Evrópusambandinu ásamt Noregi og Sviss og varð aðili að evrópska efnahagssvæðinu 1995.

Ólafur varð forseti 1996 og ný öld handan horns. Ég hitti Ólaf Ragnar ásamt Einari Þorsteinssyni útgefanda Lands & sögu og Icelandic Times á Hilton hótelinu að áliðnum ágúst 2019. Þá voru þrjú ár liðin frá því forsetinn hafði látið af embætti. Kína var að fagna 70 ára afmæli og við beindum sjónum okkar til Kína og hinum miklu samskiptum af þessu tilefni.

„Á fyrsta ári mínu í embætti forseta velti ég fyrir mér hlutverki Íslands á nýrri öld. Ég komst að þeirri niðurstöðu að fjögur meginatriði myndu einkenna 21. öldina; hlýnun jarðar, jarðvarmaorka, Norðurslóðir og uppgangur Asíu," segir Ólafur Ragnar. Þann 1. janúar 1998 í nýársávarpi sínu ræddi forsetinn um hlýnun og bráðnun Norðurskautsins og sagði þá.

„Við Íslendingar ættum því að vera í fararbroddi þeirra sem á alþjóðavettvangi krefjast þess að tafarlaust verði gripið til róttækustu gagnaðgerða til að forða heiminum frá slíkri loftslagsbreytingu. Við ættum að fagna þeim vilja sem þjóðir heims sýna nú til samstarfs, hefja með öðrum breytingar á eldsneytisnotkun skipa og bifreiða og beita nýrri tækni sem auðveldar loftslagsvæna framleiðsluhætti. Við eigum að gleðjast yfir þeim tækifærum sem öld umhverfisverndar getur fært okkur Íslendingum ef við sjálf höfum vit og vilja til að nýta kosti Íslands."

Leiðandi í vatnsafls- og jarðvarma orku

Ólafur Ragnar lagði áherslu á einstakt framlag Íslands til vatnsafls og þó einkum jarðvarmaþekkingar og sem var leiðandi í þróun umhverfisvænnar sjálfbærrar orku þegar horfið var frá kola- og olíuhitun. Í september 1998 í ræðu í Rovanuiemi-háskóla í Norður Finnlandi flutti forsetinn ræðu um samvinnu þjóða á Norðurslóðum. „Fáir voru viðstaddir; nokkrir menntamenn og þeir sem uppnefndir voru nördar. Það voru margar efasemdarraddir en ég var viss um að þetta væri framtíðin," segðir Ólafur Ragnar. Uppgangur í Kína og Indlandi þar sem voru ört vaxandi markaðir sköpuðu stórbrotin tækifæri fyrir Ísland.

Ísland yrði að horfa til Asíu um nýja markaði. Þar væru gríðarlegir hagsmunir um leið og þjóðin horfði til Evrópu og Bandaríkjanna. „Lykilatriði væri að horfa til hlutverks Íslands meðal þjóða heims á nýrri öld. Bandaríkin höfðu orðið okkar helsta viðskiptaland um miðja 20. öld. Nýjar áskoranir biðu okkar

Íslendinga á 21. öldinni. Uppgangur Asíu væri áskorun líkt og verið hafði um Ameríku eftir síðari heimsstyrjöldina," segir hann.

Forsetafrúin Guðrún Katrín látin sumarið 1998

Mikil sorg knúði dyra að Bessastöðum haustið 1998 þegar forsetafrúin, Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, lést eftir að hafa veikst af hvítblæði. Ólafur Ragnar hafði í ávarpi sínu í ársbyrjun 1998 lýst bjartsýni um batahorfur Guðrúnar Katrínar. Sumarið 1998 hafði hún farið til læknismeðferðar til Seattle í Bandaríkjunum en lést í október.

Ólafur Ragnar hafði átt náin og farsæl samskipti við leiðtoga Indlands og sérstaklega Raviv Ghandi forsætisráðherra. Hann þekkti hins vegar minna til Kína en hafði hafið að skrifa ítarlegt bréf til forseta Kína Jiang Zemin þegar hann var í Seattle. Snemma á tíunda áratugnum í tíð sinni sem forsætisráðherra hafði Ólafur Ragnar farið Kína með Steingrími Hermannsyni, þáverandi forsætisráðherra. Kínverjar höfðu sýnt Íslendingunum legó-módel af skýjakljúfum Shanghai sem helst minntu á Manhattan og héldu því eindregið fram að Shanghai yrði eitt helsta metrópól 21. aldar.

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hafði verið starfræktur hér á landi frá 1979 og margir kínverskir stúdentar sótt skólann. Ísland hafði opnað sendiráð í Beijing árið 1995 og sendiráðið vann ötullega að því að kynna kosti jarðvarma og aðstoðaði við stofnun jarðvarmarannsóknastofnunar í Tianjin, hafnarborg Beijing. Jarðhitafyrirtækið Enex tók þátt í uppsetningu hitaveitu í Ólympíuþorpinu í Beijing.

Ólafur Ragnar lagði í bréfinu til Zemin forseta, til víðtæka samvinnu þjóðanna, þar á meðal um sjálfbæra hreina orku til að takast á við hnatthlýnun. Kína hafði notið fordæmalauss efnahagslegs uppgangs meðal þjóða heims. Hundruð milljóna manna losnuðu úr fátækt og miðstéttin óx hraðar en áður var þekkt. Bretar höfðu skilað Kínverjum Hong Kong og Portúgalir Macau.

Samskipti landanna voru um það bil að færast til æðstu ráðamanna þjóðanna.

Íslandsheimsókn Zemins

Árið 2000 var Ólafur Ragnar boðinn í opinbera heimsókn til Indlands þar sem forsetanum var sýndur sérstakur sómi. Sama ár opinberaði Ólafur Ragnar trúlofun sína við Dorrit Moussaieff og þau voru gefin saman í hjónaband á 60 ára afmælisdegi forsetans 2003. Forsetafrúin er fædd í Jerúsalem en ólst upp í Bretlandi frá unga aldri.

Í júní 2002 þegar fjögur ár voru liðin frá því Ólafur Ragnar sendi bréfið kom Zemin forseti í opinbera heimsókn til landsins. Forsetarnir fóru til Nesjavalla og skoðuðu jarðvarmavirkjunina. Zemin er sjálfur verkfræðingur sem og margir í kínversku sendinefndinni og þeir hrifust af hinni stórbrotnu virkjun. Nesjavallavirkjun er verkfræðilegt undur og heimsóknin hafði mikil áhrif á Zemin forseta. Kola- og olíukynding hafði stóraukist í Kína og svört kolaský voru algeng yfir kínverskum borgum svo græn sjálfbær orka var þjóðinni lífsnauðsynleg. Heimsókn Zemins forseta til Ísland var afar vel heppnuð og bréfið hornsteinn í samskiptum leiðtoga Kína og Íslands.

Kína hraðar byggingu jarðvarmavirkjana

Þegar Zemin snéri heim til Kína fyrirskipaði hann uppbyggingu jarðvarmavirkjana til að taka við af kola- og olíubrennslu. Kína hugðist fara að íslenskri fyrirmynd um uppbyggingu hitaveitna. Árið 2003 lét Zemin af embætti og við tók Hua Jintao. Kína var að skipa sér í

Jiang Zemin, fyrrverandi forseti Kína, og Ólafur Ragnar Grímsson.

Tveir forsetar. Hu Jintao, fyrrverandi forseti Kína, og Ólafur Ragnar Grímsson.

forystu þjóða heims.´

Árið 2005 fór Ólafur Ragnar í opinbera heimsókn til Kína í fylgd um 400 Íslendinga; þar á meðal fjölmargra framámanna í viðskiptum. Forsetinn hitti þá Hu Jintao forseta í fyrsta sinn sem og Wen Jiabo forsætisráðherra og fjölmarga kínverska áhrifamenn. Þá hafði Hu verið í embætti í tvö ár. „Þá kom á daginn að samskipti mín við Zemin höfðu borið ríkulegan ávöxt og sú góða samvinna hélt áfram í tíð Hu Jintao. Ásamt Beijing heimsóttum við Quingdao og Shanghai þar sem magnað var að sjá að legó-módelið frá hálfum öðrum áratug hafði raungerst í skýjakljúfa. Kínverjar eru sannarlega einstakt fólk. Þeir hugsa til langs tíma og 50 ár eru stuttur tími í þeirra huga," segir Ólafur Ragnar.

Ólafur Ragnar hittir Xi Jinping í Beijing

Ólafur Ragnar var í Kína þremur árum síðar en þá voru forsetahjónin viðstödd Ólympíuleikana í Peking þegar íslenska landsliðið komst í úrslit í handknattleik. Við hádegisverð hitti forsetinn í fyrsta sinn Xi Jinping, verðandi forseta. „Ég spurði Xi hver væru stærstu mál sem kínverjar stæðu frammi fyrir. Svar hans var áhugavert og ég hef oft vitnað í hann: Okkar markmið er að skapa velsæld fyrir þjóð okkar án þess að skaða aðra."

Hrunið og Icesave

En aðeins nokkrum mánuðum síðar hrundu íslensku bankarnir í október 2008. Sótt var að þjóðinni og Ísland þarfnaðist bandamanna. Bankahrunið íslenska var hið stærsta sem nokkur þjóð hafði orðið fyrir. Þjóðin sætti efnahagslegri árás frá Lundúnum með stuðningi Brussels og var sett á hryðjuverkalista. Evrópa krafðist milljarða króna vegna svokallaðra Icesave-skulda á reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Gömlu nýlenduveldin yggldu sig. Bandaríkin snéru baki við íslenskri þjóð í fyrsta sinn frá 1941.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vg sem komst til valda í febrúar 2009 vildi friðþægja Evrópu: Ríkisstjórnin samþykkti að greiða hundruð milljarða í Icesave-skuldir og sótti um aðild að Evrópusambandinu. Alþingi samþykkti í tvígang lög um að samþykkja kröfur Breta og Hollendinga en Ólafur Ragnar Grímsson synjaði í tvígang. Tvívegis var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslna og íslenska þjóðin synjaði greiðslum í bæði skiptin. Þjóðin neitaði að greiða skuldir óreiðumanna sem stefndu sjálfstæði og fjárhag hennar í hættu. Meira gat ekki verið í húfi. Réttur Íslands til að synja greiðslum var síðar staðfestur af EFTA dómstólnum.

Ísland snýr sér til Kína um aðstoð

Ísland þarfnaðist vina nú þegar þjóðir beggja vegna Atlantshafs snéru baki við þjóðinni. Ísland stóð eitt. Evrópuþjóðir kröfðu þjóðina um greiðslu skulda einkaaðila – íslenskra bankamanna sem Seðlabankastjóri hafði kallað óreiðumenn. Evrópskir ráðamenn höfðu gert aðsúg að íslenskum ráðherrum á göngum Berlaymont í Brussel. Þó höfðu Færeyingar og Pólverjar stutt landsmenn. Ameríka hafði látið Ísland róa. „Ísland er ekki lengur á áhrifasvæði Bandaríkjanna," hafði einn helsti bankamaður Federal Reserve bandaríska seðlabankans sagt blátt áfram. Þá höfðu Rússar lýst vilja til að lána landsmönnum en Kínverjar voru afdráttarlausir í stuðningi sínum við litla Ísland.

„Stuðningur Kína við Ísland á neyðarstundu má aldrei gleymast," segir Ólafur Ragnar og ennfremur: „Eftir samráð við Geir Haarde

Hu Jintao, fyrrverandi forseti Kína, heilsar forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, og konu hans frú Dorrit Moussaieff.

forsætisráðherra skrifaði ég Hu Jintao forseta bréf þar sem ég skýrði fyrir honum erfiðleika okkar Íslendinga. Það var ekki sjálfgefið að Kína aðstoðaði litla Ísland: vestræna þjóð og meðlimaþjóð Nato. Kína sendi háttsetta sendinefnd til Íslands og í kjölfarið var gjaldeyrissamningur þjóðanna undirritaður."

Íslenskir fjölmiðlar veittu vinarbragði kínverja ekki athygli enda uppteknir af umsókn Íslands í Evrópusambandið. Hins vegar fór aðstoð Kína ekki framhjá stjórnvöldum í Lundúnum, Washington, Berlín og Brussel ásamt höfðborgum Norðurlanda; Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi og Helsinki. Þjóðir beggja vegna Atlantsála höfðu snúist gegn Íslandi. Kína hins vegar hafði stutt Ísland dyggilega í Alþjóða gjaldeyrissjóðnum þegar Evrópuþjóðir settu þvingandi skilyrði við lán sjóðsins og tengdu Icesave. Á ögurstundu hafði Ísland hafnað afarkostum Evrópuþjóða með stuðningi Kína. Ári síðar var forseti kínverska seðlabankans í heimsókn á Íslandi. Skilaboðin voru skýr. Kína stendur með Íslandi.

Indland líkt og Kína sýndi Íslandi sérstakan sóma með því að bjóða forseta Íslands enn í opinbera heimsóknir, nú árið 2010. Forseti Indlands, Abdul Kalam, hafði heimsótt Ísland árið 2005. Í heimsókn sinni 2010 var Ólafur Ragnar Grímsson sæmdur orðu til minningar um Nehru, sjálfstæðishetju Indverja. Vinátta fjölmennstu þjóða Asíu í garð Íslands var alveg sérstök.

Arctic Green Energy og Sinopec Energy

Þrátt fyrir hörð pólitísk átök, sem upp komu árið 2007 innan Hitaveitu Reykjavíkur og meðal borgarfulltrúa, sem töfðu og flæktu samstarf við Kínverja, þá varð tímans straumur ekki stöðvaður. Árið 2011 komst skriður á samstarf þjóðanna undir forystu nýs eiganda Arctic Green Energy, Hauks Harðarsonar arkitekts, sem sest hafði að í Saigon í Víetnam frá 1992. Markmiðið var að flytja út velgengni Íslands á sviði jarðvarma. Artcic Green tók höndum saman við kínversku fyrirtækjasamsteypuna Sinope Group – stærsta fyrirtæki Kína og það þriðja stærsta í heimi.

Samningur um samvinnu Arctic Group Energy og Sinopec Group var undirritaður í Reykjavík að viðstöddum Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Wen Jiabo forsætisráðherra Kína. Kínverjar hugðust fylgja í fótspor Íslands. Fyrirtækið Sinopec Green Energy var stofnað. Nokkru síðar heimsótti Ólafur Ragnar hið nýja fyrirtæki í Kína.

Xi Jinping til valda

Xi Jinping varð forseti Kína árið 2013. Hann fór í heimsóknir til Bretlands og Bandaríkjanna og það vakti mikla athygli þegar hann ávarpaði efnahagsráðstefnuna í Davos í Sviss. Það voru breyttir tímar í alþjóðamálum. Sama ár varð Ísland fyrst Evrópuþjóða til þess að undirrita Fríverslunarsamning við Kína. Washington, Brussel og Berlín veittu því athygli. Samningurinn var undirritaður þegar umsókn vinstri stjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur í Evrópusambandið var að renna út í sandinn vegna kröfu um yfirráð yfir fiskimiðum. Ef Ísland átti að fá aðild að Evrópusambandinu varð að snúa á hvolf niðurstöðum þorskastríða 20. aldar.

Aukaaðild Kína að Norðurskautsráðinu

Kína fékk áheyrnarstatus í Norðurskautsráðinu árið 2013 að frumkvæði Carl Bildt utanríkisráðherra Svía með samþykki John Kerry utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Sama ár hleypti Ólafur Ragnar fyrstu Norðurslóðaráðstefnunni af stokkunum – Arctic Circle Assembly. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega í Hörpunni til þess að skapa alþjóðlegan vettvang umræðu um Norðurslóðir á sviði stjórnmála, viðskipta, umhverfsismála, vísinda og frumbyggja. Ráðstefnan hefur átt mikilli velgengni að fagna. Aldrei áður hafði jafnáhrifamikil alþjóðleg ráðstefna átt árlega heimilisfesti í Reykjavík. „Kína hefur tekið virkan þátt í ráðstefnunni frá upphafi," segir Ólafur Ragnar.

„Fólk spyr af hverju fjölmennustu og voldugustu þjóðir veraldar tali við litla Ísland. Svarið liggur í augum uppi. Stærð skiptir ekki máli. Það skiptir ekki máli hvort þú kemur frá 300 milljón manna þjóð eða 300 þúsund manna þjóð. Það sem skiptir máli er hvað þú hefur fram að færa. Jarðhitaþekking Íslendinga er einstök. Kínverjar eru að taka upp okkar þekkingu með stórbrotnum árangri. Það er liður Kínverja í að hverfa frá olíu- og kolanotkun og svörtum mengunarskýjum stórborganna. Íslenska módelið er að umbylta Kína og gæti verið leið þjóðarinnar út úr öngstræti mengunar," segir Ólafur Ragnar.

Forsetinn bendir á að um 50% af orkunotkun stórborga komi frá jarðefnaeldsneyti; langmest olíu og kolum. Ef mannkyn nær tökum á borgarmengun er sigur vís í baráttunni gegn hamfarahlýnun. Íslensk-kínverska módelið geti haft lykilhlutverk að leika. Þjóðir heims

Ma Kai, varaforsætisráðherra Kína, ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni forseta, árið 2013.

hafa litið til frumkvæðis Íslendinga um sjálfbæra orkugjafa. Framtíð heimsins er í húfi. Bráðnun heimsskautanna leiðir til ofsastorma í Kína líkt og víða um heim. Hækkun sjávarborðs ógnar borgum og jafnvel þjóðum. Vísindin hafa breytt afstöðu og vitund fólks um umhverfi og gildi náttúruverndar. Sem rísandi efnahagsveldi þarfnast Kína orkugjafa og hráefna. Náttúruvernd er eitt meginstef kínverskrar þjóðfélagsumræðu.

Velgengni Sinopec Green Energy

Nú þegar þriðji áratugur 21. aldar gengur í garð hefur íslensk-kínverska jarðvarmamódelinu vaxið ásmegin svo með ólíkindum er. Árangur Sinopec GE í Kína er stórbrotinn. Hitaveitur hins íslensk-kínverska fyrirtækis eru að umbylta Kína líkt og jarðvarminn umbylti Íslandi fyrir tæpum 80 árum. Sinopec er nú stærsta hitaveitufyrirtæki veraldar með yfir 520 hitaveitur og starfsemi í 60 borgum og héruðum; einkum Hebei, Shaanxi, Shanxi, Shandong og Tianjin. Sinopec vinnur að hitaveitu í Xiongang, útborg Beijing, sem verður fyrsta „reyklausa borg Kína".

„Þáttur Ólafs Ragnars í samvinnu Kínverja og Íslendinga á sviði jarðvarma verður ekki ofmetinn," segir Haukur Harðarson forstjóri Geysir Green Energy. Fyrir tilstilli Sinopec



Fundur á Bessastöðum, heimili forseta Íslands.

GE hefur dregið stórfellt úr $C0_2$ útblæstri á fáum árum. Sinopec þjónar um 2 milljónum viðskiptavina og hitar um 50 milljónir fermetra húsnæðis. Sinopec hefur sýnt fram á að áhrifaríkasta leiðin til að draga úr loftmengun er virkjun jarðvarma fremur en kol og olía.

Ólafur Ragnar lét af embætti árið 2016. Nokkrum mánuðum síðar var honum boðið að skoða höfuðstöðvar Sinopec Green Energy í Kína og kínverskar hitaveitur með eigin augum. Þá voru 10 ár liðin frá því jarðvarmasamvinna þjóðanna hófst og 45 ára afmæli stjórnmálasambands ríkjanna. Boðið var leið Kínverja til að segja, kærar þakkir herra Ólafur Ragnar. Íslensk-kínverska módelið er að umbylta Kína.

ÍSLENSKA JARÐVARMAMÓDELIÐ AÐ BYLTA KÍNA

Viðtal við Hauk Harðarson aðaleiganda Arctic Green Energy

Ísland var eitt fátækasta land Evrópu um aldamótin 1900. Þjóðskáldið Einar Benediktsson orti þá til þjóðar sinnar:

Þú fólk með eymd í arf!
Snautt og þyrst við gnóttir lífsins linda,
litla þjóð, sem geldur stórra synda,
reistu í verki
viljans merki, –
vilji er allt sem þarf.

Og sannarlega létu Íslendingar hendur standa fram úr ermum með heimastjórn 1904 og fullveldi 1918. Reykvíkingar tóku Elliðaárvirkjun í notkun árið 1921. Landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson hafði kennt landnámsbæ við gufuna sem steig upp frá kvosinni. Litli höfuðstaðurinn út við ysta haf þurfti að takast á við svört kolaský sem grúfðu yfir bænum í stilltu veðri. Kolakraninn við höfnina var eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og mengun frá kolahitun húsa var Reykvíkingum þyrnir í augum.

Winston Churchill

Churchill heimsækir jarðhitalaug á Íslandi.

Fullveldið veitti innblástur þrátt fyrir harðbýli og fátækt. Þjóðin átti gnægð vatns; kalt sem heitt í iðrum jarðar. Þjóðin átti vatnsföllin sem þjóðskáldin ortu um. Upp úr 1930 hófu Reykjavíkingar að hita hús sín með heitu vatni. Heitt vatnið streymdi úr iðrum jarðar. Um miðjan fjórða áratuginn reistu Reykvíkingar hinn glæsilega Austurbæjarskóla og hituðu með heitu vatni. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, kom í heimsókn til Reykjavíkur í ágúst 1941 þegar síðari heimsstyrjöldin stóð sem hæst. Hann hafði undirritað Atlantshafssamninginn ásamt Franklin Roosevelt Bandaríkjaforseta. Churchill fór austur í Reykjadal í Mosfellssveit til að skoða jarðhitasvæðin og borholurnar.

HITAVEITAN TÓK YFIR KOLAHITUN

Útlitið var dökkt árið 1941 en lýðræðisþjóðir voru að ná vopnum sínum. Blessað stríðið hafði komið til Íslands og bundið endi á einangrun og kreppu. Íslenskir sjómenn sigldu með fisk til Bretlands og færðu fórnir en einangrun landsins var rofin. Þjóðin vann sjálfstæði 1944. Hitaveitan tók yfir kolahitun og Reykjavík varð hreinasta borg veraldar með heiðskíran himinn. Þjóðin virkjaði jökulvötnin og hóf framleiðslu á áli í Straumsvík sama árið og maður gekk fyrst tunglinu. „Lítið skref fyrir mann, risaskref fyrir mannkyn," sagði Neil Armstrong. Það var að sönnu risaskref fyrir Ísland sem fleytti þjóðinni út úr síldarkreppunni miklu þegar þjóðin fór á framfærslu Alþjóðabankans. Stóriðjan batt endi á landflótta, skóp ný störf og þekkingu sem fleytti Íslandi í fremstu röð jarðhitaþekkingar í veröldinni.

JARÐVARMI Í HENGLI OG SVARTSENGI

Þegar leið að aldarlokum hóf þjóðin að virkja háhitann á Nesjavöllum í Henglinum og Svartsengi á Reykjanesi og margfaldaði álvinnslu með stækkun Ísals, Norðuráls og Fjarðaráls. Rúmlega þriðjungur af orkuvinnslu landsmanna er frá jarðvarma og rest frá vatnsaflsvirkjunum. Ísland var leiðandi á veraldarvísu í sjálfbærri orku og virkjanir dreifðust um landið. Þjóðin uppgötvaði ábatann fyrir umhverfi og heilsu. Kynslóðir sem ólust upp við kolahitun fyrri tíðar voru þá að stíga sín síðustu skref. Þeim á íslensk þjóð mikið að þakka.



Upphafið. Fu Chengyu og Haukur Harðarson skrifa undir samkomulagið að viðstöddum varaforsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, forsætisráðherra Íslands, Jóhönnu Sigurðardóttur og núverandi forsætisráðherra Íslands, Katrínu Jakobsdóttur.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti Sinopec Green Energy.

PÓLITÍSK ATÓMBOMBA

Við upphaf nýrrar aldar var mönnum ljóst að mikið og stórt tækifæri beið Reykvíkinga og Suðurnesjamanna. Verkfræðifirmað Enex Kína tók þátt í hitaveitu Ólympíuþorps Peking í tengslum við Ólympíuleikana 2008. Opinberir- og einkaaðilar voru að taka höndum saman um verkefni í Kína en háverar deilur risu og meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur sprakk vegna svokallaðs REI-máls. Hin pólitíska reykvíska atómbomba sprakk í kjölfar heimsóknar Jing Zemins forseta Kína til Íslands. Afar góð samskipti höfðu tekist milli Íslands og Kína milli þáverandi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, og kínverska forsetans, Jing Zemins.

Tímans elfa varð ekki stöðvuð þó pólitíkin væri vanhæf til þátttöku og mikið tjón ynnist. Mál töfðust um nokkur ár en í kjölfar hrunsins brettu menn upp ermar. Haukur Harðarson eignaðist Enex Kína og nefndi Arctic Green Energy. Árið 2011 hófst formleg samvinna Arctic Green Energy við stærsta fyrirtæki Kína og hið þriðja stærsta í heimi; Sinopec Group.

SINOPEC GREEN ENERGY STOFNAÐ Í REYKJAVÍK

Sinopec Green Energy var stofnað í Reykjavík árið 2011 að viðstöddum forsætisráðherrum þjóðanna, Jóhönnu Sigurðardóttur og Wen Jiaboa. Leiðtogar Íslands og Kína voru áhugasamir um samvinnuna sem tekist hafði á sviði jarðvarmaorku. Síðar fór Ólafur Ragnar Grímsson forseti í heimsókn til Sinopec Green Energy í Kína þar sem Haukur Harðarson og samstarfsmenn tóku á móti forsetanum.

Velgengni Sinopec Green Energy í Kína hefur verið framar vonum. Jarðvarmabylting á sér stað í Kína; ekki ólíkt byltingunni á Íslandi. Sinopec Green er nú stærsta jarðvarmafyrirtæki veraldar með liðlega 520 hitaveitur í yfir 60 borgum og héruðum Kína. Það er einkum í Hebei, Shannzi, Shanxi, Shandong og Tianjin. Nú er verið að reisa fyrstu „reyklausu" borg Kína, Xiongan útborg Beijing. Kínverjar eru metnaðarfullir og ætla Xiongan að vera veröldinni fyrirmynd.

Haukur Harðarson segir að Ólafur Ragnar Grímsson hafi leikið lykilhlutverk

við að byggja upp jarðvarmasamstarf Íslands og Kína. „Ólafur Ragnar hafði skýra sýn og sérstöðu til umhverfismála meðal leiðtoga heims löngu áður en þau komust í hámæli og tísku. Hann tók kyndil umhverfismála inn á hið stóra svið Arctic Circle-ráðstefnunnar í Reykjavík og kom málefnum Norðurslóða á dagskrá í höfuðborgum heimsins. Ólafur Ragnar er frumkvöðull í umhverfismálum og var löngu á undan öðrum," segir Haukur.

Hann segir að Norðurslóðaráðstefnan Arctic Circle Assembly sé mikilvægur vettvangur fyrir Arctic Green Energy sem kjósi að nota Arctic Circle-ráðstefnur til að ganga frá mikilvægum samningum sem og til að deila þekkingu sem fengist hefur í Kína og víðar um Asíu.

JARÐVARMABYLTINGIN Í KÍNA

Sinopec Green Energy hefur dregið umtalsvert úr kolefnisútblæstri í Kína. Fyrirtækið er frumkvöðull í jarðvarmavirkjun í Kína og hitar yfir 50 milljón fermetra af húsnæði með yfir tvær milljónir viðskiptavina við 400 hitaveitur. Þetta hefur gerst á aðeins nokkrum árum. Enginn einn aðili í Kína hefur dregið jafn mikið úr mengun og gróðurhúsalofttegundum eins og Sinopec Green Energy. Þannig hefur íslenskt frumkvæði og þekking nýst Kínverjum afar vel.

Sinopec Energy er með um 40% markaðshlutdeild í Kína og er leiðandi á markaðnum. Sinopec vinnur nú að hitaveitu í útborg Peking, Xiongan, sem er fyrirmynd að grænum framtíðarborgum Kína. Fyrirtækið er hið fyrsta til að fá umhverfisviðurkenningu Sameinuðu þjóðanna; handhafi yfir 50 einkaleyfa. Kína hefur tekið stórbrotinn árangur Íslands sér til fyrirmyndar; hin hljóðláta græna jarðvarmabylting Kína er á grunni íslenska módelsins.

ÍSLENDINGURINN Í SAIGON

Maðurinn á bak við Arctic Green Energy er Haukur Harðarson fjölskyldumaður sem búið hefur í Saigon, Víetnam, með hléum frá 1992. Hann hefur verið í Saigon síðan 2008 og er menntaður arkitekt. Hann teiknaði byggingu sem allir kannast við; Kauphöll Íslands á Suðurlandsbraut eða Reykjavík Stock Exchange.

Arctic Green Energy hefur höfðustöðvar í Singapor og vinnur að verkefnum í Víetnam, Singapore og Kazakstan. Nú er verið að vinna að landnámi í Evrópu og Mið-Asíu með hinum ýmsu samstarfsaðilum í hverju landi og auðvitað stórum verkefnum í Kína.

Blaðamaður og útgefandi Icelandic Times hittu Hauk Harðarson á skrifstofu Arctic Green á Íslandi: „Sinopec Group hefur reynst afar öflugur og farsæll samstarfsaðili. Arctic Green leggur fram íslenska jarðvarmaþekkingu og árangurinn er framar vonum. Við höfum sýnt fram á getu okkar og gæði íslenskrar þekkingar. Jarðvarmi hefur sýnt sig vera lykilþáttur í orkuskiptum sem veröldin stendur frammi fyrir; spúandi reykháfar hverfa í borgum og jarðvarmi er áhrifaríkasta vopn alþjóðasamfélagsins í baráttu gegn mengun sem og fyrir loftlagsbreytingum," segir Haukur.

Haukur bendir á að um það bil helmingur af allri orkunotun heimsins sé til húshitunar. Borgir nota um 70% orku og húshitun er stærsti þátturinn. „Þegar við greinum, svo dæmi sé tekið, orkunotun dæmigerðs heimilis á norðurhveli jarðar þá kemur í ljóst að yfir 80% er til hús- og vatnshitunar. Ljós og hin ýmsu heimilistæki nota innan við 20% og umferðin 4%. Það gefur auga leið að það er risaverkefni að draga úr notkun kolefna við húshitun. Sérþekking Íslands er þar lykilatriði," segir Haukur.

ÍSLENSK FYRIRTÆKI ÚTILOKUÐ

Arctic Green Energy og samstarfsaðilar hafa fengið verkefnalán frá Asíska þróunarbankanum en þar sem Ísland er eina ríkið innan OECD sem er ekki meðlimur Asíska þróunarbankans þá geta íslensk verkfræðifyrirtæki ekki verið þátttakendur í verkefnum sem fjármögnuð eru af bankanum. „Þetta er undarleg staða og heldur samstarfsaðilum okkar – íslenskum verkfræðifirmum – utan verkefna sem við komum að í Asíu. Ég legg eindregið til að íslensk stjórnvöld leysi þennan hnút og styðji þannig íslensk verkfræðifirmu á alþjóðlegum markaði; stærsta jarðvarmamarkaði veraldar sem auðvitað er Asía," segir Haukur Harðarson.
-HH

ÍSLENSK JARÐVARMAÞEKKING NÝTIST KÍNA VEL

Viðtal við Guðna A. Jóhannesson, fyrrverandi forstjóra Orkustofnunar

Orkustofnun er til húsa á Grensásvegi sem fyrir fimmtíu árum var í útjaðri Reykjavíkur. Hún var stofnuð á sjöunda áratug 20. aldar þegar lengsta jökulfljót landsins, Þjórsá, var virkjuð. Virkjun Þjórsár ásamt álverinu í Straumsvík mörkuðu þáttaskil í atvinnuháttum Íslendinga; - iðnvæðing gerbreytti íslensku samfélagi og myndaði aðra meginstoð atvinnuhátta þjóðarinnar.

Orkustofnun var stofnun á vegum iðnaðarráðuneytisins sem nú er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Orkustofnun fer með stjórnsýslu og ráðleggur ríkisstjórn um orkunýtingu; vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir; aflar þekkingar á orkulindum landsins. Stofnunin annast stjórnsýslu og eftirlit með raforkulögum.

Skömmu eftir að Orkustofnun var stofnuð upp úr miðjum sjöunda áratugnum, var Ísland í miklum efnahagserfiðleikum eftir að síldin hvarf af Íslandsmiðum. Þúsundir landsmanna fluttu úr landi, einkum til Svíþjóðar en líka Kanada og Ástralíu. Ísland var þá undir verndarvæng Alþjóðabankans en er nú meðal ríkustu þjóða heims.

ÍSLAND Í FYLKINGARBRJÓSTI JARÐVARMA Í VERÖLDINNI

Forstjóri Orkustofnunar frá 2013 er Guðni A. Jóhannesson. Hann stundaði verkfræðinám í Svíþjóð og varð prófessor við Konunglega Tækniháskólann í Stokkhólmi. „Rannsóknir á íslenskum orkulindum bæði vatnsafls og jarðvarma hafa skipað stofnuninni í fylkingarbrjóst jarðvarmarannsókna og þekkingar í veröldinni undangengna þrjá áratugi," sagði Guðni A. Jóhannesson í samtali við Land & sögu.

„Orkustofnun hefur verið helsti ráðgjafi ríkisstjórna um nýtingu og þróun jarðvarma og ráðlagt sveitarfélögum, fyrirtækjum

Guðni A. Jóhannesson, director general of Orkustofnun
Myndir: Friðþjófur Helgason

og erlendum ríkisstjórnum um nýtingu jarðvarma," bætti hann við.

NÝJAR ÁSKORANIR Á NÝRRI ÖLD

Á nýrri öld hefur stofnunin breyst mikið við það að mæta nýjum verkefnum með nýjum raforkulögum þar sem raforku- og flutningi var skipt upp. Framleiðsla raforku og flutningur hennar eru nú algerlega á höndum raforkufyrirtækjanna og Landsnets; samkeppni ríkir nú á raforkumarkaði.

Gagngerð breyting á skipulagi Orkustofnunar tók gildi í ársbyrjun 1997. Tilgangur skipulagsbreytinganna var að aðskilja ráðgjöf til stjórnvalda og stjórnun á opinberu fé til orkurannsókna frá framkvæmd rannsóknanna. Rannsóknirnar voru eftir það stundaðar í orkurannsóknarhluta Orkustofnunar sem aftur skiptist í tvær sjálfstæðar rekstrareiningar; rannsóknasvið og vatnsmælingar. Hinn hluti stofnunarinnar, orkumálahlutinn, skiptist á hinn bóginn í auðlindadeild og orkubúskapardeild, auk Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna.

Frá 2003 hafa markvisst verið stigin skref til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði Orkustofnunar. Rannsóknarsvið var skilið frá og ný stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, varð til. Starfsemi Vatnamælinga var sjálfstæð eining og sameinuð Veðurstofa Íslands.

JARÐHITAHÁSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Frá árinu 1979 hefur Jarðhitaháskóli Sameinuðu þjóðanna verið starfandi en Guðni er stjórnarformaður skólans. Skólinn hefur verið rekinn sem sértök stofnun innan Orkustofnunar á grundvelli samnings við utanríkisráðuneytið og Jarðhitaháskólann í Tokyo í Japan sem stofnaður var árið 1975 að tillögu UThant þáverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Frá 2008 hefur skólinn hér á landi verið fjármagnaður af Íslendingum.

„Námsmenn alls staðar í veröldinni koma til náms. Íslensk jarðvarmaþekking er í fararbroddi svo gæði náms eru meðal þess besta sem gerist í heiminum. Um eitt hundrað kennarar með einstaka þekkingu kenna við skólann," segir Guðni. Í ársbyrjun 2020 tengdist Jarðhitaskólinn sjávarútvegs-, landgræðslu- og jafnréttisskólum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, í gegnum GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu Íslands.

„Árið 2015 var stjórnunarnámi bætt við skólann og sjálfbær markmið Sameinuðu þjóðanna um loftlagsmál tekin upp. Við höfum boðið stutt námskeið þjóðum A-Afríku og hafa um 60 manns, þar af 30 frá Kenýa tekið þátt. Kenya er í níunda sæti í veröldinni í framleiðslu jarðvarmaorku og nálgast Ísland hratt. Sama námskeið hefur verið í boði í El Salvador fyrir spænskumælandi þjóðir," segir Guðni.

SAMSTARF Í KÍNA

Íslenska jarðvarmafyrirtækið Arctic Green Energy var stofnað til að flytja út íslenska jarðvarmaþekkingu og leiðsögn til Asíu, einkum Kína. Samstarf Arctic Green Energy við stærsta fyrirtæki Kína, Sinopec Group, hefur verið afar farsælt. Saman stofnuðu þessi fyrirtæki Sinopec Green Energy sem nú er stærsta hitaveitufyrirtæki veraldar með 700 starfsmenn; 328 hitaveitur og nýtir yfir 500 borholur í 40 borgum í Kína; aðallega í héruðunum Hebei, Shaanxi, Shandong og Tianjin. Þannig hefur íslensk jarðvarmaþekking átt þátt í hljóðlátri byltingu í Kína. Sinopec Green tekur nú þátt í að byggja upp Ziongxian í útjaðri Peking; fyrstu sjálfbæru „grænu borg" Kína.

„Við erum afar stolt af hinu mikla starfi í Kína, stolt að hafa orðið að liði. Um 90 kínverskir sérfræðingar hafa fengið þjálfun í Jarðhitaskólanum. Kína hefur stórfelld áform um frekari uppbygging í 26 stórborgum Kína. Þar leikur íslensk þekking lykilhlutverk," sagði Guðni A. Jóhannesson. -HH

Samtal um samtímann

VIÐTAL VIÐ HARRY BILSON LISTAMANN

Texti Helga Kjartansdóttir

Harry Bilson (f. 1948) tekur á móti blaðamanni á vinnustofu sinni á Korpúlfsstöðum. Þetta er staður þar sem sköpunarkrafturinn ræður ríkjum, málverk standa á víð og dreif um rýmið, sem er bæði bjart og hátt til lofts. Frá útvarpinu streyma lágværir klassískir tónar og daufur reykelsisilmur fyllir loftið. Út um gluggann blasir Úlfarsfellið við. „Þetta er uppáhaldsvinnustofan mín til þessa," tilkynnir Harry mér um leið og hann réttir mér bolla með róandi tei og vísar mér til sætis í þriggja metra fjarlægð. Ég nota tækifærið og þakka honum fyrir að samþykkja að hitta mig á þessum síðustu og verstu tímum.

Talið berst óhjákvæmilega að Covid-19 faraldrinum sem nú skekur heimsbyggðina og Harry greinir mér frá því hvernig faraldurinn hefur haft áhrif á hann.

HARRY: Ég og konan mín eigum hund í Cornwall í Englandi sem bíður eigenda sinna. Að öðru leyti truflar samgöngubannið mig ekki, enda er ég ánægður á meðan ég get málað. Sú staðreynd að fólki virðist leiðast gerir mig í raun dapran vegna þess að nú er einmitt tækifærið til að gera allt það sem fengið hefur að sitja á hakanum. Sjálfur ætla ég að nýta tímann og rifja upp íslenskuna mína, því þrátt fyrir að ég eigi íslenska móður þá flutti ég fimm ára til Englands og missti íslenskuna fljótlega niður.

BLAÐAMAÐUR: Þú átt heimili bæði á Englandi og Íslandi, en hefur búið á fjölmörgum stöðum í heiminum í gegnum tíðina. Er það lífstíll hjá þér að flakka um heiminn?

HARRY: Nei, þetta æxlaðist bara svona og tengist því að ég hef verið starfandi listamaður í yfir fimmtíu ár. Ég hef ferðast og búið um víða veröld vegna vinnu minnar og það má því segja að heimurinn sé heimili mitt.

BLAÐAMAÐUR: Þú byrjaðir ungur að mála og ert í rauninni sjálfmenntaður í listinni, hvernig kom það til?

HARRY: Ég hef verið mjög heppinn að geta unnið eingöngu að listsköpun. Að vísu vildu foreldrar mínir ekki að ég yrði listamaður og hvöttu mig þess í stað til þess að læra hagfræði. Hugur minn stefndi þó í aðra átt. Í fyrstu gat ég ekki lifað af listinni einni saman og vann því ýmis verkamannastörf samhliða henni. Sum þessara starfa voru svo þreytandi að við lok vinnudags vildi ég frekar fara að sofa en að mála. Ég sýndi á ýmsum stöðum en það var einn ákveðinn staður sem veitti mér brautargengi og það var Bayswater Road í London. Þar safnaðist fólk saman á sunnudögum til þess að skoða málverk sem hengd höfðu verið á grindverk meðfram götunni. Þessi staður veitti mér tækifæri til þess að hitta fólk hvaðanæva að úr heiminum og skapa tengslanet. Hann opnaði einnig augu mín fyrir því að það þýðir ekki að bíða eftir því að aðrir komi til þín, heldur þarft þú að teygja þig til annarra.

BLAÐAMAÐUR: Hvernig myndir þú lýsa þinni eigin list?

HARRY: Ég hef gert ýmsar tilraunir með stíla og farið allt frá ofurraunsæi til abstraktlistar. Ég býst við að ég sé þekktur fyrir ákveðinn stíl í dag, en ég er ekki bundinn honum. Ég mála fyrst og fremst það sem ég hrífst af eins og andstæðum í litum og óvenjulegum myndbyggingum; ásamt því að húmorinn er aldrei langt undan. Í mínum huga er merking ekki eitthvað sem listamaðurinn miðlar til áhorfandans og þar við situr. Þvert á móti hef ég lært að fólk túlkar verkin mín á svo mismunandi hátt að mig hefði aldrei getað órað fyrir því. Í gegnum tíðina hef ég aftur á móti tileinkað mér að vanda titlana á verkum mínum og eru þeir oftar en ekki tvíræðir. Ég legg áherslu á titla vegna þess að ég sé þá sem mikilvægan hlekk á milli verksins, áhorfandans og mín sjálfs.

Harry sýnir mér nokkur nýleg verk, en það er nýjasta myndin hans sem fangar athygli mína. Hún ber nafnið The Quarantree og sýnir dökkt tré í náttúrunni. Ef vel er að gáð má sjá tvo svartþresti á toppi trésins í nákvæmlega ráðlægðri tveggja metra fjarlægð frá hvor öðrum.

HARRY: Það er ekki ætlun mín að særa neinn með þessu verki. Hins vegar hefur það ávallt gagnast mér að fást við slæma hluti með því að setja þá í kómískt samhengi. Eins undarlega og það kann að hljóma, þá kann það sem er að gerast í heiminum í dag að vera það að náttúran sé að taka stjórnina af höndum okkar vegna þeirra óganga sem við stefnum í með allri þessarri ofgnótt í framleiðslu á óþarfa hlutum.

BLAÐAMAÐUR: Náttúran hefur vissulega notið góðs af ýmsum viðbrögðum stjórnvalda við faraldrinum, eins og til dæmis minnkandi flugsamgöngum.

HARRY: Já því, en einnig öllu sem viðkemur framleiðni eins og mengandi iðnaði. Það er áhugavert að hugsa til þess að töluvert hefur dregið úr hnattrænni hlýnum á þessum stutta tíma.

Það var bandarískur vísindamaður að nafni Carl Sagan sem bað Nasa um að

láta Voyager gervihnöttinn taka ljósmynd af jörðinni á ferð sinni að ystu mörkum sólkerfisins. Þetta var snilldarhugmynd þar sem þessi ljósmynd sýnir okkur svart á hvítu hversu lítilvægleg jörðin er í stóra samhenginu og það sama má segja um mannkynið.

BLAÐAMAÐUR: Hugsanlega er það hugmyndin um að maðurinn sé yfir náttúruna hafinn og eigi þar af leiðandi að nýta hana eftir eigin geðþótta sem er að gera út af við jörðina. Við þekkjum þó ekki náttúruna eins vel og við viljum vera láta.

HARRY: Vandamálið er vissulega einnig tengt hugmyndinni um mikilvægi okkar. Mikilvægi sem er til staðar þrátt fyrir að við höfum lítið vægi í hinu kosmíska samhengi. Allt er jafn mikilvægt og allt er samtengt. Sumt fólk á fáránlega mikið af peningum eða heldur að það sé mikilvægara en aðrir og kemur jafnvel fram við annað fólk í samræmi við það. Raunin er sú, að allt fólk hefur sama vægi. Vonandi munu þessir erfiðu tímar verða til þess að fólk átti sig betur á þeirri staðreynd.

Tími okkar Harry er á þrotum og ég verð að viðurkenna að þegar ég kveð hann, þá örlar fyrir örlítilli von í hjarta mínu um að eftir heimsfaraldurinn skapist tækifæri til þess að byggja heim sem er í betra jafnvægi við náttúruna. Að minnsta kosti er ég sannfærð um að listræn hugsun muni fleyta okkur í áttina þangað.

Fyrir þá sem vilja kynna sér verk eftir Harry þá má nálgast þau á heimasíðunni hans http://www.bilsondirect.com. Verkin eru til sölu í Reykjavík í Gallerí Fold á Rauðarárstíg.

VIÐTAL VIÐ HARRY BILSON LISTAMANN

HINN MARGSLUNGNI WILLIAM MORRIS

Opnunarávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra á sýningu á verkum William Morris á Kjarvalsstöðum 1. júlí 2019.

Katrín Jakobsdóttir

HEIL OG SÆL ÖLLSÖMUL!

Það er ekki heiglum hent að kenna presti að lesa postilluna eins og skáldið sagði. Og þó er ég einmitt sett í það hlutverk í dag hérna frammi fyrir ykkur sem sérleg áhugamanneskja um William Morris án þess að geta talist beinlínis mikill viskubrunnur um hvaðeina sem varðar William Morris enda var hann margslunginn maður sem kom víða við. Í stað þess að þykjast vera sérfræðingur þá ætla ég að velta því fyrir mér hvað ég myndi segja við þennan áhugaverða og áhugasama náunga ef ég rækist á hann á næsta götuhorni.

Hvað mundi ég til dæmis ræða við hann yfir borgara og fröllum á Hamborgarapaprikunni, eins og krakkarnir segja. Ef marka má vinsælustu seríurnar á Netflix undanfarin misseri – þar sem tímaferðalög virðast ekkert tiltökumál – er það ekkert langsótt hugmynd. Víst er að Morris hefði ekki slegið hendinni á móti þeim möguleika því forvitnin var honum alltaf leiðarljós í lífinu. Bók hans, News from Nowhere, fjallar einmitt um mann sem vaknar í framtíðinni eftir langan svefn.

ÞÝÐING ÍSLENDINGASAGNA

Ég er viss um að við Morris hefðum um margt að skrafa. Við yrðum auðvitað dálítið slegin í fyrstu, Morris yfir því að vera kominn fram á þessa undarlegu öld, ég yfir því að hitta svona merkilega sögulega persónu. Morris mundi líklega láta það verða sitt fyrsta verk að forvitnast um hvernig Íslandi hefði reitt af frá því hann þekkti hér til á árunum upp úr 1870. Og þar sem hann var sérstakur áhugamaður um gömlu íslensku bændamenninguna þá mundi hann líklega spyrja um hvernig hún dafnaði í nútímanum.


William Morris
(24 March 1834 – 3 October 1896)

Ég yrði að viðurkenna fyrir honum að hún hefði að vísu nokkuð látið undan síga. Hins vegar stæði áhuginn á fortíðinni í miklum blóma, bæði hér heima en ekki síður erlendis. Ég gæti í leiðinni þakkað Morris fyrir sinn þátt í því en hann átti drjúgan hluta að máli í því að þýða Íslendingasögurnar yfir á ensku. Og um leið myndum við ræða nýjar nálganir í rannsóknum á miðöldum og miðaldabókmenntum.

Svo myndum við auðvitað skiptast á skoðunum um mikilvægi þess að varðveita söguleg hús eða hafnargarða en Morris stofnaði 1877 félagið Society for the Protection of Ancient Buildings. Ég gæti sýnt honum ýmis góð dæmi úr Reykjavík frá síðastliðnum árum um hús sem hafa verið vernduð eða endurreist en yrði samt fyrst til að viðurkenna að svo sannarlega hefði ekki tekist að bjarga öllu sem vert hefði verið.

SKAPANDI GREINAR OG HANDVERK

Fleira hlyti að bera á góma á þessum ímyndaða fundi með Morris. Við gætum til dæmis rætt um mikilvægi hinna skapandi greina í atvinnulífinu, bæði fyrir hagsæld okkar og menningu. Morris hafði nefnilega djúpan skilning á mikilvægi góðs sambands listamanna og hönnuða við atvinnurekstur enda starfaði hann lengi sjálfur að hvoru tveggja. Hann væri jafnvel vís með að leggja til góð ráð um hvernig best væri að bera sig að við nýsköpun á þessu sviði. Á móti gæti ég kannski kynnt fyrir honum helstu hugtök á þessu sviði í nútímanum: startup, viðskiptahraðall, tengslanet, sprotafyrirtæki, frumkvöðlastarf. Allt hugtök sem tengdust Morris nánum böndum þótt þau hefðu ekki verið til á hans tíma. Maður gæti jafnvel hent inn sæstreng og orkupakka svona í leiðinni.

Við gætum líka skvaldrað um uppgang og þróun handverks og hönnunar á síðustu árum á Íslandi. Um hvernig menn eru í auknum mæli að hverfa aftur til hins heimagerða og lífræna og einstaka á kostnað þess fjöldaframleidda. Það mundi gleðja Morris mjög að frétta að frumleiki og gott handverk á aftur upp á pallborðið í heiminum.

KARLINN Á KASSANUM

Ég mundi sjálfsagt líka vilja ræða við Morris um lýðræðið og mikilvægi þess að láta rödd sína heyrast. Morris átti það nefnilega til sjálfur að flytja pólítískar hugvekjur upp á trékassa á götuhornum Bretlands. Það er svo góð spurning hvort honum þætti samt mikið til kommentakerfanna fjölmiðlanna koma eða hvort hann væri ákafur Feisbúkkari. Sem karlinn á kassanum léti hann þó pottþétt ljós sitt skína á Twitter. Hashtag #morris. Hashtag #alræðifegurðar.

Ég held að Morris yrði ekki lengi að skilja þungann í umræðu nútímans um mikilvægi endurvinnslu og sjálfbærni. Hann mundi deila áhyggjum mínum af þeim hættum sem heiminum stafar af offjölgun andspænis aukinni sóun og sæi að slíkt fyrirkomulag getur ekki gengið til lengdar.

Hann mundi líka vafalaust mæla með því að farið yrði hægt í sakirnar í því að ganga á náttúruauðlindir og að náttúran þyrfti alltaf að njóta vafans andspænis stóriðju. Hagmunir komandi kynslóða yrðu alltaf að ganga framar skammtímahagsmunum.

Yfir eftirréttinum (sem gæti verið Freyjukaramellukókosbollusjeik ef við erum enn á Paprikunni) mundi ég segja honum frá bókum Tolkiens og kvikmyndunum sem Peter Jackson gerði upp úr þeim. Hlutur Morrisar er ekki lítill í því samhengi því þýðingar hans á Íslendingasögunum opnuðu Tolkien leið inn í hinn íslenska sagnaheim sem hafði alla tíð mikil áhrif á frásagnarform hins mikla sagnasnillings. Kannski mundi ég líka sýna honum stikluna úr Game of Thrones á jútjúb, sem er angi af sama meiði, og e.t.v. spyrja: What is west of Westeros? Morris veit eins og við öll að svarið við því getur aðeins verið Ísland (Færeyjar, Grænland og nýi heimurinn)!

Chrysanthemum

Strawberry Thief, 1883.
The William Morris Society

Honeysuckle, 1876. The William Morris Society

HITTI JÓN SIGURÐSSON

Og af því að ég er íslenskufræðingur gæti ég ekki látið hjá líða að hlýða honum yfir beygingu óreglulegra sagna (valda-ollium-valdið) í íslensku sem hann lærði forðum daga hjá Eiríki Magnússyni fyrir 150 árum. Mig grunar að hann muni það jafnvel betur en ég sjálf. Í Dagbók Morrisar skrifuð í Reykjavík 1871 segir: „Seinna fór ég með Eiríki [Magnússyni] til að hitta nokkra af vinum hans. Sá minnisverðasti var Jón Sigurðsson, forseti Alþingis, menntamaður, sem ég kannaðist vel við vegna útgáfu hans á fornsögunum. Hann virtist vera feiminn lærdómsmaður, og ég talaði við hann af íslenzku af öllum mætti.“ Það er ekki ónýtt fyrir Jón okkar Sigurðsson að eiga eftirmæli eftir sjálfan Morris!

Að lokum, ef svo skemmtilega vildi til að þetta samtal færi fram 24. mars, fengi Morris auðvitað að velja sér óskalag á Fabrikkunni eins og önnur afmælisbörn. Við gefum okkur að hann velji íslenskt – af því hann er nú staddur í okkar nútíð – en hvort skyldi hann nú velja, Bubba eða Bó? Nú eða Hatara?

Góðir gestir. Það er mér heiður að opna þessa sýningu sem er sú fyrsta hérlendis sem gerir fjölbreyttum ferli Morris skil.

Aukinn áhugi á Færeyjum

Atlantic Airways sjá vaxtartækifæri á Íslandi

Flugfélag Færeyinga, Atlantic Airways, fagnaði 30 ára afmæli sínu árið 2018 og hefur floti þess vaxið svo um munar á síðustu árum enda er það þekkt í dag sem alþjóðlegt flugfélag. Félagið sem rekur þyrluþjónustu samhliða fluginu þjónar fjölda farþega bæði innanlands og utan og hefur nú á prjónunum áætlanir er varða Ísland á komandi ári, 2022.

Stofnun flugfélagsins á þeim tíma var hugsuð til að byggja upp færeyska flugþjónustu í atvinnuskyni og tryggja að Færeyjar hefðu loftbrú við umheiminn. Samkvæmt forstjóranum, Jóhönnu frá Bergi, hefur aðalstarfsemi þeirra miðast við tengingu Færeyja við umheiminn, tengingu við Ísland auk tíu mismunandi áfangastaða, Kaupmannahafnar, Billund, Álaborgar, Edinborgar, Keflavíkur, Oslóar og Parísar er flogið allt árið, og árstíðabundið til Barcelóna, Mallorka og Kanaríeyjanna.

Jóhanna á Bergi Forstjóri Atlantic Airways

Mikilvæg tenging við Ísland

Atlantic Airways hafa sterk tengsl við Ísland og sjá frekari vöxt í þeim efnum á næstunni. „Við stefnum á daglegt flug til Íslands vegna mikils áhuga, og hlökkum til að gjalda Íslendingum líkt, kynna þeim menningu okkar og náttúru," sagði Jóhanna.

Framtíðarplön

Áætlað hafði verið að styrkja tengslanetið á árinu 2020, en vegna Covid gekk það ekki eftir. „Eins og hjá svo mörgum fóru þær áætlanir sem gerðar höfðu verið fyrir árið 2020 í bið, en við horfum björtum augum til ársins 2022 – það verður okkar 2020," segir Jóhanna brosandi. „Við höldum áfram að skoða hvað kemur Færeyjingum best hvað varðar flug og þjónustu erlendis, auk þess hvað við sem þjóð getum boðið gestum okkar upp á árið 2022. Við sjáum fyrir okkur að hafa starfsemi MICE að fyrirmynd, laða að viðskiptamenn, þá sem vilja halda ráðstefnur eða tónlistarviðburði. Háannatími okkar er frá júlí til september, en okkur þætti gott að hafa meira jafnvægi á há- og lágannatímabilum og á lágannatímum gætu ráðstefnur eða tónlistarhald ef til vill komið meira inn í."

Stöðugur vöxtur

Farþegafjöldi Atlantic Airways hefur aukist jafnt og þétt í áranna rás, en eins og áður sagði var árið 2018 hið þrítugasta í rekstrinum – með yfir 300.000 farþega. Metfjölda í raun eða 10% aukningu frá árinu á undan enda telur Jóhanna aukinn áhuga vera á Færeyjum, svo og á Norðurlöndunum sem eigi bara eftir að aukast. -JG

Atlantic Airways
Vagar Airport, FO-380 Sorvagur
Faroe Islands
+298 34 10 00
booking@atlantic.fo

SÉRSTAKT SAMBAND

Ísland og Færeyjar deila sterkum menningar- og viðskiptahagsmunum

Halla Nolsøe Poulsen

Færeyjar og Ísland hafa átt náið samband í áratugi. „Sambandið nær aftur áratugi," sagði Halla Nolsøe Poulsen, sendiherra Færeyja á Íslandi. „Margir Færeyingar fóru til Íslands til að vinna í sjávarútvegi og dvöldu í marga mánuði í senn. Margir urðu ástfangnir og fundu sér íslenskan maga og settust að á Íslandi. Það leiddi að hluta til þess sterka sambands á milli landanna."

Það eru ótal dæmi um tengsl Færeyja og Íslands. „Í hvert skipti sem kreppa hefur verið á Íslandi tóku Færeyingar sig til og reyndust vera vinir í neyð," sagði Halla. „Þegar kreppan skall á árið 2008 gáfu Færeyingar Íslandi sitt fyrsta lán. Þetta var mjög gott merki um bræðralag þjóða." Annað dæmi er þegar skriða féll í Súðavík fyrir mörgum árum og eyðilagði nokkur hús. „Færeyingar söfnuðu peningum til að hjálpa við endurbyggingu leikskólans í bænum," sagði hún. „Það hafa alltaf verið náin tengsl á milli okkar og vilji til að hjálpa þegar mögulegt er."

„Íslendingar eru góðir í að upphefja okkur í stærri heimsmálum," sagði Halla. „Þegar við tölum um norrænt samstarf vilja Færeyingar hafa fulla aðild og Ísland hefur alltaf stutt þann metnað. Aðrar þjóðir myndu segja að það þyrfti að ræða við Dani og myndu ekki taka afstöðu, en við höfum alltaf notið stuðnings Íslands." Hin árlega Arctic Circle ráðstefna er annað dæmi. „Fyrrum forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur tekið okkur opnum örmum og bent á að Færeyingar ættu að eiga erindi á Arctic Circle, vera með í stefnumótun og umræðu um norðurslóðamál."

Samband sem nær til viðskipta

Ísland og Færeyjar hafa einnig sterk viðskiptatengsl. „Árið 2006 skrifuðum við undir fríverslunarsamning við Ísland sem kveður á um að ekki megi mismuna löndunum," sagði Halla. „Það var ástæðan fyrir því að við opnuðum sendiskrifstofu í Reykjavík og Ísland er fyrsta og eina þjóðin sem hefur sendiherrastöðu í Færeyjum.

Í nýrri skýrslu utanríkisráðuneytisins eru góðar tillögur um hvernig styrkja megi viðskiptatengsl landanna. „Núverandi tölur sýna að Ísland flytur út meira af varningi til Færeyja en Færeyjar til Íslands. Mest er flutt út af fiski, en einnig einhverjar iðnaðarvörur, lambakjöt og kindakjöt," sagði hún. „Færeyjar eru næststærsti markaðurinn fyrir íslenskt lambakjöt og kindakjöt á eftir Bretlandi." Hér má þó gera margt betur. „Það þarf að vera meira vöru- og þjónustuflæði til Íslands og þar eru miklir möguleikar til úrbóta. Nokkrar augljósar greinar til samstarfs eru ferðaþjónusta og fiskeldi," sagði Halla. Þar gefst tækifæri til að efla samstarf í ferðaþjónustunni. „Við sáum í heimsfaraldrinum að áhuginn jókst í nágrannalöndunum, Færeyjar geta verið framlenging á innanlandsmarkaði," sagði hún og bætti við að eftir sumarferðalag innanlands á Íslandi hefðu margir Íslendingar áhuga á að heimsækja Færeyjar sem sína fyrstu utanlandsferð, eftir að faraldurinn hófst. Aukin ferðalög myndu auka enn frekar samband beggja þjóða. -JG

Ljósmyndari Páll Stefánsson

FÆREYJAR
LÍTIL ÞJÓÐ MEÐ STÓRT HJARTA

Færeyjar eru þyrping 18 eyja í Norður-Atlantshafi. Landið er sjálfstjórnarsvæði Danmerkur og liggur mitt á milli Íslands og Skotlands

Há fuglabjörg, gömul hús og kindur er mögulega eitthvað sem fólki dettur í hug þegar það hugsar um Færeyjar. Enda eru fleiri kindur á eyjunni en fólk. Fyrir nokkrum árum hófu Visit Faroe Islands og Atlantic Airways herferð sem kallast „Sheep View“ til að biðja Google um að hafa Færeyjar með í Google Street View. Herferðin virkaði og þú getur enn skoðað Sheep View á YouTube.

Sjálfbærni er mikilvæg

Guðríð Højgaard, framkvæmdastjóri Visit Faroe Islands, segir að á undanförnum árum hafi þau lagt áherslu á sjálfbærni. „Sjálfbærni er okkur mikilvæg og mikilvæg fyrir framtíð Færeyja.“ Það er margt sem þarf að skoða, en eitt af því vinsælasta sem þau hafa gert er að loka vinsælum ferðamannastöðum yfir helgi vegna viðhalds. Sjálfboðaliðar sækja um að fá að taka þátt og eru um 100 valdir til að taka þátt. Lokað vegna viðhalds var frestað á síðasta ári vegna Covid-19, en var haldið í september 2021.

Guðríð Højgaard

Einn af uppáhaldsstöðum Højgaard í Færeyjum er þorpið Tjørnuvík á Streymoy. Það er staðsett í djúpum dal og eru engin önnur þorp í sjónmáli. Frá Tjørnuvík er frábært útsýni yfir skerin Risin og Kellingin. Þórshöfn er höfuðborgin og þar býr meirihluti íbúa. Þórshöfn hefur allt sem borg hefur upp á að bjóða. Allt frá frábærum hótelum og veitingastöðum til fallegra húsa, safna og fataverslana.

Aðrir spennandi staðir til að skoða eru Húsavík, Tinganes, Vestmanna-fuglabjörgin og Gásadalur, þar sem fallegi fossinn Múlafossur er. Þetta er auðvitað ekki tæmandi listi og við mælum með því að skoða visitfaroeislands.com til að fá frekari upplýsingar um hvað á að sjá og gera á eyjunum.

Að ferðast til Færeyja

Það eru engar lestar í Færeyjum eins og á Íslandi en vegakerfið er frábært. Þú getur ferðast með bílaleigubíl, rútu eða jafnvel hjólað. Ef þig langar að gera eitthvað öðruvísi geturðu farið í þyrluferð.

Til að komast til Færeyja er annað hvort hægt að fljúga eða taka ferjuna. Frá Keflavíkurflugvelli er aðeins klukkutíma langt flug. Það er hægt að fljúga frá Kaupmannahöfn, París, Edinborg og Bergen. Ferjan Smyril Line, sem er í eigu Færeyinga, siglir á milli Íslands og Danmerkur. -HDB

GLÆSILEG ÍSLENSK SKARTGRIPAHÖNNUN

Hendrikka Waage, hönnuður, kynnir skartgripi og list

Hendrikka Waage er hönnuður afar glæsilegrar skartgripalínu, Baron, sem samanstendur af hringum, eyrnalokkum og hálsmenum. Fínleg en jafnframt flókin smáatriði silfurs og gulls í bland við smágerða steina eru áberandi við hönnunina og gefa tígulegt yfirbragð, enda skartgripirnir ætlaðir nútímalegum og fáguðum konum. Við hönnun Baron línunnar leitaði Hendrikka innblásturs í fjölskyldusögu sína og þá helst erfðagrips, karöflu, sem hefur gengið á milli margra kynslóða. Karaflan var í eigu athafna og tónlistarmannsins Baron Charles Francois Xavier Gauldree Boilleau, sem bjó á Íslandi um aldamótin 1800. Líkt og barónninn sjálfur er hönnunin sveipuð fínlegri dulúð sem og tignarleika.

Að sækja innblástur frá heiminum

Verandi íslensk, fædd og uppalin í Reykjavík, er Hendrikka vön náttúrufegurð hins kröftuga, fallega og andlega umhverfis Íslands. En verk hennar og stíll takmarkast ekki við Ísland. Það mætti frekar segja að hönnun hennar væri undir áhrifum þeirra landa þar sem hún hefur búið og starfað, þar á meðal Rússlands, Japan og Bandaríkjanna. Sem stendur ver Hendrikka tíma sínum milli Íslands og Englands. Hún elskar ensku sveitina jafnt sem hina klassísku borg London, sem nú er heimili hennar. „England er heimili mitt, það er þar sem ég bý, en Ísland er alltaf í hjarta mínu enda eru rætur mínar þar, "segir Hendrikka.

Frumraun nýrrar listar

Auk töfrandi skartgripa sinna hefur Hendrikka málað röð portretta með kröftugum skilaboðum. Verkin eru andlitsmyndir kvenna sem eiga það sameiginlegt að hafa aðeins eitt eyra. „Mótífið er opið fyrir túlkun, en ein túlkunin er sú að í heimi nútímans, með innstreymi upplýsinga sem koma úr öllum áttum, þarftu ekki að hlusta á allt," sagði Hendrikka. Andlitsmyndirnar heiðra þannig konur sem hafa farið sína eigin leiðir í lífinu frekar en að fylgja þeim hefðbundnu. „Í rauninni má segja að mótífið sé opið fyrir takmarkalausa möguleika túlkunnar frá einum áhorfanda til þess næsta," sagði hún.

Skapandi bakgrunnur

Hendrikka hefur lært teikningu og málun um ævina, innblásin af móður sinni sem nú er látin, en málaði einnig frá unga aldri. „Heimili okkar var mjög listrænt. Ég byrjaði sem skartgripahönnuður svo allt sem viðkemur hönnun og sköpun hefur verið mér eðlislægt, "segir Hendrikka. „Ég byrjaði að mála þessar persónur sem ég kalla„ Dásamlegar verur "eftir nám í London Academy of Arts, þar sem kennarinn minn sagði að málverkin mín væru í stíl ólíku nokkru öðru og hvöttu mig því til að fylgja þeim eftir." Hendrikka notar marga líflega liti þar sem hún trúir því að ríkir litir auðgi líf okkar. Hún notar blandaðan miðil olíu, olíupastel og jafnvel grafík í verkum sínum.

Breikkar viðskiptasvið sitt

Í gegnum tíðina hefur Hendrikka fengið afar jákvæðan fréttaflutning í öllum helstu tísku- og lífsstílstímaritum í Bretlandi, þar á meðal Vogue, Elle, Glamour og Hello. Í samvinnu við hönnunarmerkið Kötlu, kynnir Hendrikka með stolti takmarkað upplag og ávöxt samvinnu þeirra - Katla X Hendrikka - af „Wonderful Beings" bolum og hettupeysum, einungis til sölu á katla.com. Peysurnar og bolirnir standa fyrir valdeflingu kvenna um allan heim. -JG

Ljósmyndir og texti: *Páll Stefánsson*

VATNSBERI ÁSMUNDAR

Við gatnamót Lækjargötu og Bankastrætis í hjarta Reykjavíkur stendur Vatnsberinn eftir Ásmund Sveinsson. Þegar Reykjavíkurborg kaupir styttuna árið 1948, átti styttan að standa þar sem hún er núna. Hlutust af miklar deilur, mörgum smáborgurum höfuðstaðarins fannst styttan forljót, og ekkert varð af því að styttan færi upp. Árið 1967, er hún steypt í brons og komið fyrir í Littluhlíð í Öskjuhlíð, fjarri allri umferð, styttan var einfaldlega falin. Það var ekki fyrr en fyrir tíu árum, 2011 sem styttan er flutt á núverandi stað, að tillögu Listasafns Reykjavíkur. Þarna á gatnamótunum stóð einmitt síðasti brunnur Reykjavíkur. Höggmyndarinn Ásmundur Sveinsson (1893-1982) var einn af frumkvöðlum íslenskrar myndlistar. Í byrjun ferilsins mættu verk hans iðulega andstöðu, með tímanum hefur hann fest sig í sessi sem einn stærsti og ástsælasti listamaður þjóðarinnar.

FRANSKA GATAN Í REYKJAVÍK

Frakkastígur er ein af fallegri götum miðborgarinnar, þar sem hún liggur í norður frá Skólavörðustíg / Hallgrímskirkju og niður að sjó. Við sitthvorn enda götunnar eru listaverk, styttan af Leifi Eiríkssyni stendur efst á Skólavörðuholtinu, og Sólfar Jóns Gunnars Árnasonar stendur í fjörunni við Sæbraut. Verkið bar sigur úr býtum í samkeppni um útilistaverk í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar árið 1986. Verkið var vígt árið 1990. Frakkastígur dregur nafn sitt af frönskum timburhúsum sem voru flutt frá Austurstræti árið 1901, þegar gatan varð til. Neðst á Frakkarstíg reistu frönsk útgerðarfélög spítala árið 1902, þar er nú starfræktur tónmenntaskóli. Á árunum 1830 til 1914 sóttu Frakkar mikið á íslandsmið til þorksveiða. Talið er að um 4000 franskir sjómenn hafi misst lífið við þessar veiðar á þessari tæpu öld sem þeir voru hér.

Í FRIÐI OG RÓ

Það var fyrir 183 árum, árið 1838 þegar fyrsti einstaklingurinn, Guðrún Oddsdóttir fædd 1780 var lögð til hvílu í nýjum kirkjugarði í Reykjavík, Hólavallargarði. Hún er vökukona, verndari þessa fallega kirkjugarðs í vesturborginni. Björn Th Björnsson listfræðingur kallaði garðinn „stærsta og elsta minjasafn Reykjavíkur“ . Garðurinn sem var tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2005, er ótrúleg heimild um list- og táknfræði, ættfræði, stefnur í byggingarlist, handverk og garðyrkju þjóðar sem var að verða til. Árið 1932 var búið að úthluta nær öllum gröfum í garðinum og tekur þá Fossvogskirkjugarður við sem aðal kirkjugarður höfuðborgarinnar.

VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN

Það var þann 19 apríl 1919 sem bannað var að skjóta fugla á Tjörninni. Tjörnin hefur síðan verið griðland fugla, en þar stoppa við hátt í fimmtíu fuglategundir til lengri eða skemmri tíma. Þar af eru sjö andartegundir sem verpa í og við Tjörnina. Auk þess verpa bæði álft og kría við þetta litla stöðuvatn í hjarta Reykjavíkur. Mávar, þá sérstaklega sílamávurinn er mjög áberandi á haustin. Tjörnin er grunnt gamalt sjávarlón, og lokaðist af með malarifi fyrir um 1200 árum, um það leyti sem Ísland byggðist. Elsti hluti Reykjavíkur, Kvosin stendur á þessu malarifi. Lækurinn sem rennur úr Tjörninni rennur undir Lækjargötunni, og í sjó fram í Reykjavíkurhöfn.

HJÓLAÐ Í HÁSKÓLANN

Nemendur í Háskóla Íslands eru nú 15.725, og hefur fjölgað um tæp fjögur þúsund á síðustu tveimur árum. Í grunnnámi eru 9.542, síðan eru 4.152 í framhaldsnámi, 2.122 í viðbótarnámi á meistarastigi og 680 eru í doktorsnámi. Ekki hafa jafn margir stundað nám í Háskóla Íslands frá því hann var stofnaður árið 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar Forseta. Frelsishetju íslendinga til sjálfstæðis frá Danaveldi. Fyrsta skólaárið, 1911-1912 stunduðu 45 nemendur háskólanám við skólann, þar af ein kona. Nú 110 árum síðar eru tveir þriðju af nemendum háskólans konur, rúmlega tíu þúsund konur á móti fimm þúsund körlum. Háskóli Íslands skiptist í fimm fræðasvið, Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Það voru margir sem nýttu sér milda veðrið í morgun og hjóluðu í vinnuna eða skólann eftir hjólastígunum í Fossvogi, eins og þessi háskólanemi á leið í fyrirlestur.

VIÐEY VIÐ REYKJAVÍK

Viðey sem liggur 600 m / 1968 ft norðan við Laugarnesið í Reykjavík, var öldum saman talin ein af bestu bújörðum Íslands. Þar bjuggu höfðingjar og menntamenn, og ein elstu hús landsins Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa byggð milli 1753 og 1774, hýsti heldri fjölskyldur landsins er nú opin almenningi. Þar er nú veitingastaður. Öll eyjan sem er 1,7 km2 / 0,66 mi2 að stærð og rís hæst 32 m / 105 ft yfir sjáv¬ar¬máli, er útivistarsvæði í eigu Reykvíkinga. Æðarfuglinn er algengasti fugl eyjarinnar, en alls verpa um 30 fuglategundir í Viðey. Í Viðey eru tvö útilistaverk eftir heimsþekkta listamenn, Áfangar eftir Richard Serra sett upp 1992, og Friðarsúlan til minningar um John Lennon eftir Yoko Ono frá árinu 2007. Yfir vetrarmánuðina eru ferðir út í Viðey, nokkrum sinnum á dag, en einungis um um helgar.

MJÖG STERK TENGSL MILLI ÍSLANDS OG GRÆNLANDS

Löndin deila mörgum sameiginlegum hagsmunum

Tove Søvndahl Gant

Grænland og Ísland hafa átt sterk tengsl í áratugi og deilt sameiginlegum hagsmunum á sviði menningar og viðskipta. „Við höfum mjög gott samband við Ísland," sagði Tove Søvndahl Gant, sendiherra Grænlands á Íslandi. „Við eigum margt sameiginlegt, þar á meðal landfræðilega staðsetningu okkar, hátt í norðanverðu Atlantshafi. Þar sem við erum báðar norðurskautsþjóðir, höfum við einnig hlutverk í norrænu samstarfi og þar sem við getum unnið náið saman."

Gagnkvæmir viðskiptahagsmunir

Þjóðirnar eiga í góðu samstarfi þegar kemur að fiskveiðum og sameiginlegum kvóta, sem og að halda fiskveiðunum sjálfbærum. „Þetta eru gildi sem við deilum," sagði Tove og bætti við að það væru mörg tækifæri þar sem löndin tvö gætu unnið frekar saman. Þann 23. september undirrituðu Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, og Pele Broberg*, utanríkis-, iðnaðar-, viðskipta- og loftslagsráðherra á Grænlandi, sameiginlega yfirlýsingu. „Þessi skýrsla, „Samstarf Grænlands og Íslands á hinum nýju norðurslóðum" og þær fjölmörgu tillögur sem í henni eru segja okkur að við getum eflt samstarf okkar enn frekar," sagði Tove.

Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á hlutverk Grænlands og Íslands í tengslum við loftslagsbreytingar á norðurslóðum og skýrslan leggur traustan grunn að greiningu á frekara samstarfi. Vitnað er til aukinnar vöru- og þjónustuviðskipta milli Grænlands og Íslands á undanförnum árum og að beint flug milli þjóðanna hefjist að nýju. Aukin samvinna í sjávarútvegsmálum og vilji til að efla enn frekar samstarf landanna á þessu sviði eru einnig nauðsynleg.

Flug hefjast á ný

Ísland og Grænland hafa átt frábært samstarf innan ferðaþjónustunnar en heimsfaraldurinn hefur sett ýmislegt á ís. „Margt hefur stöðvast meðan á Covid-faraldrinum stóð," sagði Tove. „Flugfélög sem þjóna austurströnd Grænlands hafa verið okkur mjög mikilvæg og það var beint flug til áfangastaða eins og Ilulissat og Narsarssuaq á sumrin og við vonum það hefjist aftur," sagði hún. Flug og vöruflutningar hjálpa til við að flytja vörur milli Evrópu, Íslands og Grænlands, sem er lykillinn að samvinnu.

Einnig þurfti að stöðva menningarframtök. „Í morgun fékk ég heimsókn frá samtökum sem halda skákmót og þau vonast til að halda starfseminni áfram," sagði Tove. „Einnig færir sundnámskeið börn frá Austur-Grænlandi í sundþjálfun til að æfa í sundi. Þetta eru mikilvægar tegundir athafna vegna þess að þetta er fólk sem þarf á hvor öðru að halda - íþróttamenn, listamenn, kvikmyndagerðarmenn, kórar, tónlistarmenn. Menningartengsl íslensku og grænlensku þjóðanna eru sterk".

Hringborð Norðurslóða

Hringborð Norðurslóða (Arctic Circle) er mikilvægur vettvangur fyrir Grænland til að geta komið sínum málefnum á framfæri. „Þar sem Hringborð Norðurslóða kemur saman stjórnvöldum, vísindamönnum, viðskiptaleiðtogum og vísindamönnum er þetta vettvangur þar sem við getum komið okkar málefnum á framfæri á eigin forsendum," sagði Tove. „Það gerir okkur kleift að tala um mörg mál, loftslagsmál þar á meðal."

Ísland er styður Grænland og ber virðingu fyrir því að það sé ekki sjálfstætt ríki. „Annars vegar styður Ísland sjálfstæða rödd okkar, en þeir viðurkenna að Grænland er hluti af danska konungsríkinu og þeir fara ekki fram úr reglum diplómatíu," sagði Tove.

-JG

*Forsætisráðherra Grænlands, Muté B. Egede, sér nú um utanríkismálasvið landsins eftir endurskipulagningu.

FRÁ BÍLDUDAL TIL GRÆNLANDS

Hjörtur Smárason er nýr ferðamálastjóri Grænlands þar sem allt er stórbrotið. Hlekkir fortíðar bresta einn af öðrum og þjóðin hefur tekið stefnuna á sjálfstæði

Hjörtur Smárason

Grænland er næsti nágranni Íslands handan hafs frá Vestfjörðum, á grænlensku er það Kalaallit Nunaat, móðurmálið er Kalaallisut. Stærsta eyja jarðar tæplega 2,1 milljónir ferkílómetra; stærra en Stóra-Bretland, Ítalía, Spánn og Frakkland samanlagt. Af því 81% undir jökli og 19% land, um 400 þúsund ferkílómetrar. Landfræðilega tilheyrir Grænland Norður-Ameríku en stjórnarfarslega Evrópu undir Dönum en stefnir á sjálfstæði; fékk heimastjórn 1979, sjálfstjórn 2008. Nuuk er höfuðstaður. Grænland sagði sig úr Evrópusambandinu 1983 sem þá skrapp saman um 53%. Grænlendingar eru um 56 þúsund, 20% Danir. Líklegt er að sama gerist á Grænlandi og gerðist þegar Ísland sótti fram til sjálfstæðis fyrir hundrað árum og Danir urðu Íslendingar uppfullir ættjarðarástar. Þegar líði á öldina tali menn ekki um 20% Dani heldur 100% Grænlendinga. Því er hér spáð.

Þorri þjóðarinnar býr á suð-vestur Grænlandi þar sem veður er mildast. Fjarlægð frá nyrsta odda Kapp Morris Jesup að Hvarfi syðsta oddanum eru 2.650 km og strandlínan tæpir 40 þúsund km, nánast sama vegalengd og ummál jarðar við miðbaug. Grænland er að sönnu stórbrotið.

Stefnt á fjölgun ferðamanna, mikla fjölgun

Eftir aldalanga einangrun undir danskri stjórn eru Grænlendingar að opna sig fyrir umheiminum og segja „Greenland is open for business.“ Fyrir covid sóttu árlega um eitt hundrað þúsund ferðamenn Grænlendinga heim og þeir stefna á fjölgun, mikla fjölgun undir kjörorðunum Heimsækið Grænland. Ferðamálastjóri Grænlands er Íslendingurinn Hjörtur Smárason.

Hjörtur er Bílddælingur, fæddur 1975 en býr nú í Nuuk ásamt eiginkonu Ingu Rós Antóníusdóttur og tveimur yngstu börnum. Vinabær Bíldudals er Kulusuk á austurströndinni og fjórtán ára fór strákur yfir hafið til Kulusuk í nemendaskiptum vinabæjanna. Þá féll Hjörtur fyrir landi og þjóð og nú er hann á Grænlandi í þágu lands og þjóðar. Þar sem er styst milli landanna eru innan við 300 kílómetrar milli Scoresbysunds og Vestfjarða og Grænland var greipt í vitund drengsins. Hjörtur kom til starfa í apríl síðastliðnum þegar landið var lokað vegna covid og hann þurfi undanþágu til þess að komast inn í landið. Grænland var opnað 1. október síðastliðnum þegar ferðatímabilið var búið. Hann segir hins vegar að 2022 líti vel út. „Grænland er land tækifæra, straumar hagstæðir því ferðamenn í vaxandi mæli leita í náttúruna. Við erum vongóð að 2022 höfum við náð sama fjölda og fyrir covid 2019 þegar eitt hundrað þúsund manns komu,“ segir Hjörtur.

Það þurfi að byggja upp innviði og erfitt að komast milli staða. Íslendingar séu vanir að aka hringinn en lengsti vegarspotti á Grænlandi er níu kílómetrar. Norðan Nuuk sé hundasleðinn þeirra bíll og svo er siglt og flogið milli staða. Raunar eru hundasleðar líka þeirra fiskibátar og hundruð hundasleða skráðir

sem fiskibátar þar sem farið er útá ísinn og stórlúða veidd í gegn um vakir.

Það er verið að stækka og leggja tvo flugvelli þar sem Ístak er að verki, ásamt því að hafa byggt upp hafskipahöfn í höfuðstaðnum Nuuk sem forðum hét „Góðvon“ upp á íslensku með 18 þúsund íbúa. „Ísfjallið“ Ilutissiat er með um 5.000 íbúa 200 kílómetrum fyrir norðan heimsskautsbaug þar sem skriðjökullinn ryðst fram 40 metra á dag og brotnar svo „ísfjöll“ falla í sjó í stórbrotnu sjónarspili. Þar hefur Best Western byggt hótel og er að stækka.

Uppbygging innviða í forgangi

„Við leggjum áherslu á að byggja upp innviði áður en ferðamennirnir koma og uppræta helstu flöskuhálsa,“ segir Hjörtur. Mikil breyting hafi orðið eftir að Icelandair tók yfir gamla Flugfélag Íslands og Flugfélag Norðurlands. Icelandair heldur úti flugi milli Íslands og Grænlands um Keflavík. Nú er hægt að bóka flug frá Köben, London og New York til Nuuk með millilendingu í Keflavík. Ekki þurfi lengur að fara um Reykjavíkurflugvöll. Þetta sé afar dýrmætt og dæmi um þá opnun sem eigi sér stað. Þá haldi Norlandair úti flugi til austurstrandarinnar á Twin Otter-vélum en félagið var líka stofnað útúr gamla Flugfélagi Norðurlands. Eimskip sigli á Nuuk. Þannig hafa hlekkir einangrunar fyrri tíma brostið einn af öðrum og samskipti Íslands og Grænlands stöðugt nánari.

Brattahlíð Eiríks rauða

Auðvitað er ekki hægt að skrifa um Grænland án þess að geta Bröttuhlíðar Eiríks rauða Þorvaldssonar í Eystribyggð syðst á Grænlandi. Samkvæmt Grænlendingabók og Landnámu var Brattahlíð reist um 985 en Eiríkur lést um 1008 nokkru eftir að sonur hans Leifur heppni sigldi til Ameríku. Handan Eiríksfjarðar er Narsarsuaq-flugvöllur norðaustur af þorpinu Narsaq. Þar reis fyrsta kirkja Vesturheims á Þjóðhildarstöðum; kirkjan í Hvalsey stendur enn. Haustið 1408 voru gefin saman í heilagt hjónaband Þorsteinn Ólafsson og Sigríður Björnsdóttir. Þau höfðu lent í vegvillum frá Noregi þar sem Plágan geisaði. Hjónin settust að á Ökrum í Blönduhlíð í Skagafirði þaðan sem Þorsteinn var ættaður. Innan við hálfri öld síðar var öll byggð og fólk horfið sem er ein af ráðgátum sögunnar. „Þegar elsti sonur minn fermdist 2009 þá fórum við feðgar ógleymanlega vikuferð til Bröttuhlíðar þar sem við gengum um söguslóðir,“ sagði Bílddælingurinn Hjörtur Smárason sem ungur tók ástfóstri við nágrannann í vestri, Grænland og þjónar nú sem ferðamálastjóri.

Eftir Hall Hallsson

Ljósmyndir og texti: *Páll Stefánsson*

REYKJAVÍK

FRÁ REYKJAVÍK, AUSTUR OG VESTUR UM HAF

Í opinberri heimsókn árið 1967, gefur þáverandi utanríkisráðherra og verðandi Kanslari Vestur-Þýskalands, Willi Brandt Reykvíkingum styttu af Berlínar-birninum eftir listakonuna Renée Sintenis. Á stöpli styttunnar sem stendur nú í Hellusundi, gegnt Þýska sendiráðinu er grafin í vegalengdin til Berlínar. Reykjavík er vel staðsett, mitt á milli tveggja heimsálfa. Sú höfuðborg sem er næst okkur er Þórshöfn í Færeyjum, í 802 km / 498 mi fjarlægð. Lengst er til Wellington höfuðborgar Nýja Sjálands, 17.248 km / 10.717 mi. Örstutt er héðan til Edinborgar höfuðstaðs Skotlands, aðeins 1.215 km / 754 mi, til Osló eru 1.805 km / 1.121 mi, og 1.880 km / 1.168 mi til London. Til Stokkhólms eru 2.177 km / 1.352 mi og lítið lengra til St.John's á Nýfundnalandi 2.618 km / 1.626 mi. Til Moskvu eru 3.320 km / 2.062 mi, frá Reykjavík. Til Peking eru 7.905 km / 4.911 mi, og Tokyo 8.802 km / 5.469 mi, rúmlega helmingi lengra en til New York, sem er aðeins í 4.190 km / 2.603 mi fjarlægð frá Reykjavík.

HEIÐMÖRK

GLAÐIR HESTAMENN Á RAUÐRI JÖRÐ

Það var glatt yfir þessum þýsku ferðalöngum í hestaferð um Rauðhóla. Rauðhólar er þyrping gervigíga í útjaðri Reykjavíkur. Gígarnir mynduðust fyrir um 5000 árum þegar Elliðaárhraun rann yfir mýrlendi og vatnið undir glóandi hrauninu hvellsauð. Mynduðust þá fagurlega formaðir rauðleitir gjallgígar við gufusprengingar á yfirborði hraunsins. Efnistaka var mikil í Rauðhólum um miðja síðustu öld, meðal annars til að gera undirlag fyrir Reykjavíkurflugvöll í Vatnsmýrinni í seinni heimsstyrjöldinni. Rauðhólar voru friðaðir árið 1961. Rauðhólar eru nú fólkvangur, og mikill fjöldi fólks og ferfætlinga leggur leið sína um svæðið á góðviðrisdögum, enda steinsnar frá höfuðborginni.

REYKJAVÍK

TÓMAS VIÐ TJÖRNINA

Í ár fagnar Reykjavík bókmenntaborg UNESCO tíu ára afmæli. Það var þegar Ísland var heiðursgestur bókamessunnar í Frankfurt árið 2011, sem tilkynnt var um þennan eftirsótta titil til Reykjavíkur, þá fimmta borgin í heiminum að verða þessa heiðurs aðnjótandi. Árinu áður settist borgarskáldið Tómas Guðmundsson (1901-1983) á bekk við Reykjavíkurtjörn og situr þar enn, gestum og gangandi til ómældrar ánægju. Skammt frá styttunni, í Ráðhúsi Reykjavíkur eru erindi úr tveimur ljóðum Tómasar, Júnímorgun og Við Vatnsmýrina skráð á glugga við eystri og vestri inngang Ráðhússins. Fyrir daga Tómasar höfðu fá ljóðskáld gert Reykjavík að yrkisefni, þar var hann brautriðjandi, og því oft kallaður borgarskáld Reykjavíkur.

Tvö þjóðleg þorp á höfuðborgarsvæðinu

Víkingaþorpið við Fjörukránna er einstakur staður og er eina hótelið og veitingastaðurinn á Íslandi með víkingaþema. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað síðan það var stofnað árið 1990 og við höldum ótrauð áfram. Hótelherbergi okkar á efri hæðinni eru með vestnorrænu þema á meðan þau á neðri hæðinni eru í anda víkinga. Þau henta bæði fyrir einstaklinga og hópa. Flest kvöld erum við með söngvara sem ganga um og syngja og spila fyrir gesti veitingastaðarins á meðan þeir njóta matarins.

Hlið er notalegt lítið þorp á Álftanesi í aðeins nokkurra mínútna keyrslu frá Víkingaþorpinu. Þetta er nýjasta viðbótin okkar og eru 25 herbergi í boði, öll með útsýni yfir hafið. Staðsetningin gefur einstakt tækifæri til að sjá norðurljósin á veturna. Veitingastaðurinn er opinn fyrir hópa á kvöldin.

Víkingaveislur – gjafavara / Lifandi tónlist flest kvöld

Bókaðu á vikingvillage.is
sími: 565-1213

15 mínútna keyrsla frá miðbæ Reykjavíkur.

TRYMBILTAKTUR PLAY HRÍFUR ÍSLENDINGA

Um 4.000 hluthafar Play staðfesta trú landsmanna á flugfélaginu þar sem Birgir Jónsson fyrrum trommari Dimmu slær taktinn

Stöðugur hrynjandi Play....Play... Play hefur ómað um Ísland þetta árið og vakið áhuga Íslendinga. Flugfélagið Play hóf vegferð sína um loftin blá í júní og er nú með þrjár 192 sæta Airbus 321neo vélar og eftir áramót er stefnan tekin á flug yfir hafið milli Ameríku og Evrópu um Keflavíkurvöll.

Birgir Jónsson, fyrrum trommari þungarokkssveitarinnar Dimmu og nú forstjóri Play, slær taktinn. Hann útskrifaðist með MBA gráðu frá the University of Westminster og BA gráðu frá the University of Arts in London. Einnig hefur hann víðtæka stjórnunar- og rekstrarreynslu, meðal annars sem fyrrum framkvæmdarstjóri Iceland Express, aðstoðarforstjóri WOW Air, auk þess að stýra Össuri hf. í Asíu með aðsetur í Hong Kong. Þá hefur Birgir á ferilskrá sinni stjórn einnar stærstu prentsmiðju Austur-Evrópu; Infopress Group og var þá í Rúmeníu, Búlgaríu og Ungverjalandi. Hann hefur tekið þátt í endurskipulagningum og umbreytingum fyrirtækja, þar á meðal Íslandspósts.

Fjögur þúsund hluthafar

Það er ekki hægt að segja annað en Íslendingar hafi trú á flugfélaginu. Fjögur þúsund manns lögðu fram fimm milljarða króna til rekstrar næstu fimm árin. Á íslenskan mælikvarða eru það miklir peningar og í raun ein farsælasta innkoma á hlutabréfamarkað hér á landi. Eftirspurn var áttfalt framboð. Tveimur mánuðum eftir að Play kom sér fyrir á Evrópumarkaði sótti flugfélagið um flugleyfi til Ameríku, en flug vestur um haf gegnir lykilhlutverki í framtíðaráááformum félagsins. Play býður upp á 18 þúsund króna fargjald til Lundúna fram og til baka, 30 þúsund til Köben svo dæmi séu tekin. Á næsta ári hefst Ameríkuflugið milli Evrópu og Ameríku um Keflavíkurflugvöll.

Loftleiðir hófu flug yfir Atlantshafið 1948 um Keflavíkurflugvöll og þróðuðu þessa mögnuðu flugleið á sjötta áratugnum, síðar Flugleiðir nú Icelandair. Á sjötta áratugnum voru Loftleiðir fyrsta lággjaldaflugfélag heims í óþökk stærri flugfélaga líkt og SAS. Flugið yfir hafið gefur möguleika á hámarks nýtingu flugflota. Vél fer frá Íslandi snemma morguns og lendir í Evrópu um hádegi. Þá er flogið til baka og lent á Íslandi um nónbil. Síðdegis er farið í loftið til Bandaríkjanna að íslenskum tíma og lent undir kvöld og farið á loftið snemma kvöld áleiðis til Íslands og lent í morgunsárið. Tímamismunur gerir að verkum að flugvélar Play verða í notkun allan sólarhringinn. Atlantshafsflugið myndar tvo hringi, Ísland Ameríka og Ísland Evrópa, saman hina heilögu tölu átta og þoturnar í notkun 24 stundir á sólarhring.

Kjörorð er öryggi

„Okkar einkunnarorð eru öryggi eða Play safe ásamt stundvísi, einfaldleika, velferð, lágu verði og öryggi. Við nefnum öryggi tvisvar enda aðalatriðið," segir Birgir í samtali við Icelandic Times. Birgir segir að Play hafi komið á markað á besta tíma. Hann ánægður með viðbrögð fólks fyrstu mánuðina en Play fór í loftið 24. júní. Flogið er til Lundúna, Parísar, Berlínar og Kaupmannahafnar auk árstíðabundinna flugferða til Barcelona, Alicante, Kanaríeyja og Tenerife. Í desember hefst flug til Amsterdam og Salzburg. Á næsta ári hefst Ameríku-flugið ásamt flugi til Gautaborgar, Stavanger og Þrándheims.

Gott að byrja með covid í rénum

„Það var hagfellt að hefja flug í sumar þegar Covid var í rénum. Ég hefði ekki viljað vera í fullum rekstri með Covid í hámarki", segir Birgir. „Kreppur eru sögulega góður tími til að stofna flugfélag þar sem minna er um hindranir í lok þeirra. Við fengum Airbus vélarnar á hagstæðu verði; leigugjöld í lágmarki; flugvelli í leit að kúnnum ásamt hæfu, góðu fólki á lausu. Áform okkar voru skýr þannig að fjárfestar höfðu trú á okkur og niðurstaða á allan hátt hagfelld. Fjögur þúsund hluthafar endurspegla trú á Play sem hefur handbært fé næstu fimm árin. Við erum nú með um 150 manns í vinnu en að fimm árum liðnum gerum við ráð fyrir um 500 manns í vinnu og tíu neo Airbus320 og 321 þotur."

Birgir sér ekki fyrir sér samkeppni við risa eins og British Airways eða United Airlines. Play fylli skarð á markaðnum með tengingu milli Bandaríkjanna og Evrópu um Keflavík auk þess auðvitað að bjóða ferðir til valdra áfangastaða. „Við einblínum ekki á stærð heldur hvernig við getum þjónað fólki á besta mögulegan hátt; boðið flug á hagstæðu verði í öruggum flugvélum," segir hann.

-Eftir Hall Hallsson

Ljósmynd: Páll Stefánsson

FULLBÚIN ÍBÚÐARHÚS ERLENDIS FRÁ BYLTING FYRIR LANDSBYGGÐINA

Rætt við Freygarð Jóhannsson hjá Stálgrindarhús.is um byltingarkennda nýjung við að reisa íbúðarhús sem koma tilbúin erlendis frá

Eftir Hall Hallsson

Síðsumars 2018 lagðist flutningaskip Atlantic Shipping að bryggju á Bíldudal með fullbyggt 435 fermetra raðhús, með alls átta íbúðum á tveimur hæðum. Hálfum mánuði síðar var opnunarhátíð með bæjarbúum, alþingis- og sveitastjórnarfólki með Ásmund Einar Daðason ráðherra húsnæðismála í broddi fylkingar. Það var hátíð á Bíldudal.

Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal reisti átta íbúðir fyrir starfsfólkið sitt. Ár var liðið frá því bæjarstjórn hafði úthlutað lóðinni. Húsið var smíðað frá grunni í Eistlandi, afhent með áföstum steyptum sökklum, gólfefnum, raftækjum og húsgögnum tilbúið til ásetningar á þjappaðan jarðpúða. Það var von að fólk væri ánægt. Fyrsta húsið reis á Bíldudal frá 1989.

Stálgrindarhús.is

Það eru Stálgrindarhús.is sem flytja nú inn tilbúin hús frá Eistlandi og Lettlandi. Félagið hefur í tæp 20 ár reist stálgrindarhús víða um land; nú er Vífilshöll að rísa í Garðabæ; glæsileg knattspyrnuhöll. Öflug fyrirtæki líkt og Krónan, IKEA, Brimborg, KIA, Askja, Isavia og fleiri hafa góða reynslu af þessum stálgrindarhúsum. Eigendur Stálgrindahúsa.is eru hjónin Freygarður Jóhannsson og Natalia Proskurnina markaðsfræðingur frá fjórðu stærstu borg Rússlands, Yekaterinburg í Úralfjöllum, heimaborg Borisar heitins Yeltsin. Kaffitár var fyrsta húsið sem Stálgrindarhús reistu fyrir tæpum tveimur áratugum. „Stálgrindarhús eru hagkvæm og góð lausn fyrir fyrirtæki, ríki og sveitarfélög," segir Freygarður.

Frá hugmynd til innflutnings

„Frá hugmynd til innflutnings geta liðið sex mánuðir. Frá komu á áfangastað til innflutnings innan við vika. Það er von að húsin séu kölluð Quick-hús. Þetta hentar landsbyggðinni sérlega vel þar sem erfitt kann að reynast að fá iðnaðarmenn. Raðhúsið á Bíldudal er dæmi um velheppnaða lausn. Hægt er að fá sérsmíðuð hús; raðhús, parhús, einbýli, sumarbústað, skóla, leikskóla, hótel og 4 til 6 hæða íbúðablokkir. Í raun allt sem hugurinn girnist. Eina sem þarf að vera tilbúið er þjappaður jarðvegur með frárennslis-, vatns og rafmagnslögnum sem svo eru tengdar við húsið fullbúið með innréttingum og húsgögnum, ef það er ósk kaupanda," segir Freygarður í samtali við Land & sögu. Stálgrindarhús.is vinna með kaupanda, arkitektum og verktökum frá fyrstu hugmynd til verkloka. Þannig næst fram ódýr og hagkvæmur byggingarmáti.

„Við erum leiðandi fyrirtæki í hönnun, innflutningi og byggingu fallegra stálgrindarhúsa. Innflutningur og starfsemi hófst á árinu 2002. Frá upphafi höfum við lagt ríka áherslu á að húsin séu traust, falleg og vönduð á góðu verði. Eins og verkin sýna, þá hafa þau markmið náðst með sóma. Margra hæða stálgrindarbyggingar með fullmáluðum einangruðum samlokueiningum, gluggum, glerveggjum og steyptum gólfum er sérgrein okkar. Þetta er ódýrasti byggingarmátinn í dag," segir Freygarður.

Gekk hratt fyrir sig

Í samtali við Bændablaðið sagði Einar Sveinn Ólafsson hjá Ískalk á Bíldudal að viðvarandi skortur á húsnæði í öllu héraðinu, ekki bara á Bíldudal heldur líka í nágrannabyggðum, Patreksfirði og Tálknafirði, hefði verið hvatinn að verkinu. „Við töldum einu færu leiðina að ráðast á eigin kostnað í byggingu íbúðarhúsnæðis á Bíldudal sem við síðar getum selt á almennum markaði ef og þegar aðstæður skapast til þess," hafði Bændablaðið eftir honum.

„Kostnaður er lægri og allt einfaldara. Fólk sendir okkur teikningu eða uppkast og við klárum verkið. Fólk getur verið með fullbyggt hús sem stenst allar íslenskar byggingakröfur á sex mánuðum. Allt sem gera þarf er að hafa undirlag hússins tilbúið við komu, þjappaða uppfyllingu með lögnum sem eru svo tengdar. Sér í lagi eru húsin okkar hentug fyrir landsbyggðina þar sem erfitt kann að reynast að fá iðnaðarmenn til verka. Hvert hús er sérhannað að kröfu kaupanda. Þetta er bylting," segir Freygarður.

STÁGRINDARHUS
Frjóakur 7 - 210 Garðarbær
6931328 - www.stalgrindarhus.is

VERÐLAUNA LJÓSMYNDARINN STEINIPÍP

Þorsteinn Ásgeirsson pípari hefur ferðast um hálendið í sextíu ár. Hann gagnrýnir harðlega áform um ríkisvæðingu hálendisins og telur sveitarfélög miklu betur í stakk búin að vernda og annast um hálendið

Eftir Hall Hallsson

Þorsteinn Ásgeirsson [1950] var ellefu ára gamall þegar hann hóf að ferðast um hálendið. Nú eru slétt sextíu ár frá því hann hóf ævintýraferðir sínar. Þorsteinn sem er með listamannsnafnið Steinipíp hafði besta mögulega kennara, sjálfa goðsögnina Guðmund Jónasson [1909-1985] bílstjóra og frumkvöðul í könnun hálendisins. Guðmundur Jónasson var frá Múla í Húnavatnssýslu og eignaðist sinn fyrsta bíl 1929. Þorsteinn drakk í sig fróðleik; sögur um land og fólk. Ungur keypti Steinipíp sína fyrstu myndavél og hóf að mynda hálendið.

Ein fyrsta ferð Steinapíp með Gumundi var til Landmannalauga. Hann hlustaði á Guðmund lýsa því hvernig fyrstu kynslóðir landnámsmanna höfðu farið til fjalla að smala fé og hittust í Landmannalaugum. Þeir fóru að Hattveri í Jökulgili djúpt inn í Landmannalaugum, þar sem Torfi ríki Jónsson frá Klofi í Landsveit hafði leitað skjóls frá Plágunni seint á 15. öld. Skammt frá er Frostastaðavatn þar sem svo seint sem um miðja 19. öld gagnamenn höfðu vara á gagnvart útilegumönnum sem sagt var að hefðust við á hálendinu.

Neil Armstron & Edmund Hillary

NASA valdi Ísland til að þjálfa geimfarana svo þeir kynntust landslagi sem líktist tunglinu. Þeir lentu á tunglinu í júlí 1969. Það var þá sem Neil Armstrong [1930-2012] mælti hin fleygu orð: „Lítið skref fyrir mann en risaskref fyrir mannkyn.“ Þeir voru hér sumarið 1965. Guðmundur Jónasson var valinn til þess að fara með þá um hálendið, þar á meðal til Öskju. Þegar Edmund Hillary [1919-2008] heimsótti Ísland árið 1954, þá var Guðmundur fenginn til að sýna sir Edmund hálendið, en hann hafði klifið Everest árið áður 1953. Slík var virðingin sem borin var fyrir Guðmundi, að það þótti sjálfsagt að hann og enginn annar sýndi þessum höfðingjum dýrð hálendisins.

Kýldi Guðmund á nefið

„Ég lærði mikið af Guðmundi. Oft hef ég velt fyrir mér hvers vegna við urðum svo góðir vinir sem raun bar. Ég sem unglingur og Guðmundur þjóðsagnapersóna. Hann tók mig eitt sinn upp á eyrunum. Það var ekki óalgengt í þá tíð að fullorðnir tækju börn upp á eyrunum. Ég var tólf ára og sársaukinn var mikill svo ég kýldi hann beint á nefið. Vinátta okkar óx við þetta atvik, svo merkilegt sem það er,“ segir Steinipíp góðlátlega í samtali við Land & sögu. „Mikilfengleiki og frelsi drógu mig aftur og aftur upp á hálendið. Ég varð svo pípulagningamaður og varð Steinipíp sem svo varð listamannsnafn mitt,“ segir hann. Steinipíp er ósáttur við ríkisvæðingu hálendisins og finnst sem svört ský séu við sjóndeildarhring þar sem stjórnlyndir búrókratar muni taka það yfir og svipta fólk frelsinu. Fagurgali þeirra og þeirra líkra hylji raunverulegan ásetning sem er að taka yfir allt sem fólki er kært.

Hálendisþjóðgarður

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur 2017-2001 var gerð afturreka með hálendisþjóðgarð og kom lögunum ekki í gegn um þingið: sagt er að það eigi að vernda hálendið og dýralíf í þágu fólks; friðland fyrir þá sem vilji njóta náttúrunnar. Mörgum finnst þetta marklaus fagurgali. Þeirra á meðal er Steinipíp. Þjóðgarður hefur verið hugðarefni Vg og þeir sem hafa andmælt kallaðir „örlítill grenjandi minnihluti“ af Steingrími J. Sigfússyni.

Þeir sem ferðast um hálendið og upplifa frelsi þess hafa andmælt þessum búrókratísku áformum. Þeir mótmælta ríkisvæðingu hálendsins og ofríki stjórlyndra landvarða. Ofríki margra sé þegar til vandræða og vont muni bara versna.

Sveitarfélögin ekki lamandi ríkishönd

Steinipíp er mjög gagnrýninn á hálendisþjóðgarð. Hann hefur sjálfur mátt sæta ofríki landvarða sem hafa farið framúr lagaheimildum, ekki allra en margra. Hann hefur skrifað gegn ríkisvæðingu hálendisins. „Það er fráleitt að fólk geti ekki ferðast um hálendið án þess að sæta ofríki stjórnlyndra landvarða sem leika löggur. Það gengur gegn sjálfri náttúrunni og frelsinu sem menn upplifa. Þessir tilheiging til stjórnlyndis er raunar ekki bara á hálendinu, lamandi hönd ríkisins heftir og heldur aftur af fólki. Fólk verður að mótmæla og stöðva þessa ósvinnu.

Það er miklu betri lausn í boði. Sveitarfélögum er vel treystandi til þess að annast um og varðveita náttúruperlur og hefðu auk þess hag af því að laða ferðamenn upp á hálendið þar sem þeir fengju notið náttúru án lamandi ríkisafskipta,“ segir Steinipíp.

Ljósmyndir: Steinipíp



Gaman er að ferðast um hálendið, skoða það og kynnast sögu þess örlítið betur. Allir vegaslóðar ættu að vera varðveittir og notaðir, þeir eru orðnir minjar og hafa mikið menningarlegt gildi.

Sögusagnir frá aldamótunum 1900 segja að Landmenn og Skaftfellingar hafi eldað grátt silfur saman. Töldu þeir hvor aðra vera útilegumenn ef þeir sáust í Veiðivötnum og kom fyrir að menn börðust, jafnvel með byssum. Mig grunar þó að þeir hafi aðeins verið að sækja sér silung í „Vötnin“.

Útilegumannatrúin var sterk á þessum tíma og ef menn sáust á hálendinu var yfirleitt álitið að viðkomandi væri annaðhvort sauðaþjófur eða útilegumaður. Í dag eru þeir kallaðir utanvegaaksturs-skussar.

Ljósmyndir: Steinipíp

Frá upptökum Blákvíslar er áfram haldið á Öldufellsleið. Þar komum við að Blákvíslarfoss þar sem farið er yfir á fossbrúninni. Ef maður er að keyra í átt að Mýrdal er farið niður smáspotta sem beygir niður fyrir ánna. Það má eiginlega ekki sleppa þessum spotta því fossinn er einstaklega fallegur og vatnið kalt og bragðgott. Sumir segja þó að það sé landabragð af vatninu frá fyrri tímum. Þegar ferðalangar eru búnir að njóta fegurðar fossins er keyrt áfram á bjargbrúninni.

Aðeins neðar er hægt að skoða Hafursey og jafnvel aka hringinn í kringum hana. Á svipuðum slóðum er Þakgil sem má ekki sleppa.

Það er ákveðin upplifun að fara Öldudalsleið sem er algjört augnakonfekt, en viðlíka upplifun er bara hægt að finna á hálendinu. Botnjökull er til hægri í myndinni. Öldufell er á miðri mynd og fremst fyrir miðju eru upptök Bláfjallakvíslar, Bláfjöll til vinstri.

Torfajökull er aðeins norðar, en þessi staður tengist Torfa nokkuð. Sagt er að hann hafi farið þarna um með stúlku sem hann nam á brott. Frændi hennar veitti honum eftir för og er sagt að Torfi hafi ekki átt annarra kosta völ en að stökkva yfir þrengsta hluta gljúfursins til að komast undan, sem tókst. Frænda stúlkunnar tókst þó ekki stökkið og hékk á lítilli hrísla á blábrúninni. Stúlkan bað Torfa að höggva á hrísluna en hann ákvað frekar að bjarga manninum. Þeir sættust þá heilum sáttum og Torfi fékk stúlkuna sína. Örnefni sem sögð eru nefnd eftir téðum Torfa eru: Torfajökull, Torfatindur, Torfmýri, Torfafit og Torfavatn. Blesamýri og Faxi eru sögð nefnd eftir hestum hans.

Mælifell á Mælifellssandi er á miðri mynd. Mælifell er gott kennileiti og sést víða að. Rétt við fellið er kvísl sem heitir Brennivínskvísl. Nafn hennar þykir ærið nóg tilefni til að snafsa sig rækilega á meðan lúin bein eru hvíld fyrir áframhaldandi ferðalag. Um nafn kvíslarinnar segir að Þorlákur biskup hafi átt þar leið um með föruneyti. Þegar komið var að kvíslinni fóru menn af baki en Þorlákur hafi þá tekið upp lítinn pela með brennivíni og sagt: „Þið sjáið það, piltar, að ekki drepur vínið okkur á fjallinu.“ Drukku þeir svo allir úr pelanum.

Mælifellssandur er talinn illur yfirferðar fyrri hluta sumars sökum bleytu og er varla fær fyrr en um miðja júlímánuð. Ég var þarna á ferð með vinum mínum í afar góðu veðri og færðin hin ákjósanlegasta. Við létum okkur þó nægja kaffisopi og skemmtilegt spjall þegar við komum að Brennivínskvíls.

Ljósmyndir: Steinipíp

Umhverfi Skælinga er einstakt, líkt og náttúrunnar lystigarður. Til að komast þangað er ekið að Nyrðri-Ófæru á vaði rétt austan við Eldgjá og upp á eystri brún Eldgjár, eftir veginum að Gjátindi. Fljótlega eftir að komið er upp á brúnina eru gatnamót þar sem ekið er niður brekku í átt að Skaftá. Þeim slóða er fylgt að skálanum.

Ef haldið er áfram frá Skælingum upp að Langasjó er ekið um það bil einn kílómetra í vatnsborðinu á Blautulónum. Gæta þarf þess að vatnið er aðdjúpt og því þarf að aka eins nálægt bakkanum og mögulegt er. Þessi leið er torfærari og þarf að vera á vel búnum jeppum, en ekki ætti að leggja í leiðina um Blautulón á óbreyttum jeppum. Þessi leið er vel þess virði að fara.

Þegar ég kom fyrst inn í Skælingar varð ég hugfangin af staðnum. Þessar sérstöku hraunmyndanir eru víðar en alltaf þess virði að stoppa og taka nokkrar myndir. Hraundrangarnir urðu til þegar hraun rann frá Eldgjá. Það mynduðust stíflur í hraunstraumnum og safnaðist mikið magn hrauns í tjarnir. Yfirleitt rofnar stíflan og í Skælingum hafa verið komnir tappar sem kældust meira en hraunið í pollinum, sennilega vegna uppsöfnunarefna sem hafa annars konar storknunarferli. Þessir hrauntappar urðu eftir en hraunið úr tjörninni flaut áfram sína leið.

Ljósmyndir: Steinipíp

Þessi mynd er tekin með dróna yfir Langasjó, með leyfi Vatnajökulsþjóðgarðs. Upp eftir miðri myndinni við Langasjó eru Fögrufjöll sem enda inni í Vatnajökli. Einnig má sjá Skaftá liðast í rólegheitum, fram hjá Fögrufjöllum. Lengra inn á Vatnajökli lengst til hægri má greina Grímsfjall. Til vinstri á myndinni gengur fjallgarður inn með vatninu. Þar gnæfir hæst Breiðbakur en þangað er akfært. Næst má greina Niðri- og Syðri-Hágöngur sem eru áberandi víða að á hálendinu. Bárðarbungu má sjá á myndinni en hægrísandi jökullinn varð til þess að flugvélin Geysir nauðlenti á hábungu Vatnajökuls. Sagan segir að lendingin hafi verið svo mjúk að flugfarþegar fundu ekki fyrir neinu og vissu ekki að þeir væru lentir.

Faðir minn var einn af þeim sem fór á jökulinn til björgunar og sagan segir að hann hafi misst við það 7 kíló. Eins sagði hann mér að gull hafi verið í vélinni sem hann sótti. Seinna meir fékk ég belgmyndavél sem fannst í Geysi, upp frá því, byrjaði ég að taka myndir.

Ljósmyndir: Steinipíp

Fáir staðir jafnast við Tungnaá í fegurð. Myndin er tekin með dróna í suðvesturátt. Á myndinni má sjá Heklu gnæfa upp úr lengst til hægri. Til vesturs má greina reyk (eins og snjór) í fjöllunum en þar eru Landmannalaugar. Fjallhryggurinn Barmur teygir sig frá Landmannalaugum en lengst til vinstri er Torfajökulssvæðið. Ekki má gleyma Ljótapolli sem ber nafn með rentu og Frostastaðavatni aðeins lengra til hægri. Frostastaðavatn er sennilega mest ljósmyndaða vatn hálendisins, enda er umhverfið ægifagurt.

Myndin er tekin ofan við gígaröð sem ber nafnið Lakagígar og endar í móbergsfjalli sem heitir Laki. Ekki er vitað til að gígar í gígaröðinni beri einstök nöfn. En mér hefur verið tjáð að sveitungar viti hvað margir gígar heita. Einn ber nafnið Tjarnargígur.

Lakagígar eru gígaröð á 25 km langri gossprungu vestan Vatnajökuls. Gígaröðin heitir eftir gömlu móbergsfjalli sem Laki nefnist og er nálægt miðri mynd. Lakagígar voru friðlýstir árið 1971 en svæðið varð til í Skaftáreldum árin 1783-1784 sem var eitt mesta gos Íslandssögunnar. Áður fyrr var gígaröðin kölluð Eldborgir.

Eldgosið í Lakagígum hófst á hvítasunnudag 8. júní 1783 að undangenginni jarðskjálftahrinu. Lakagígar liggja á tíu samhliða sprungum sem hver er 2-5 km löng. Við suðurenda gígaraðarinnar við fjallið Hnúta opnaðist fyrsta sprungan. Gosið kom svo í hrinum sem hófust með jarðskjálftum. Goshrinurnar hafa sennilega verið tíu eins og sprungurnar sjálfar. Í gosinu mynduðust um 135 gígar og 2-500 metra breiður sigdalur frá rótum Laka og tvo kílómetra suðvestur fyrir hann. Aska og gosgufur ollu miklu mistri og móðu yfir Íslandi sem barst síðan yfir Evrópu, Asíu og Ameríku. Mikil mengun fylgdi móðunni sem olli eitrun í gróðri svo stór hluti búpenings drapst á Íslandi sem aftur leiddi af sér hungursneyð meðal landsmanna. Móðan og gosaskan ollu líka köldu veðurfari vegna þess að þau drógu úr inngeislun sólar og deyfðu sólskinið. Þetta voru móðuharðindin svokölluðu, mestu harðindi sem dunið hafa yfir Íslendinga. Eldgosið er eitt mannskæðasta eldgos í mannkynssögunni.

Hraunið úr Lakagígum þekur um 600 km^2 (og lagði bara bæi – dl).

Einn af mögnuðum stöðum Fjallabaksvæðisins er gígurinn Rauðibotn: Rauður og grænn smaragður umkringdur eldfjallaeyðimörkum milli Torfajökuls og Mýrdalsjökuls. Rauðibotn er stórkostlegri séður frá Hólmsá og fossum hennar, sem mynda stórbrotið perluband.

Rauðibotn er hluti keðju eldgíga sem teygir sig um miðhálendið frá Mýrdalsjökli að Vatnajökli. Eldgjá er tengt eldstöðinni Kötlu þar sem báðar eru hluti af sama eldstöðvakerfi. Eldgjá hefur aðeins gosið einu sinni síðan landnám. Á 10. öld eða nánar tiltekið árið 934, gaus Eldgjá en það er vera stærsta eldgos sem orðið hefur á Íslandi undanfarin árþúsundir.

Gosið 934 var um 18 kílómetrar að rúmmáli og þekur um 800 ferkílómetra. Gjóskan frá gosinu er um 5-7 ferkílómetrar. Hraunið er svo stórt að það myndi þekja alla New York borg og áhrif gossins á veðurkerfi heimsins voru skelfileg. Það olli uppskerubresti og hungri í Evrópu og hitastig lækkaði á öllu norðurhveli jarðar.

Auðveldasta leiðin til að ná til Rauðibotns er frá Syðri Fjallabaksleið á hálendisslóða. Það má leggja á bílastæði við Mælifellssandi eða á veginum nær gígnum til að vernda svæðið betur gegn göngutraðki. Stórkostlegt útsýni er yfir gíginn af fjallshrygg suður af gígnum. Þeir sem eru orðnir fótlúnir geta skoða gíginn vel með góðum dróna og tekið myndir eins og ég gerði. Með því geta fleiri notið þessarar stórbrotnu náttúru.

Ljósmyndir: Steinipíp

Hvalvatn í enda Hvalfjarðar er mjög fallegt vatn sem og umhverfi þess. Hvalvatn er annað dýpsta stöðuvatn Íslands, 4,1 km^2 að flatarmáli. Það er 180 m djúpt þar sem dýpst er mest, og liggur í 378 m yfir sjávarmáli.

Leiðinn frá Uxahryggjavegi að vatninu er seinfarin og ekki fært slyddujeppum. Hvalfell er framan við vatnið á myndinni í stórbrotnu og fallegu umhverfi, en fjallið sem rís sunnan megin upp frá vatninu eru Botnssúlur. Botnsá rennur úr Hvalvatni til sjávar í Hvalfirði.

Það eru 2 tegundir af bleikju í vatninu, og getur önnur þeirra orðið gríðarstór. Heyrst hefur af fiskum allt að 12 pundum á stærð, en hin bleikjutegundin er töluvert minni.

Botnssúlur er vinsæl fyrir göngugarpa, þar er þyrping móbergstinda sem heita Háasúla, Miðsúla, Norðursúla, Syðstasúla (1093m) og Vestursúla. Öll eiga þær það sameiginlegt að vera á milli Botnsdals í Hvalfirði og Þingvalla og eru í svipaðri hæð. Einnig er dalur á milli súlnanna sem heitir Súlnadalur. Leiðin á milli Þingvalla og Botnsdals heitir Leggjabrjótur en það er fræg gönguleið.

ÍSAL,

saga álversins í Straumsvík til 2000 eftir Hall Hallsson

Ísland skartaði sínu fegursta í heiðríkjunni. Jöklar breiddu út hvíta faldana, jökulár mörkuðu rákir í svart landflæmið. Ferðalangarnir horfðu hugfangnir á svipsterka náttúru Íslands á leið sinni yfir landið. Þeir voru á ferð vestur um haf með bandaríska flugfélaginu Pan American, frá Sviss til Los Angeles í Bandaríkjunum. Þetta var í lok september árið 1960. Emanuel Meyer forstjóri og dr. Paul Müller, tæknilegur framkvæmdastjóri, stýrðu svissneska álfélaginu Aluminium Industrie Aktien Gesellschaft – AIAG. Svisslendingarnir þekktu vel til jökulfljóta og skynjuðu kyngikraft íslenskra fallvatna. Fallvötnin í svissnesku Ölpunum höfðu verið beisluð. Hugmyndin að alúmíníumverksmiðju, sem fengi orku úr íslenskum jökulám, kviknaði í flugvél á sólríkum haustdegi árið 1960. Müller og Meyer voru þess fullvissir að Ísland byggi yfir ómældri orku sem skapaði kjöraðstæður fyrir kraftmikinn alúmíníumiðnað.

Þeir létu hendur standa fram úr ermum. Við komuna til Bandaríkjanna lögðu þeir á ráðin um alúmíníumverksmiðju á Íslandi þar sem væri næg orka, miðja vegu milli Evrópu og Ameríku. Þann 2. október 1960 voru þeir í Los Angeles, daginn eftir í San Fransisco og þaðan flugu þeir til New York. Þeir höfðu samband við skrifstofu iðnaðarráðherra og bókuðu fund áður en þeir flugu til stálborgarinnar Pittsburgh þar sem þeir voru í sömu erindagjörðum. Þeir ætluðu að vera í Reykjavík mánudaginn 10. október. Dvölin í Pittsburgh drógst á langinn svo að þeir sendu skeyti til Reykjavíkur og báðu um að fundinum yrði frestað til þriðjudags.

Mánudaginn 10. október hóf DC 7 vél Pan American sig á loft áleiðis til Íslands

Litla þjóð … reistu í verki viljans merki, - vilji er allt, sem þarf.

Einar Benediktsson

með viðkomu í Gander á Nýfundnalandi. Flugið tók um 10 klukkustundir og vélin lenti snemma morguns þriðjudaginn 11. október. Fundur í iðnaðarráðuneytinu hófst klukkan hálfellefu. Iðnaðarráðherra, Bjarni Benediktsson, bauð hina svissnesku gesti velkomna en ásamt honum sátu fundinn Ingólfur Jónsson, ráðherra raforkumála, og embættismennirnir Gunnlaugur Briem og Guðmundur Benediktsson:

Meyer gerði stutta grein fyrir fyrirtækinu Aluminium Industrie … Það vildi ekki sjálft reisa raforkuver, heldur kaupa raforku til reksturs alúmíníumverksmiðju og þá væri aðalatriðið að fá ódýra raforku – ekki yfir 2 U.S. mill/kwh. Bjarni Benediktsson sagði að íslenska ríkisstjórnin hefði áhuga fyrir því að athuga möguleika á því að erlendir aðiljar legðu fram fé til stóriðju á Íslandi. Við hefðum ekki bolmagn til að byggja raforkuver til framleiðslu raforku til stóriðju, þar yrðu hinir erlendu aðiljar að koma til hjálpar. Hann héldi að verð það, er Meyer hefði nefnt sem maximum-verð, yrði sennilega talið minimum-verð af okkar hálfu.

Meyer benti á möguleika á að fá erlent lánsfjármagn til þess að reisa raforkuver. Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Eiríkur Briem rafmagnsveitustjóri komu til fundarins. Bjarni Benediktsson bað Müller og Meyer að senda erindi til ráðuneytisins svo að málið fengi formlega meðferð. Þar með lauk þessum fyrsta fundi AIAG og íslenskra ráðherra. Hann var stuttur, aðeins hálftími en Jakob og Eiríkur fóru ásamt Svisslendingunum á skrifstofu raforkumálastjóra. Müller og Meyer gerðu grein fyrir AIAG. Fyrirtækið hefði skrifstofur í Zürich í Sviss og framleiddi liðlega eitt hundrað þúsund tonn af áli á ári.

Daginn eftir héldu Müller og Meyer áleiðis til Zürich með DC-6 Cloudmaster vél Loftleiða. Laugardaginn 15. október skrifuðu þeir Bjarna Benediktssyni, dóms- og ráðherrunum iðnaðarmálaráðherra, og Ingólfi Jónssyni, landbúnaðar- og raforkumálaráðherra, og Jakobi Gíslasyni og Eiríki Briem. Þeir vísuðu í fundina í Reykjavík og lögðu áherslu á að raforkuverð færi ekki yfir 2 mill á kílóvattstund: „Þetta er grundvallaratriði. Hærra rafmagnsverð leiðir til meiri framleiðslukostnaðar og skaðar samkeppnisstöðu alúmíníumverksmiðju á Íslandi," skrifuðu Meyer og Müller sem kváðust ganga út frá því að Íslendingar kæmu upp höfn og vegi að verksmiðjunni. Þeir töldu einsýnt að þar sem Ísland væri að iðnvæðast myndi ríkisstjórnin veita stóriðju skattaívilnanir og afskriftatími yrði stuttur.

Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd, að fjarlægð frá iðnvæddum ríkjum og reynsluleysi, skapa iðnþróun á Íslandi erfiðleika. Yfirstíga þarf margvísleg vandamál fyrstu starfsár alúmíníumverksmiðju, því þjálfa þarf verkamenn og sérfræðinga.

Útspil AIAG var eðli málsins samkvæmt stórtíðindi á Íslandi en fréttinni var haldið frá fjölmiðlum. Viðreisnarstjórnin – ríkisstjórn Ólafs Thors – hafði tekið við völdum í nóvember 1959. Forsætisráðherra lýsti því á Alþingi að meginstefna ríkisstjórnar hans væri „… að koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan grundvöll þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni farið batnandi." Stjórnmálaástandið var um margt lævi blandið. Íslendingar áttu í landhelgisstríði við Breta og ofbeldi breskra herskipa á Íslandsmiðum vakti djúpstæða reiði fólks. Aðsúgur var gerður að bústað breska sendiherrans við Laufásveg. Varnarliðið á Miðnesheiði skipti þjóðinni í fylkingar og herstöðvarandstæðingar marseruðu árlega milli Keflavíkur og Reykjavíkur fram hjá Straumi. Þjóðin gerði kröfu á hendur Dönum um handritin heim. Tortryggni í garð útlendinga var landlæg með nýfrjálsri þjóð. Verðbólga og pólitísk ringulreið höfðu sett svip á þjóðlífið á sjötta áratugnum. Vinstristjórn Hermanns Jónassonar hafði látið af völdum í árslok 1958 vegna „háskalegrar verðbólguþróunar". Þjóðin hafði gengið í gegnum tvennar kosningar og kjördæmabreytingu. Landinu var skipt upp í átta kjördæmi. Þjóðin var á tímamótum. Viðreiðsnarstjórnin hafði hafist handa um að losa um ánauð hafta og forsjárhyggju.

Það voru nýir tímar í aðsigi.

KÍNA OG NORÐURSLÓÐIR

Norðurslóðir skipta sífellt meira máli, ekki einungis löndin sem liggja að svæðinu heldur einnig fjarlæg lönd eins og til dæmis Kína sem er með stefnu í málefnum norðurslóða. Bráðnun íss vegna loftslagsbreytinga mun auðvelda skipaflutninga á norðurhveli jarðar og stytta siglingatíma sem þýðir minni kostnað auk þess sem mikil auðævi eru í jörðu víða á norðurslóðum sem margar þjóðir hafa áhuga á að nýta í einhverju magni. Ísinn á norðurslóðum bráðnar hratt vegna hlýnunar af völdum loftslagsbreytinga sem eykur hættuna á að það flæði yfir láglendi. Rannsóknir á svæðinu eru mikilvægar.

Norðurslóðir er heimshlutinn í kringum Norðurheimskautið. Innan norðurslóða eru hlutar af Rússlandi, Alaska (sem tilheyrir Bandaríkjunum), Kanada, Grænland (sem tilheyrir Danmörku), Ísland og norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands en stærsti hluti svæðisins er hið ísilagða haf, Norður-Íshafið.

Ríki utan norðurslóða hafa ekki yfirráð yfir svæðinu en þau hafa hins vegar réttindi varðandi vísindarannsóknir, siglingar, flug yfir svæðið, veiðar, lagningu sæstrengs og leiðslur í hafinu sem og réttindi til rannsókna og nýtingar auðlinda á svæðinu samkvæmt samningum eins og UNCLOS og almennum alþjóðalögum.

Bráðnun íss á norðurslóðum getur haft bæði neikvæðar og jákvæðar afleiðingar. Bráðnunin hefur leitt til breytinga á náttúrulegu umhverfi svæðisins og getur meðal annars leitt til hraðari hlýnunar jarðar, hækkandi sjávarborðs, aukins veðurofsa, skemmdar á líffræðilegum fjölbreytileika og öðrum vandamálum á heimsvísu. Hins vegar geta breyttar aðstæður á norðurslóðum vegna bráðnunar íss boðið upp á tækifæri varðandi siglingaleiðir á svæðinu og nýtingu náttúruauðlinda.

NORÐURSLÓÐASTEFNA KÍNA

Þótt Kína sé langt frá norðurlóðum þá telur það sig til „ríkja nálægt norðurslóðum“ og gaf Kína út sína fyrstu norðurslóðastefnu í byrjun árs 2018.

Í inngangi stefnunnar kemur fram að þegar efnahagsleg hnattvæðing og svæðisbundin samþætting þróast og dýpkar öðlist norðurslóðir alþjóðlega þýðingu varðandi frekari stefnumörkun og efnahagsleg gildi sem og þau gildi sem tengjast vísindarannsóknum, umhverfsvernd, siglingaleiðum og náttúruauðlindum. Norðurslóðir skipta nú fleiri máli en þau ríki sem liggja að svæðinu, hagsmuni alþjóðasamfélagsins og þróun og framtíð mannkyns. Norðurslóðir hafa einfaldlega áhrif á alþjóðavettvangi. Hlýnun jarðar ýtir undir bráðnun íss á norðurslóðum sem hefur áhrif víða um heim. Bráðnun íss vegna loftslagsbreytinga mun auðvelda skipaflutninga á norðurhveli jarðar og stytta siglingatíma sem þýðir minni kostnað auk þess sem mikil auðævi eru í jörðu víða á norðurslóðum sem margar þjóðir hafa áhuga á að nýta í einhverju magni. Vísindamenn spá því að um miðja þessa öld eða jafnvel fyrr gæti verið að enginn ís verði í Norður-Íshafinu hluta ársins.

Náttúrulegar aðstæður norðurslóða og breytingar þeirra hafa bein áhrif á loftslagið í Kína og vistfræðilegt umhverfi og síðan á efnahagslega hagsmuni þess í landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum. Kína tekur náið þátt í málefnum tengdum norðurslóðum, sérstaklega hvað varðar loftslagsbreytingar, umhverfi, vísindarannsóknir, nýtingu siglingaleiða, auðlindaleit, öryggi og stjórnarhætti á heimsvísu.

Kína er með fastafulltrúa í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og leggur áherslu á að stuðla sameiginlega að friði og öryggi á norðurslóðum. Þá er Kína áheyrnaraðili í Norðurskautsráðinu. Nýting siglingaleiða og könnun og þróun auðlinda á norðurslóðum getur haft mikil áhrif á orkustefnu og efnahagsþróun Kína sem er mikil viðskiptaþjóð og orkunotandi í heiminum. Reiknað er með að fjármagn Kína, tækni, markaður, þekking og reynsla muni gegna stóru hlutverki við að stækka net siglingaleiða á norðurslóðum og greiða fyrir efnahagslegum og félagslegum framförum strandríkjanna á svæðinu.

BELTI OG BRAUT

Með framtakinu „Belti og braut“ freista Kínverjar þess að auka umsvif sín á alþjóðavísu upp á þúsundir milljarða Bandaríkjadala með stórtækum innviðaframkvæmdum en „Belti og braut“ er ætlað að tengja Kína á skilvirkari hátt við umheiminn. Tilgangurinn er að koma á kerfi sem gæti verið mikilvægur rammi fyrir alþjóðasamvinnu og myndi hvetja til sameiginlegrar framþróunar.

Kína kynnti norðurslóðavídd undir „Belti og braut“-framtakinu sumarið 2017.

Kína hefur boðið Íslandi þátttöku í „Belti og braut“ en kínversk stjórnvöld vilja aukið samstarf við Ísland á sviði landbúnaðar og sjávarfangs, fólksflutninga og innviðaframkvæmda.

Kína og Ísland komu á stjórnmálasambandi árið 1971. Ísland var fyrsta evrópska ríkið til að skrifa undir fríverslunarsamning við Kína, en það var árið 2013, og hafa viðskipti landanna aukist síðan þá. Ísland er eina ríkið á norðurslóðum með fríverslunarsamning við Kína og rammasamning um norðurslóðasamstarf. Utanríkisviðskipti Íslands og Kína hafa aukist undanfarin ár en Kína er helsta viðskiptaland Íslands í Asíu og frá aldamótum hefur útflutningur Íslands til Kína rúmlega ellefufaldast og innflutningur frá Kína þrettánfaldast. Sjávarafurðir eru landstærsti hluti útflutnings Íslands til Kína en Íslendingar flytja inn unnar vörur frá Kína svo sem húsgögn, fatnað og skó, vélar og samgöngutæki og framleiðsluvörur svo sem járn, málma og kemísk efni.

Kínverskum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Kínverskir ferðamenn sem komu um Keflavíkurflugvöll á tímabilinu júlí 2018 til júní 2019 voru tæplega 94.000 eða um 4,3% af erlendum ferðamönnum á landinu.

Á Íslandi reka Kínverjar og Íslendingar rannsóknarstöð um norðurljós (CIAO). Rannsóknarstöðin, China-Iceland Arctic Observatory (CIAO), á Kárhóli í Reykjadal, er miðstöð fyrir vísindamenn sem rannsaka norðurslóðir í alþjóðlegu samstarfi, s.s. í háloftarannsóknum, rannsóknum á gufuhvolfi og veðurfræði, líf- og vistfræði, haffræði, jöklafræði, jarðfræði, rannsóknum á loftslagsbreytingum og umhverfisrannsóknum, fjarkönnun og sjávarútvegsfræði. -SJ

FELDUR

Efniviðurinn mótar hönnunina

Feldur er fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á hágæða vörum úr skinni og leðri. Starfsemi þeirra fer fram á Snorrabraut 56 þar sem er bæði verslun og verkstæði. Þar má finna úrval af mokkakápum, pelsum og loðfóðruðum úlpum. Samhliða því eru þau með fallega og hlýja aukahluti eins og húfur, hanska, kraga og vesti.

Feldur er fjölskyldufyrirtæki í eigu hjónanna Heiðars Sigurðssonar feldskera og Kristínar Birgisdóttur. Dóttir þeirra, Marta, er á meðal starfsmanna en hún lærði fatahönnun í Danmörku.

Starfsemi þeirra fer fram á Snorrabraut 56 þar sem er bæði verslun og verkstæði.

Á verkstæðinu sérsaumar Heiðar, breytir og gerir við pelsa. „Það er svo gaman þegar konur koma með gamla pelsa sem einhver nákominn þeim hefur átt og vilja láta laga þá eða breyta.“ „Mikil aukning hefur verið í viðgerðum á pelsum sem má sennilega tengja við vitundavakningu á endurnýtingu.“ segir Marta.

Á verkstæðinu hanna þau einnig nýjar flíkur sem eru framleiddar erlendis. Þau eru í nánu sambandi við framleiðsluaðila sína sem gerir þeim einnig kleift að sérsauma pelsa og mokkakápur eftir eftirspurn. Þau nefna að þetta er bæði tækifæri fyrir kúnnann að geta pantað kápur eftir eigin málum en einnig fyrir þau að vera ekki með stóran lager. „Það er einstakt að geta sniðið kápur á kúnnann og breytt sniðinu aðeins eftir höfði þeirra, til dæmis síkka, stytta, bæta við vasa eða hvað sem okkur dettur í hug. Þetta er skemmtilegt ferli sem gerir flíkina persónulegri.“

VÖRUÞRÓUN

Við hönnun á vörum þarf að skoða efniviðinn fyrst og sjá hvað hægt er að gera úr honum. „Þetta er sérstakt hönnunarferli.“ segir Marta, „að því leyti að það þarf að skoða eiginleika efnisins og sjá hvernig hægt er að nýta hann í vöru.“ Í þessu sambandi má nefna lambaskinnslínuna þeirra. Í því ferli flokka þau skinnin eftir þykkt og mýkt. Mýkstu og þynnstu skinninn fara í inniskó, lúffur og húfur og afskurðurinn úr þeirri framleiðslu fer í barnavörur. Þykkari skinnin fara í heimilislínuna þeirra sem eru meðal annars púðar, sessur, kollar og teppi.

„Íslenska lambaskinnið býður upp á endalausa möguleika og við elskum að koma með nýjar lausnir.“

Að undanförnu hefur fjölskyldan verið að skoða möguleikann á að þróa vörulínu úr íslensku fiskroði og þá sérstaklega laxi, þorski og hlýra. „Það eru breyttar aðstæður hjá okkur, fáir erlendir ferðamenn og þá þarf maður að hugsa um nýjungar,“ segir Kristín. „Við höfum reyndar oft hugsað um þennan möguleika en nú er komin svo góð framleiðsla á þessu á Sauðárkróki hjá Nordic fish leather. Þetta er flott sútun sem er bara að verða betri,“ segir Heiðar. Við höfum lengi verið með íslenska lambaskinnið í þróun en núna langar okkur til að sjá möguleikann á íslenska roðinu.“

Ferlið í hönnun þessarar vörulínu er svipað og þróunin á lambaskinninu en útkoman verður allt önnur að þeirra sögn. Eiginleikar fiskiroðsins eru aðrir og því þarf að taka tillit til þess.

FRAMTÍÐIN

„Þegar við hugsum um framtíðina þurfum við stundum að hugsa til fortíðarinnar,“ segir Marta. „Mér finnst áhugavert að skoða það sem mamma og pabbi voru að gera fyrir minn tíma.“ Blær, barnaleðurhúfan þeirra með þvottabjarnaskinni, er dæmi um það en

Marta Hreiðardóttir, Heiðars Sigurðsson feldskeri og Kristín Birgisdóttir.

Heiðar byrjaði að framleiða hana fljótlega eftir útskrift 1983. Þessi húfa er ennþá mjög vinsæl og getur erfst milli systkina. Þar má einnig nefna kerrupokann úr lambaskinni sem var líka mjög vinsæll á þessum árum. Þessi poki er ennþá að erfast milli kynslóða en í dag er hann ekki með sama öryggi og komið er í dag. „Við erum að vinna að því að koma með nýja útfærslu af gamla, góða gærupokanum sem við létum sauma fyrir okkur á Akureyri á sínum tíma,“ segir Kristín. -SJ

GP Arkitektar

NÝ NÁLGUN Í BYGGINGU FJÖLBÝLISHÚSA

Guðni Pálsson hefur um árabil starfrækt eigin teiknistofu og fyrstu árin með Dagnýju Helgadóttur arkitekt.

Á meðal verkefna sem þau unnu að, er skipulag Kvosarinnar miðbæ Reykjavíkur og Rimahverfis í Grafarvogi. Helstu byggingar teiknistofunnar eru hin svokölluðu „hvítu" íbúðarhús á Völundarlóð og skrifstofubygging við Lágmúla 4, betur þekkt sem Úrval-Útsýn-húsið.

Eftir að því samstarfi lauk hefur Guðni rekið teiknistofuna GP Arkitektar. Hann hefur meðal annars hannað þrjú hús sem standa í röð við Borgartún, hús Nýherja, nú Origo, hús Samtaka atvinnulífsins og KPMG. Einnig Top-Shop-húsið við Lækjargötu þar sem Hard Rock Cafe er núna til húsa, Plaza Hotel við Aðalstræti, húsnæði Keiluhallarinnar í Öskjuhlíð. Íbúðarhús í Bryggju- og Sjálandshverfi og glæsilegt fjölbýlishús við Eddufell 8, þar sem eldra verslunarhúsi var breytt í íbúðarhús. Einnig mjög sérstök parhús í Hafraþingi í Kópavogi. Hótel South Coast við Eyraveg á Selfossi opnaði 2019. Kynnt hafa verið drög að nýjum máta við byggingu fjölbýlis við sömu götu. Við Hamranes í Hafnarfirði mun rísa hverfi með um 100-130 íbúðum byggðar á sömu hugmyndafræði og við Eyraveg.

ANDSTÆÐUR

„Ég get ekki sagt að ég sé með neinn sérstakan stíl, tíðarandinn breytist hratt og maður breytist ósjálfrátt með. Verð þó að hafa mína meiningu. Kannski best lýst með því að ég á erfitt með að dansa tangó ef ég má ekki taka hliðarspor. Ég er ekki mikið fyrir ýkta formgjöf en hef gaman að dansa á ystu nöf eins t.d. við Lágmúla 4, þar var ég að vísu beðinn um að gera það.

Ég held mig við nútímann í þeim skilningi að hús eiga að líta út eins og þau séu hönnuð í dag, þó taka eigi mið af umhverfinu hverju sinni. Byggingalist á að vera skapandi eins og aðrar listgreinar og því sé það hlutverk arkitekta að vera það.

Þetta er öfugt við það að spila eftir nótum í hljómsveit, þar sem maður reynir að spila sama lagið betur og betur. Í byggingarlist er endurtekningin eiginlega af hinu vonda.

Það getur varla verið rétt að maður teikni sama húsið aftur og aftur í þeirri von að það verði loksins gott. Ég tel því ekki að það sé hlutverk okkar arkitekta að endurtaka það sem þegar hefur verið byggt heldur nota það sem grunn fyrir nýja hönnun. Seinni árin hefur hönnun mín orðið meira skúlptúrel. Ég sleppi meira fram af mér beislinu sem hélt mér áður fyrr. Ég legg áherslu á andstæður – þetta hráa og hlýja eins og steypu og við. Leikur með efnin skapar alltaf möguleika.

BYLTINGARKENND HUGMYND

Á teiknistofunni höfum við unnið að hönnun nýstárlegs fjölbýlishúss sem verður byggt á Selfossi.

Ég hef alltaf verið opinn fyrir nýstárlegri hönnun bygginga eins og t.d. íbúðarhúsin sem arkitektinn Moshe Safdie teiknaði fyrir heimssýninguna í Montreal í Kanada 1967, kölluð Habitat 67. Þetta eru enn, 50 árum seinna, langeftirsóttustu íbúðirnar þar í borg.

Guðni Pálsson

Umrædd bygging er fræg fyrir sérkennilegan byggingarmáta þar sem sérbýlum er staflað upp hvort ofan annað þannig að úr verður margra hæða fjölbýlishús einbýla.

Má segja að þetta sé grunnurinn að húsinu við Eyraveg. Lóðin er ekki stór og ekki er pláss fyrir mörg hliðarspor

„Ég fékk þá hugmynd að nota vinkilhús og leggja nokkur hús ofan á hvort annað sitt hvoru megin við aðkomugang. Á Selfossi verður þetta fjögurra hæða hús með átta íbúðir á hverri hæð. Íbúðirnar snúast innbyrðis. Við það verða aðkomugangarnir uppbrotnir, því allir veggir verða innbyrðis skakkir. Þakinu á efstu hæðinni er lyft yfir stofuálmunni en við það breyttist útlit byggingarinnar mikið – það kemur meiri léttleiki yfir hana. Heildin snarbreyttist," segir Guðni. Útskotsgluggar setja einnig mikinn svip á bygginguna.

Íbúðirnar verða um 60-90 fermetrar að stærð. Íverurými snúa öll að svölunum og er hægt að ganga út á þær frá þeim öllum. Svalirnar verða stórar – um 18-23 m2 og tveggja metra djúpar. Þær verða því garður hverrar íbúð. „Það verður skilyrði að fólk rækti gróður í steyptum gróðurkössum sem verða á svölunum."

Búið er að kynna hugmyndina fyrir skipulags- og bygginganefnd Árborgar á Sel-

Hamranes

fossi. Það á eftir að klára bygginganefndarteikningar og segir Guðni að vonandi verði hægt að byrja að byggja í upphafi næsta árs.

Í apríl fengum við úthlutaða lóð fyrir um 110-130 íbúðum í nýju íbúðahverfi við Hamranes í Hafnarfirði. Þar höfum við þróað þessar hugmyndir áfram. Hér verður byggðin allt öðruvísi. Í Hamranesi erum við að byggja í opnu landi en við Eyraveg á lítilli lóð við götu inni í bæ.

Því verður form húsanna allt annað. Húsunum er deilt upp í þrjár íbúðaeiningar með um 40 íbúðum í hverri einingu sem hver um sig er byggð utan um lítinn garð. Íbúðirnar eru vinkilformaðar eins og við Eyraveg. Landið er mosavaxið hraun. Það verður kappkostað að halda því eins mikið óhreyfðu og mögulegt er. Við erum að byrja deiliskipulagningu á reitnum, sem verður vonandi tilbúinn til byggingar núna í haust.

Guðni segir að þessar byggingar skipti hann miklu máli. „Þetta er á vissan hátt bylting í hönnun fjölbýlishúsa og því mikilvægt að vel takist til."

NÚTÍMALEGT HÓTEL Á SELFOSSI

Í júní í fyrra klárði teiknistofan hönnun á glæsilegu hóteli, Hótel South Coast við Eyraveg á Selfossi. Byggingin er á fjórum hæðum með 72 hótelherbergjum. Herbergin eru rúmgóð, frá 24 fermetra upp í 34 fermetra. Á fyrstu hæð er móttaka og veitingastaður. Í kjallara er stórt spa með heitum og köldu pottum, gufubað, sauna og rúmgóð hvíldaraðstaða.

„Það var heilmikil vinna að klára þetta hótel, þar sem við teiknum líka allar innréttingar," segir Guðni. Hótelið er nútímalegt í útliti eins og öll hans hönnun. Útveggir eru klæddir með ljós- og dökkgráum steinplötum sem og Cortein stáli, sem er ryðgað stál. Brúni litur stálsins skapar hlýleika á móti gráu steinplötunum.

Stiginn á milli hæðanna er nýstárlegur, smíðaður úr Cortein stáli, hertu gleri og harðviði.

Herbergin eru hin glæsilegustu. „Stór gluggi blasir við þegar gengið er inn í herbergin en minni gluggar, annað hvort lóðréttir eða láréttir, eru til hliðar þar sem rúmin eru." Lengsti veggurinn í herbergjunum verður svartmálaður en aðrir veggir eru hvítir, fyrir utan veggina sem rúmin munu standa við en þeir eru málaðir í mismunandi litum.

Baðherbergin eru í gráleitum og svörtum tónum og eru vaskarnir sérhannaðir sem hluti af borðplötu.

Veggir hótelganganna eru hrá steypa varin með glæru varnarefni.

Öll lýsing bæði úti og inni er Ledd-lýsing sem er sparneytin og viðhaldsminni en venjulegar ljósaperur.

Fyrir nokkrum mánuðum var opnuð lítil gestaálma við Hlið á Álftanesi. Húsið tekur nútímalegt mið af eldra íbúðahúsi sem er byggt í torfbæjarstíl. Við Selhellu í Hafnarfirði er teiknistofan að hanna tvær byggingar. Annars vegar nýbyggingu fyrir HS Veitur, sem er verið að leggja lokahönd á. Húsið er um 1600 m2 og samanstendur af lager, verkstæði, skrifstofum og matsal. Húsið verður tekið í notkun innan tveggja mánaða. Hinsvegar 1700 m2 nýbyggingu fyrir Icetransport, sem samastendur á sama hátt af lagerhúsnæði, skrifstofum og matsal, þó byggingarnar séu mjög ólíkar.

Hótel við Skipholt 29 í Reykjavík er svo til tilbúið. Þar er opnun háð Koronavírusnum.

-SJ

Hótel Plaza við Aðalstræti

Hlið á Álftanesi

Lágmúli 4

Hafraþing í Kópavogi

Laugavegur 91

Hotel South Coast Selfossi

Eyravegur 17, Selfoss

Tillaga af Hóteli við Norðurströnd Reykjavíkur

Borgartún 37, Origo

Eddufell 8

Íbúðir í bryggjuhverfi

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN EHF

Einstök náttúruafurð

Fjölskyldufyrirtækið Íslenskur æðardúnn ehf er starfrækt í Stykkishólmi og eru eigendur æðarbændur í eyjum í Breiðafirði sem er stærsta nytjaða æðarvarp í heiminum. Fjölskyldan sér um tínslu og hreinsun á æðardúni sem er að langmestu leyti fluttur til útlanda auk þess að framleiða eigin vörur úr æðardúni. Fyrirtækið rekur Æðarsetur Íslands við Frúarstíg 6 þar sem er meðal annars hlunninda- og fræðslusýning. Þá eru vörur úr æðardúni og æðardúnssængur til sölu sem og listmunir tengdir æðarfugli. Kynningarefnið sem og kynningarmynd er á fjórum tungumálum: Íslensku, ensku, þýsku og japönsku.

Fjölskyldan á ásamt fleiri aðilum Bjarneyjar og Hvallátur og auk þess nokkrar litlar eyjar rétt fyrir utan Stykkishólm en æðarfuglinn verpir á öllum þessum eyjum.

Æðarfuglinn getur orðið um 20 ára gamall og segir Erla Friðriksdóttir, einn eigenda og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, að hver æðarkolla verpi í um 17 ár. „Hún er með æðardún á bringunni sem ver hana fyrir kulda á veturna en þegar hún verpir verða hormónabreytingar í henni sem veldur því að dúnninn losnar frá og myndast varpblettur. Þaðan kemst hiti frá henni að eggjunum. Það fellur til í hvert hreiður um 16 grömm af æðardúni. Æðardúnn er sérílslensk vara en árlega falla til um 4000 kíló í öllum heiminum af æðardúni og þar af á Íslandi um 3000 kíló.“

Starfsfólk Íslensks æðardúns ehf hreinsar svo og þvær dúninn sem Erla segir að sé mikið verk og taki langan tíma en það þarf að skilja hann frá meðal annars grasi, sandi, steinum, mosa og fleiru sem er í náttúrunni. „Þetta er óhemjuvinna. Allur dúnn er svo þveginn í höndunum hjá okkur.“

Æðardúnn þykir vera einstök náttúruafurð og hefur hann einstaka eiginleika. „Hann helst mjög vel saman og hefur því mikla samloðun og mikinn teygjanleika. Svo hefur hann einstakt einangrunargildi og því hefur verið haldið fram að hann hafi mest einangrunargildi af öllum náttúrulegum efnum sem hafa fundist. Hann er mjög hlýr.“

Íslenskur æðardúnn ehf flytur dúninn út og samkvæmt íslenskum lögum þarf matsmaður frá íslenska ríkinu að skoða dúninn. „Um 90% af þeim dún sem við fáum inn til okkar fer til Japan, eða um 1000-1200 kíló á ári, en einnig seljum við til Evrópulanda. Við höfum hug á að flytja dún til fleiri landa. Ég held að möguleikarnir í framtíðinni séu að gera meira úr dúninum hér á landi; selja minna af hrávörunni og meira af fullunnum afurðum þannig að verðmætasköpunin verði til hér í ríkara mæli.“- SJ

Rafn Rafnsson og Erla Friðriksdóttir

Friðrik Jónsson

BÍLASTÆÐAHÚS UNDIR ARNARHÓLI

Lengi voru uppi ráðagerðir um að reisa byggingar á Arnarhóli í Reykjavík. Þar skyldi rísa mikið gistihús „Hotel de Nord“ og einnig stóð til að Latínuskólinn yrði reistur þar þegar hann var fluttur frá Bessastöðum. Seinna var rætt um að byggja hús undir Landsbankann á hólnum og einnig Þjóðleikhús.

Aldreivarðneittúrbyggingaframkvæmdum á hólnum — líklega einni bestu lóð bæjarins — og á því var einföld skýring. Þegar tukthúsið var reist, þar sem nú er Stjórnarráð, var Arnarhóll lagður undir það. Síðar höfðu stiftamtmaður og landshöfðingi afnot þessarar jarðar, eftir að tukthúsið var orðinn embættisbústaður þeirra. Eiginhagsmunir þessara æðstu embættismanna vernduðu því hólinn. Þetta var þeirra tún og þar voru þeirra kýr á beit!

Á fundi í Kvöldfélaginu 10. janúar 1863 hreyfði Jón Árnason þjóðsagnasafnari fyrst við þeirri hugmynd reist yrði líkneski Ingólfs Arnarsonar í bænum, en Kvöldfélagið var forveri Stúdentafélags Reykjavíkur sem stofnað var 1871 og enn starfar. Annað merkt félag í bænum, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, stofnað 1867, hafði löngu síðar forgöngu um að minnisvarðinn yrði reistur og lauk því verki árið 1924. Þá var landshöfðingi fyrir löngu horfinn á braut og engar kýr lengur að beit á hólnum.

SEÐLABANKI VEKUR DEILUR

Arnarhóll var að mestu óáreittur þar til árið 1971 að Seðlabanka Íslands var úthlutað lóð nokkru norðan við minnismerki Ingólfs. Gerðir voru uppdrættir að byggingu fyrir bankann og þær fyrirætlanir vöktu strax harðar deilur. Mótmælendur vildu ekki skerða hólinn og voru lítt hrifnir af útliti hússins, fannst það helst minna á pýramída á hvolfi (sjá meðfylgjandi mynd). Á mótmælafundi sem haldin var 10. september 1973 voru lesin ávörp eftir þjóðskáldin Gunnar Gunnarsson, Halldór Kiljan Laxness og Tómas Guðmundsson. Kvaðst Halldór mótmæla „ábyrgðarlausri hégómadýrð, með sóun á almannafé til að reisa afkáralegt monthús yfir fjárhagsvanmátt og verðbólgu, skerða stolt höfuðborgarinnar og byrgja náttúrfegurð höfuðstaðarins“. Þessi kröftugu mótmæli urðu til þess að fallið var frá framkvæmdum. Það var svo áratug síðar sem framkvæmdir við núverandi Seðlabankabyggingu hófust nokkru norðar og var hún vígð árið 1987.

Samhliða byggingu Seðlabankahússins var reist bílastæðahús undir hluta Arnarhóls, en um þær mundir var farið að halla undan fæti í verslun í miðbænum, ekki hvað síst vegna skorts á bílastæðum. Á fundi í borgarstjórn Reykjavíkur 1982 lagði Albert Guðmundsson, forseti borgarstjórnar, fram tillögu þess efnis að fela borgarverkfræðingi að kanna möguleika á að koma fyrir bílageymslu undir Arnarhóli, þar með talið undir minnismerki Ingólfs. Hugmyndin var sú að við þá framkvæmd myndu jafnframt skapast aðstæður fyrir ódýrt grjótnám í hjarta borgarinnar. Að framkvæmdum loknum yrði tyrft yfir hólinn og útlit hans myndi í engu breytast.



Börn að leik á Arnarhóli skömmu eftir að minnismerki Ingólfs Arnarsonar var reist.

LEYSA ÞARF SAMGÖNGUVANDA MIÐBÆJARINS

Þessi tillaga Alberts náði ekki flugi á sínum tíma, en er allrar athygli verð enn þann dag í dag. Öll þekkjum við bílastæðaskortinn í miðborginni og sívaxandi andstaða er við akstur bifreiða um verslunargötur og bílastæði við þær götur. Borgaryfirvöld hafa því undanfarin ár fækkað bílastæðum mikið, en ekki hafa komið til ný stæði í þeirra stað og þjónusta strætisvagna í miðbænum hefur minnkað á sama tíma. Verslun og þjónusta við landsmenn flyst því annað, en vaxtarbroddurinn í atvinnustarfsemi í miðbænum er nær eingöngu þjónusta við ferðamenn. Flestir hljóta þó að geta sammælst um gildi þess fyrir borgarmyndina að hér séu góðar verslunargötur þar sem landsmenn geta gert innkaup sín, en til þess að miðbærinn megi eflast á nýjan leik þarf að bæta aðgengi bifreiða.

Í því sambandi er vel við hæfi að dusta rykið af tillögu Alberts Guðmundssonar og kanna í alvöru hagkvæmni þess að koma fyrir bílastæðahúsi undir Arnarhóli. Jafnvel væri mögulegt að notast við núverandi inngang bílastæðahússins undir Seðlabankanum, Kolaportsins svonefnda. Frá bílastæðahúsinu yrðu síðan nokkrir útgangar eftir því hvert leið manna lægi. Einn gæti legið upp í Arnarhvol, annar í Hæstarétt, þriðji í Þjóðleikhúsið og fjórði upp á Laugaveg. Þá mætti hugsa sér að bílastæði Stjórnarráðsins yrðu innan þessa bílastæðahúss með tengingu þangað um göng neðanjarðar.

Með nýju stóru bílastæðahúsi undir Arnarhóli mætti nota bílastæðahúsið við Traðarkot undir annað.



Árið 1973 hófust framkvæmdir við Seðlabankahús á Arnarhóli sem vakti miklar deilur. Fallið var frá áformum um bygginguna.

LAUSN Á BÍLASTÆÐAVANDANUM?

Með því að hafa þetta bílastæðahús nógu stórt mætti loka bílastæðahúsinu Traðarkot við Hverfisgötu og taka það undir önnur not, svo sem verslun eða skrifstofur og fækka um leið bílastæðum annars staðar í nágrenninu. Þeir sem ættu erindi á þetta svæði á bíl yrði því beint inn í bílastæðahúsið.

Allir þekkja þá erfiðleika sem því fylgir að finna stæði ef förinni er heitið í verslun neðarlega við Laugaveg eða ef haldið er á leiksýningu í Þjóðleikhúsinu. Með stóru bílastæðahúsi undir Arnarhóli yrði vandinn leystur. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að engin slík helgi hvílir yfir Arnarhóli að hann megi ekki nota undir bílastæðahús, enda myndi útlit hans ekki breytast. Undir Hyde Park í Lundúnum er stór bílageymsla og sama gildir um ýmsa höfuðgarða í borgum nágrannalandanna.

Getur verið að lausnin á bílastæðavanda miðbæjarins liggi undir Arnarhóli?

Þegar öllu er á botninn hvolft var það okkur mikið lán að stiftamtmenn og landshöfðingar nítjándu aldar skyldu þurfa tún fyrir sínar kýr og undir Arnarhóli liggur ef til vill lykillinn að bílastæðavanda miðbæjarins. *Björn Jón Bragason*

HLUSTA.IS









ÞAR SEM TÝNDU BÓKMENNIRNAR FÁ NÝTT LÍF

Íslendingar líta gjarnan á sig sem bókmenntaþjóð og vísa þá ýmist í mikla útgáfu bóka á hverju ári miðað við höfðatölu eða flagga Íslendingasögunum til að sýna hvað hefðin er sterk.

Og það er ekkert að því þó við séum stolt af arfi okkar og árlegum dugnaði við að gefa út bækur því vissulega gefum við út fleiri bækur á hverju árið miðað við höfðatölu en margar aðrar þjóðir og já Íslendingasögurnar eru merkilegar og þær eru okkar.

En það er langur vegur frá fornritum tólftu og þrettándu aldar og til dagsins í dag og margt sem gerðist þar á milli. Og það er einmitt þar sem íslenskir lesendur eða hlustendur mættu gera betur.

Ef einhver vill kynna sér, þó ekki væri nema höfunda frá því í byrjun 20. aldar, þá dugar venjulega ekki að fara í bókabúðir. Það er helst að finna slíkt efni í fornbókaverslunum eða á bókasöfnum, en þar eru kynningar af skornum skammti og því getur verið erfitt að detta niður á áhugavert efni.

Þá komum við að þætti útgefanda og verslana. Af hverju ættu þeir að hampa þessu efni og gera það aðgengilegt ef íslenskur almenningur hefur lítinn áhuga á því?

En það breytir því þó ekki að margur kann að missa af áhugaverðum og skemmtilegum sögum fyrir vikið. Að ekki sé talað um mikilvægi þessara bókmennta fyrir tunguna og menningarlegt samhengi.

Víða erlendis gera menn sér far um að endurvekja og kynna eldri höfunda og bækur sem eiga erindi í samtímann og liggja bækurnar þá frammi á góðum stöðum í bókaverslunum. Varla fær þetta efni slíka athygli nema einhverjir sýni því áhuga og kaupi það. Það er kannski þar sem hnífurinn stendur í kúnni hjá okkur. Við höfum einfaldlega ekki hlúð nægilega vel að þessu frábæra efni og gert nóg til að áhugi almennings vakni.

En nú geta þeir sem vilja kynna sér margar þessar frábæru bókmenntaperlur tekið gleði sína því í dag geta menn nálgast og notið margra þeirra höfunda sem lengi hafa verið illfáanlegir í bókabúðum þessa lands. Á hljóðbókasíðunni Hlusta.is er nú hægt að verða sér úti um alls kyns bókmenntalegt fágæti sem ekki hafa legið á lausu. Þar má með litlum tilkostnaði hlusta á bækur sem margir vissu hreinlega ekki að væru til eða höfðu aðeins heyrt um.

Já, nú er hægt að nálgast skáldverk öndvegishöfunda eins og Jóns Trausta (Guðmundur Magnússon), Ólafar frá Hlöðum, Theódórs Friðrikssonar, Huldu (Unnur Benediktsdóttur Bjarklind), Einars Hjörleifssonar Kvaran, Guðrúnar Lárusdóttur, Torfhildar Hólm, Sigurðar Róbertssonar, Maríu Jóhannsdóttur, Jóns Thoroddsens, Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar, Jóhanns Gunnars Sigurðssonar, Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Guðmundar Kambans, Kristmanns Guðmundssonar, Guðmundar Daníelssonar, Matthíasar Johannessens og margra annarra.

Ingólfur B. Kristjánsson Jökull Sigurðsson

Þá eru ótaldar margar eldri þýðingar unnar af fórnfúsum og menningarsinnuðum andans mönnum sem færðu okkur Íslendingum erlendar bókmenntaperlur alla leið heim á hlað. Verður það starf seint fullþakkað og mætti að ósekju hampa því fólki betur en gert hefur verið. Af slíkum sögum á Hlusta.is má nefna: Austurför Kýrosar eftir Xenófon í þýðingu Halldórs Kr. Friðrikssonar og Gísla Magnússonar, Ben Húr í þýðingu séra Sigurbjörns Einarssonar, Cymbelína hin fagra eftir Charles Garvice í þýðingu Guðmundar Guðmundssonar, Makt myrkranna eftir Bram Stoker í þýðingu Valdimars Ásmundssonar, Herragarðssaga eftir Selmu Lagerlöf svo eitthvað sé nefnt af þeim aragrúa bóka sem er að finna í þessum flokki.

Þá er mikill fengur að skemmtilegum og vönduðum ævisögum og endurminningabókum á vefnum, s.s. Austantórur Jóns Pálssonar, Minningar Guðrúnar Borgfjörð, Bernskuheimili mitt eftir Ólöfu frá Hlöðum, Dægradvöl eftir Benedikt Gröndal, Eldrit Jóns Steingrímssonar, Í verum eftir Theódór Friðriksson, Saga Abrahams Lincolns Bandaríkjaforseta eftir Bjarna Jónsson og fimm samtalsbækur Matthíasar Johannessens sem eru hrein og tær snilld. Er þetta þó aðeins brot af bókum í þessum flokki sem hægt er að hlusta á.

Hér er stiklað á stóru í þremur efnisflokkum en í allt eru flokkarnir nítján. Auk þriggja fyrrnefndra flokka er hægt að velja Íslendingasögur og fleiri fornrit, barnasögur og ævintýri, sakamálasögur, íslenskar smásögur, þýddar smásögur og fleira og fleira.

Já það er af nógu að taka fyrir þá sem vilja hlusta sig í gegnum það besta í bókmenntasögu þjóðarinnar á Hlusta.is.

KONAN Í VERKUM ÁSMUNDAR SVEINSSONAR

Konan var Ásmundi Sveinssyni (1893-1982) myndhöggvara hugleikið myndefni. Hvort sem verk hans sýna munaðarfulla ástkonu, móður sem heldur verndarskildi yfir barni sínu, stritandi verkakonu eða tryllingslega tröllkonu, þá endurspegla þau mismunandi hlutverk og hliðar konunnar.

HIN VINNANDI KONA

Á fjórða áratug síðustu aldar vann Ásmundur fjölmörg verk með íslenska alþýðu í huga. Þessi félagslegu raunsæisverk sýna oftar en ekki konur við vinnu sína og bera nöfn á borð við: Kona að strokka (1934), Vatnsberinn (1936) og Þvottakona (1937). Stytturnar, sem sýna stórgerðar og kraftmiklar konur, eru flestar gegnheilar sem gerir það að verkum að konan og vinnan virðast renna saman í eina massífa heild. Verkin má túlka sem lofsöng til íslenskra verkakvenna sem með eljusemi sinni ólu önn fyrir fátækri landbúnaðarþjóð.

KONAN SEM TÁKN

Það var fjallamynd Íslands sem var Ásmundi ofanlega í huga við gerð Vatnsberans. Konan sem tákmynd náttúrunnar er jafnvel enn greinilegri í verkunum Móðir jörð (1936) og Tröllkonan (1948). Móðir jörð sýnir konu sem krýpur yfir barni um leið og hún gefur því brjóst. Formgerðin er nær klassískur pýramídi eða fjall og endurspeglar táknrænt hlutverk náttúrunnar að næra mannkynið. Tröllkonan, sem er óhlutbundnara verk, hefur jafnframt beina skírskotun til íslenskrar náttúru, en skessan minnir mest á steinrunnið tröll með öllum sínum hellum og fjallstoppum.

MÓÐIRIN

Ásmundur var óþreytandi við að túlka tengslin milli móður og barns, en móðurástina sá hann fyrst og fremst sem verndandi afl. Í verkinu Fýkur yfir hæðir (1933), en nafnið vísar í samnefnt ljóð Jónasar Hallgrímssonar, má sjá konu faðma að sér barn um leið og mjúkar bogadregnar línur líkamans sveigjast eins og til að skýla því undan óveðri. Jafnvel enn átakanlegra er verkið Móðurást (1948), en þar bograst kona með barn í fanginu með gat á bringunni; líkt og búið sé að skjóta af henni annað brjóstið. Verkið er bein tilvísun í heimstyrjöldina og hvernið frumeðli móðurinnar birtist andspænis hryllingi stríðsins.

Þrátt fyrir endurtekin leiðarstef þá eru kvenmyndir Ásmundar jafn ólíkar og þær eru margar, enda var myndmál hans í stöðugri endurnýjun. Ófáir íslenskir listamenn eru til að mynda jafndjarfir að blanda saman hinum ýmsu „ismum“ ásamt því að skipta um efnivið og aðferðafræði eftir því sem viðfangsefninu hæfir og Ásmundur.

Kvenmyndir Ásmundar ásamt öðrum höggmyndum hans eru til sýnis í Ásmundarsafni. Safnið, sem staðsett er í Sigtúni í Reykjavík, var áður heimili hans og vinnustofa. Eins og áður hefur komið fram, þá var „vinnan“ sem fyrirbæri honum hugleikin og því þótti honum mikilvægt að reisa og hanna bygginguna að mestu leyti sjálfur. Formgerð safnsins, ásamt fjölmörgum útilistaverkum á lóðinni í kring, skapar áhugaverða heild sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. -HK

SEGLIN VIÐ POLLINN

Til stóð að byggingarnar sem hér er fjallað um, myndu rísa aftan við Gránufélagshúsið á Akureyri, neðarlega á Oddeyrinni. Gránufélagið sem var stofnað árið 1870 hóf verslunarrekstur á Oddeyrinni og sagði þar með dönskum kaupmönnum stríð á hendur. Því þótti okkur hjá Zeppelin arkitektum nærtækast í tillögusmíðinni og rómantískast, að leita fanga í sögu félagsins og baráttunni fyrir frjálsri verslun.

Gránufélagið rak fjögur seglskip; þau voru tákn nýrra tíma, frelsis og framfara og form bygginganna er vísun í segl skipanna. Hver bygginganna átti að tákna eitt fjögurra skipa Gránufélagsins: Gránu, Rósu, Hertu og Njál. Þær áttu, auk þess að vera íbúða- og atvinnubyggingar, að vera minnisvarði um baráttuna fyrir frjálsri verslun, og Gránufélagið. Við gáfum tillögunni nafnið; Seglin við Pollinn.

Inn slæddust áhrif frá lystigarðinum á Akureyri, en á milli "seglanna" átti að vera garður sem teygði sig upp eftir stöllluðum innri byrðum þeirra. Í ljósi þess að lystigarðurinn á Akureyri er sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi, stofnaður 1910, fannst okkur fara vel á því að hér væri fylgt þeirri bylgju sem nú gengur yfir í mannvirkjagerð um allan heim, að klæða veggi og þök með gróðri og görðum. Í tillögunni er gerð tilraun til að fylgja ofangreindri stefnu í nútímamannvirkjagerð og fella inn í hugmyndina um Seglin við Pollinn.

Hafnarbakkinn framan við Gránufélagshúsið er eitt af hliðum Akureyrar. Farþegaskipin sem þar leggja að bryggju eru fjölmörg og farþegarnir skipta tugþúsundum. Frá skipunum blasa við illa hirt svæði á bak við Gránufélagshúsið, en löngu er orðið tímabært að bæta þar úr með myndarlegum hætti. Hér var gerð tilraun til þess. Borgarhlið hafa ætið verið vegleg og þannig eiga þau að vera, hvort heldur þau eru hluti af borgarmúrum fyrri alda, lestastöðvar, flugvellir eða hafnir, enda anddyri borga og bæja. Hugmynd okkar var að "seglin" tækju á móti farþegaskipunum og biðu þau velkomin.

Eins og við var að búast risu upp háværar raddir sem mótmæltu áformunum og veikluð bæjarstjórn hraktist undan þrýstingi og efndi til íbúakosningar um fyrirkomulag svæðisins. Umdeilanleg niðurstaða kosninganna var óbreytt skipulag.

Seglin við Pollinn var rómantísk sýn á skútuöld og starfsemi Gránufélagsins og baráttunni fyrir sjálfstæði, vísun í sögu staðar og þeirra sem hann byggðu og höfðu mikil og óumdeilanleg áhrif á íslenskt samfélag. Við hjá Zeppelin arkitektum trúum því að slík söguleg skírskotun bæti verkefni, geri þau áhugaverðari og veiti þeim aukna dýpt.

LEITIN AÐ ÆGIFEGURÐINNI

VIÐTAL VIÐ SHOPLIFTER HRAFNHILDI ARNARDÓTTUR LISTAMANN

Hver er Shoplifter? Og af hverju hefur þú valið hár sem þinn helsta efnivið til listsköpunar?
Ég er íslenskur listamaður sem vinn aðallega með gervi og mannshár í verkunum mínum. Sköpunarkraftur manneskjunnar, hugvit, sjálfsmynd og hégómi er mér aðal innblástur. Öll notum við hárið okkar til að ramma inn útlit okkar og erum við alltaf að reyna að temja þennan „líkamsgróður“ sem vex og þarfnast mikillar umhirðu. Við þurfum öll að taka kreatívar ákvarðanir þegar kemur að hárgreiðslu og má segja að flestir séu frekar uppteknir af hárinu á sér. Ég sé hvert hár sem línu á blaði, þrívíða teikningu sem umhverfist í skúlptúra og stórar innsetningar í verkunum mínum. Ég nota litríkar gervi hárlengingar til að mála lifandi landslag sem hverfist um áhorfandann og fyllir upp í sjóndeildarhringinn og ýfir í tilfinningum og skilningarvitum okkar með litum og áferð. Mér hefur tekist að temja strýið á svo margvíslegan hátt, hvort sem það eru lítil verk eða stórar innsetningar sem eru í mínum huga abstrakt expressjónískt landslag og yfirnáttúra.

Verkin þín skapa oftar en ekki andstæð hughrif og geta verið upplifuð sem fögur eða fráhrindandi, a.m.k. virðist fegurðinni ávallt fylgja einhver annarleiki. Að sama skapi hefur þú notað eitthvað sem almennt þykir neikvætt eins og hégóma og sýnt það í jákvæðu ljósi. Hefur þessi andstaða við viðtekin fegurðargildi eitthvað með hlutverk listarinnar að gera að þínu mati?
Að mínu mati væri lífið ekki jafn næringarríkt og gefandi ef manneskjan hefði ekki þörf til að fegra sig og umhverfi sitt. Ef hégómi liggur þar að baki, þá finnst mér eðlilegt að sjá það í jákvæðu ljósi en ekki neikvæðu. Leitin að skilgreiningu á fegurð er ævafornt viðfangsefni í listum. Fagurfræðin spilar ávallt stórt hlutverk í listiðkun og hönnun, hvort sem það er í forgrunni eða bakgrunni. Fegurðin er ríkjandi afl alltum kring og mikil uppspretta vellíðunar, hamingju og sköpunarkrafts manneskjunnar. Í verkunum mínum er ég að leita að ægifegurð þar sem togast á og bærast með okkur ólíkar tilfinningar og andstæð viðbrögð þar sem fegurð, og fyrir sumum fráhrindandi áferð, takast á við hvort annað.

Nú tókst þú þátt í Feneyjartvíæringnum fyrir Íslands hönd á síðasta ári með verkinu Chromo Sapiens, getur þú sagt stuttlega frá þessu verki og hvort Homo Sapiens eigi eitthvað sammerkt með Chromo Sapiens?
Jú með verkinu Chromo Sapiens er ég að bjóða áhorfandanum upp á að njóta aukinnar meðvitundar um liti, þar sem Homo Sapiens þýðir hinn viti borni maður og þá verður merking Chromo Sapiens: manneskja með aukna litrófs meðvitund. Litir auðga líf okkar og við getum haft áhrif á litríki í umhverfinu með því hvernig við klæðum okkur og veljum okkur muni og útlit á heimili okkar. Það væri synd að fara á mis við þá auknu vellíðan sem fylgir því að taka inn um augun litadýrðina sem blasir við okkur allstaðar.

Hvað er svo framundan?
Í haust kemur út sérstakt Limited Edition serum frá BIOEFFECT í tilefni tíu ára afmæli fyrirtækissins. BIOEFFECT fékk mig sér til liðs til þess að hanna glerflösku fyrir nýja serumið og situr flaskan að auki í skúlptúr sem ég bjó til og þetta er mikill lúxus og listgripur. Þetta verkefni höfum ég og listræni framleiðandinn minn Lilja Baldurs unnið í síðan í fyrra sumar með BIOEFFECT teyminu og hefur þetta verið frábært samstarf. Á næstu mánuðum mun ég setja upp innsetningu í Menningarhúsi Norður-Atlantshafslanda í Norðurbryggju í Kaupmannahöfn og í haust mun ég einnig sýna í Kulturhuset í Stokkhólmi þegar húsið verður opnað á ný eftir viðgerðir á þessari merku byggingu sem er hjarta borgarinnar. Margt fleira er í farvatninu, og mér hefur t.d. verið boðið að vera gestalistamaður á glerverkstæði í Seattle í Bandaríkjunum og í The Museum of Glass í Tacoma. Það linnir því ekki látunum í vinnustofunni þar sem ég nýt aðstoðar fjölda manns því það er ekki á einnar manneskju færi að setja upp svona stórar innsetningar og vinna við svona mörg verkefni án hjálpar hæfileikaríks fólks. Ég tel mig mjög gæfuríka að fá öll þessi tækifæri til að miðla mínum myndheimi, fagurfræði og eigin heimspeki í formi myndlistar og það er einstaklega gefandi að finna að verkin mín eiga ríka samleið með fólki víðsvegar um heiminn og höfða til margra sem jafnvel eru ekki vanir að skoða myndlist af áhuga eða sækja söfn reglulega. -HK

Greinin birtist á netinu 2020.

STEINA VASULKA

tónlistarkonan með myndbandsupptökuvélina

Þrátt fyrir að hafa dvalið í Bandaríkjunum í fimmtíu ár hefur íslenska listakonan Steina Vasulka (f. 1940) ávallt haldið tengslum við land sitt og þjóð. Í gegnum tíðina hefur hún komið reglulega til landsins til þess að vinna að listsköpun sinni, enda er íslensk náttúra hinni áttræðu myndbandslistakonu ofarlega í huga. Í verkum hennar má oftar en ekki líta íslenskt landslag á borð við mosa, fossa, hraun eða frussandi leirhvera.

Steina er fædd og uppalin í Reykjavík en hélt ung til náms til Prag til þess að nema fiðluleik og tónfræði. Þar átti hún eftir að kynnast tilvonandi eiginmanni sínum og síðar samstarfsmanni í listinni; verkfræðingnum og kvikmyndagerðarmanninum Woody Vasulka. Hjónin fluttu til New York árið 1965 eða um það leyti sem fyrsta handhæga myndbandsupptökuvélin, Sony Portapak, kom fyrst á markað. Á sjöunda áratugnum átti sér stað gróskumikið tilraunastarf meðal listafólks með þessa nýju rafrænu tækni. Steina heillaðist af hinni amerísku neðanjarðarmenningu, sem kennd er við framúrstefnuna, og ekki leið á löngu þar til að hún skipti fiðlunni alfarið út fyrir myndbandsupptökuvélina.

Saman stofnuðu Steina og Woody Tilraunaeldhúsið (The Kitchen) í Greenwich Village, en það var um tíma ein virtasta margmiðlunarmiðstöð veraldar. Þar gafst listafólki kostur á að sýna verkin sín, skiptast á skoðunum og miðla tæknilegri þekkingu sín á milli. Sjálf voru Steina og Woody uppfinningafólk á sviði rafrænnar margmiðlunar þar sem að þau smíðuðu margvísleg tæki og tækjabúnað sem síðan nýttist þeim til listsköpunar.

Í verkum Steinu má oftar en ekki greina bakgrunn hennar sem tónlistarkonu. Í raun hverfast mörg verka hennar um samspil hljóðs og myndar. Þetta samspil má sjá í einu af þekktari verkum hennar, Violin Power, en þar nýtir hún raftæknina til þess að láta tónlistina hafa bein áhrif á myndina. Sjálf hefur Steina sagt að hennar helstu áhrifavaldar séu Bach og Beethoven. Það er því ekki úr vegi að fullyrða að það sé arkitektúr tónlistarinnar, með sinn taktfasta rytma og þagnir, sem eru undirliggjandi fyrir vali hennar á samsetningu myndar og hljóðs; rétt eins og um myndræna sinfóníu sé að ræða.

Steina hefur, á efri árum, hlotið almenna viðurkenningu sem brautryðjandi á sviði myndbandslistar, bæði hér heima sem og erlendis. Þess má geta, að árið 2014 var sett á stofn Vasulkastofa, miðstöð fyrir staf- og rafrænalist, á Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Miðstöðin hefur þann tilgang að varðveita og miðla verkum þeirra hjóna, ásamt því að stuðla að frekari rannsóknum á arfleið og sögu íslenskrar raflistar. -HK



LANDMÓTUN

Vinningstillögur verða að veruleika

Landmótun er teiknistofa landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga sem hefur veitt alhliða ráðgjöf um skipulag og hönnun síðan 1994. Á meðal nýrra verkefna Landmótunar er endurgerð svæða í miðborg Reykjavíkur. Starfsfólk teiknistofunnar hefur fengið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín og má þar nefna verðlaun í tengslum við skipulag og hönnun ferðamannastaða og útsýnispalla.

Árið 2014 varð stofan hlutskörpust í hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðis. Áhersla var lögð á að líta á hverasvæðið umhverfis Geysi heildstætt og með bættu stígakerfi og áningarstöðum ykist öryggi gesta. Sama ár vann Landmótun ásamt VA-arkitektum og Erni Þór Halldórssyni hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun á Landmannalaugasvæðinu og byggðist tillagan meðal annars á að ný gönguleið myndaði samhangandi þráð sem næði frá nýju tjaldsvæði og móttökuhúsi við Sólvang og suður að Grænagili.

Útsýnispallur á Bolafjalli er verðlaunatillaga Landmótunar og Sei Studio frá samkeppni árið 2019, pallurinn er hugsaður sem hluti af klettabeltinu og undirstrikar sérstöðu staðarins þar sem hann svífur í 600m hæð. Nú árið 2021 urðu Landmótun og Sei Studio aftur hlutskörpust í samkeppni um útivistarsvæði og nú á Langasandi á Akranesi.

Landmótun hefur einnig unnið við hönnun á nýjum palli og gönguleiðum við Dettifoss, Svartafoss og Hundafoss í Skaftafelli og svo var það pallur við Brimketil, stóran skessuketil sem lítur út eins og laug í sjávarborðinu í Staðarbergi skammt frá Grindavík.

Áslaug Traustadóttir, landslagsarkitekt og einn eigenda Landmótunar, segir að það sem sum þessara verkefna eigi sameiginlegt séu grindur sem henta íslensku veðurfari en þær voru upphaflega hugsaðar fyrir olíuborpalla. Grindurnar eru léttar, festast á einfaldan hátt á stálundirstöður og minka þannig fótspor framkvæmda eins og hægt er. Starfsmenn Landmótunar leggja almennt áherslu á útfærslu og efni sem falla vel inn í náttúruna og má þar nefna timbur og ryðgaða áferð á stáli.

BREYTT ÁSÝND MIÐBORGAR

Landmótun hefur að undanförnu unnið fyrir Reykjavíkurborg að nýrri ásýnd á hluta miðborgar, þar á meðal austasta hluta Hafnarstrætis sem Áslaug segir að hafi verið áhugavert meðal annars vegna þess að krafa hafi verið um að það væri göngugata sem þó yrði að vera hægt að aka. Til að undirstrika göngugötuna voru gróðursett götutré með undirgróðri og bekkir sérhannaðir. Sérstaklega var unnið með litablöndur í hellulögnum til að fá dýpt og hreyfingu í yfirborðið.

Ásýnd Tryggvagötu frá Kalkofnsvegi og alveg út að Gróf hefur verið á teikniborði stofunnar í nokkurn tíma en fyrsta áfanga framkvæmdar lauk 2019. „Það tók svolítið lengri tíma en gert var ráð fyrir þar sem gamla steinbryggjan kom í ljós í miðjum klíðum og var ákveðið að hafa hana sýnilega og gera þar torg. Það var flókið að gera torg sem liggur neðar en sökkullinn á Tollhúsinu.“ Hugað var að skemmtilegri lýsingu í því verkefni og fékk Steinbryggjan Íslensku lýsingarverðlaunin 2020. Nú árið 2021 er verið að klára næsta áfanga Tryggvagötu og þar með talið torg fyrir framan mósaíkverkið á Tollhúsinu. Torgið er um 800 m2 stórt, steypt úr sérblandaðri steypu og síðan pússað og yfirborðsmeðhöndlað. Á torginu verður þokulistaverk, sérstök lýsing og línur úr ljóði eftir Sigurð Pálsson skáld, en það er hluti af Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

Meðal annarra verkefna má nefna vinnu Landmótunar við nýja, litríka ásýnd á torgsvæðum í Mjódd, Káratorg og yfirborð og ásýnd nýja Hlíðarendahverfisins. „Þetta er nýtt hverfi sem setur alveg nýjan tón og er í rauninni unnið eins og miðborg. Götunar eru þannig; breiðar gangstéttir og sérstaklega steyptir kantsteinar, sérgerðir fyrir þetta hverfi sem fær þannig svolítið eigið yfirbragð. Við eina götuna er gert ráð fyrir verslunum og þjónustu og trúlega kemur borgarlínan þar í gegn.“ -SJ



Á VESTURLANDI MÁ FINNA NÁTTÚRUFEGURÐ HVARVETNA

Njóttu lífsins með augun opin

Ef þig langar að sjá örlítið af nær öllu því sem einkennir Ísland, er tilvalið að heimsækja Vesturland. Svartar sandstrendur, hverir, rólegir kaupstaðir, tignarlegur jökull í göngufæri... Í raun má með sanni segja að á Vesturlandi sé hægt að finna brot af öllu því stórbrotnasta sem Íslands hefur upp á að bjóða.

Streymi stórkostlegra fossa

Glym, einn hæsta foss landsins, má finna á leiðinni vestur í Botnsdal, innst í Hvalfirði. Glymur fellur í tæplega 200 metra hæð og því getur gönguleiðin á toppinn verið krefjandi – en þó vel þess virði þegar komið er á leiðarenda enda útsýnið engu líkt. Hraunfossa er einnig gaman að sjá, en þeir samanstanda af ótal fossandi lindum sem renna um 900 metra undan Hallmundarhrauni, og eru oftar en ekki umluktir regnbogum. Við jaðar hraunsins rennur Barnafoss sem er þekktur fyrir fallegt umhverfi, þjóðsögu og töfra í lofti.

Njóttu jarðfræðilegrar sérstöðu Íslands

Ísland er paradís jarðfræðinga. Meðal þess sem ekki má láta framhjá sér fara er Deildartunguhver sem talinn er vatnsmesti hver Evrópu, en hann gýs tæplega 200 lítrum á sekúndu af 100C° heitu vatni. Heitt vatnið á mót við mosa og grjót, sem umlykur hverinn, minnir mann á hversu frumstætt og ólgandi líf býr í eyjunni okkar Íslandi. Ef áhugi er á að upplifa frumorku landsins enn betur má heimsækja Víðgemli, stærsta helli Íslands. Þar er boðið upp á leiðsögn gegnum litríkar hvelfingarnar, skreyttar yfir þúsund ára gömlum hraunmyndum og árstíðabundnum ís. Upplifunin er engu lík og mætti ímynda sér að svona væri Ísland allt að innan.

Stórbrotið Snæfellsnesið laðar að

Snæfellsnesið mætti nánast kalla miðju alheimsins, þó ekki væri vegna annars en þess að þar má finna Snæfellsjökulinn sjálfan sem er sögusvið bókar Jules Verne, Leyndardómar Snæfellsjökuls – þar sem fjallað er um ferð gegnum miðju jarðar. Undir Snæfellsjökli liggur virk eldstöð en gossögu hennar má rekja a.m.k. 700 þúsun ár aftur í tímann og var síðasta gos fyrir 1900 árum síðan. Hæð jökulsins er 1.446 m og sést hann því vel frá Reykjavík á sólríkum degi.

Á vestanverðu Snæfellsnesi, auk Snæfellsjökuls, eru þorpin Hellissandur, Ólafsvík og Grundarfjörður sem gaman er að heimsækja. Mikið er um fuglalíf, fallegar bergmyndanir og náttúru og eru Arnarstapi og Hellnar sérlega vinsælir áningastaðir. Fjallið Kirkjufell á norðanverðu Snæfellsnesi er vinsælt myndefni enda eitt sérkennilegasta fjall Íslands.

Mælt er með að eyða a.m.k. vikutíma í að heimsækja þennan hluta Vesturlands, enda fegurð og sérstaða svæðisins eitthvað sem ætti að kanna vel og njóta til hins ýtrasta á ferð um landið. -JG

Ljósmyndir og texti: *Páll Stefánsson*

SNÆFELLSNES

SJÖ MILLJÓNIR LUNDA Í LANDINU

Lundinn er einn algengasti fuglinn í íslenskri náttúru. Hér verpa rúmlega 2 milljón lundapör, hringin um kringum um landið. Stærstu lundabyggðirnar eru í Breiðafirði og í Vestmannaeyjum. Íslenski stofninn er sá langstærsti á heimsvísu. Þegar lundinn fer af landi brott um miðjan ágúst er stofnstærðin um 7 milljónir fugla. Frá miðjum ágúst fram í byrjun apríl heldur lundinn sig fjarri landi, í miðju Atlantshafinu milli Nýfundnalands og Márentaníu. Lundinn er ekki stór, þyngdin er er um 500 gr og vænghafið 54 cm, en hann bætir upp stærðina með stórum og litríkum goggi. Lundinn er afar góður kafari, en hann getur kafað allt niður á 60 m dýpi eftir sílum og loðnu sem eru hans uppáhalds fæða.

BORGARFJARÐARSÝSLA

FALLEGIR FOSSAR FALLA Í HVÍTÁ

Hraunfossar er samheiti á ótal tærum lækjum sem koma undan Gráhrauni og falla í Hvítá í Borgarfirði. Vatnið kemur fram undan hraunjaðrinum á um 1 km löngum kafla í ótal bunum og fossum. Rétt austan við Hraunfossa er síðan Barnafoss í Hvítá, þekktur fyrir að renna undir steinboga í miklum krafti í þrengingum. Svæðið í kringum fossana var friðlýst árið 1987. Frá Hraunfossum er stutt í ferðamannastaðinn Húsafell, og í höfuðbólið Reykholt, einn merkasta sögustað Íslands. En þar bjó höfuðskáldið Snorri Sturluson þangað til hann var vegin þar haustið 1241. Hann var höfundur, Heimskringlu og Snorra-Eddu, lykilbóka íslenskrar menningar- og bókmenntasögu.

VESTUR- BARÐASTRANDASÝSLA

VESTAST Í HEIMSÁLFUNNI

Rauðisandur, er byggð vestast í Vestur- Barðastrandarsýslu, og liggur milli Skorarfjalls og Látrabjargs sem má sjá á myndinni í fjarska. Sveitin sem þótti með þeim bestu á landinu frá landnámi og fram á síðustu öld, hún þótti bæði grösug og veðursæld mikil. Höfuðból sveitarinnar Saurbær var höfðingjasetur um aldir. Mikið er um sel á Rauðasandi, en sandurinn fær þennan bjarta lit af skeljum af hörpudiski. En Breiðafjörðurinn, sem Rauðisandur liggur að, var framundir 1990 aðal hörpuskels veiðisvæði Íslands, þangað til stofnin hrundi í lok síðustu aldar vegna ofveiði.

SNÆFELLSNES

HÓLL OG FJALL

Sumir segja að kirkjan á Ingjaldshóli á vestanverðu Snæfellsnesi sé elsta steinsteypta kirkja í heimi. Hún er reist árið 1903, og er allavega elsta steinsteypta kirkja á Íslandi. Á Ingjaldshóli hefur staðið kirkja frá 13 öld, og fram á 19. öld stóð þarna þriðja stærsta guðshús landsins eftir dómkirkjunum á Hólum og í Skálholti, var pláss fyrir 400 manns í sæti. Enda var vestanvert Snæfellsnesið þéttbýlasti hluti landsins, fram undir 1900. Þökk sé fengsælum fiskimiðum, stutt undan landi. Á Ingjaldshóli var einnig þingstaður íbúa vestast á Snæfellsnesi, og þá um leið aftökustaður sakamanna.

INNBLÁSIN AF NÁTTÚRUNNI OG VEÐRÁTTUNNI

Listakonan Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir býr á Eyrarbakka og sækir innblástur í náttúruna og veðrið.

Allt frá því að Ásta var barn vissi hún að hún myndi vinna einhvers konar skapandi vinnu en hún fór ekki strax út í list. „Ég hugsa að ég hafi ekki haft kjark til að fara beint í list og fór því í fatahönnun í Þýskalandi sem var fín leið að listinni. Ég lærði mikið af því.“ Hún flutti svo heim 1997 eftir 17 ára búsetu í Þýskalandi.

Hún bjóst við því að þurfa að fara út í búningahönnun þegar hún flutti heim. „Mér fannst einhvern veginn eins og það væri ekki möguleiki að búa til föt á Íslandi. Mér datt það einhvern veginn ekki í hug. En svo var einhver stemning í samfélaginu á þessum tíma og ég stofnaði fatahönnunarfyrirtækið ásta créative clothes og búð á Laugaveginum. Það var mikil gróska á þessum tíma.“

Eftir hrunið 2008 varð Ásta að loka búðinni. „Reksturinn varð erfiður en það var í rauninni ágætt. Það var erfitt að loka en í raun það besta sem hefur komið fyrir mig. Ég ákvað þá að fara meira út í list.“ Eftir á hafi hún eiginlega verið frelsinu fegin, eftir 10 ár í verslunarrekstri. „Þetta var samt ótrúlega skemmtileg og góð reynsla.“

Síðan þá hefur hún verið að vinna að listinni, en grunnurinn er sá sami þar og í fatahönnuninni. „Ég sæki innblástur úr náttúrunni. Ekki bara íslenskri heldur allri náttúru. Íslenska veðrið er þó sér á báti og hefur mótandi áhrif á okkur. En það er ekkert eins fallegt og náttúran, hún er kennari okkar.“

Fyrir fjórum árum síðan tók hún svo þá ákvörðun að flytja vinnustofu sína á Eyrarbakka sem og að gera upp gamalt hús. „Það er ótrúlega fallegur staður og stutt

í náttúruna. Ég er sérstaklega hugfangin af þangi og þara þessa stundina, enda ekki langt að sækja það. Mér finnst mest gaman að nota efniviðinn sem er í kringum mig.“

„Verkin mín eru þannig að það má yfirleitt koma við þau á sýningum. Mér finnst það vera partur af upplifuninni. Eitt sinn hélt ég sýningu sem kallaðist Rippling í Tokyo ásamt japanska listamanninum Takuya Komaba. Það var í frekar litlu rými og ég hélt að fólk myndi bara standa og skoða verkið sem var gert úr óteljandi þráðum. En svo var fólk alltaf að fara inn í verkið. Ég átti alls ekki von á því en fannst það frábært. Fólk var að skríða undir og leggjast á gólfið. Mér finnst geggjað að sjá fólk upplifa listina svona.“

Framtíðin er full af verkefnum. Hún mun halda vinnustofur og hátíð á Eyrarbakka, svo verður vinnustofa í Máritíus og ferðir til Suður-Kóreu. Eins er hún einn af rekstraraðilum Kirsuberjatrésins. „Það er alltaf nóg að gera,“ segir Ásta brosandi að lokum. -HDB

www.astaclothes.is

FUNDINN PÁLL BISKUP EFTIR 750 ÁR

„Heldurðu að guð hafi skapað þennan stein?“ Þannig hófst atburðarásin þegar steinkista Páls biskups fannst í Skálholti 21. ágúst 1954 – sennilega merkilegasti fornleifafundur í sögu Íslands.

Sá sem spurði svona skáldlega var ungur aðstoðarmaður fornleifafræðinga, Jökull Jakobsson þegar hann sýndi öðrum ungum aðstoðarmanni, Sveini Einarssyni tilhöggvin stein sem hann hafði grafið niður á í Skálholti hinu forna biskupssetri.

Báðir þessir ungu menn áttu eftir að setja mark sitt á menningarlíf Íslands, Jökull sem rithöfundur og leikritaskáld, Sveinn sem leikstjóri og þjóðleikhússtjóri.

Þegar Ísland endurheimti sjálfstæði sitt 1918 hófst endurreisn fornrar menningar og sögu, hinnar Gullnu aldar sem hafði verið hvati í sjálfstæðisbaráttunni. Eftir seinna stríð beindu menn þeirri viðleitni að hinu forna biskupssetri í Skálholti. Þar hafði verið stofnað biskupsembætti 1056, það fyrsta á Íslandi eftir kristnitökuna og þar hafði löngum verið miðstöð stjórnsýslu, ritstarfa og skólahalds í landinu, seinna ásamt Hólum. Í Skálholti voru skráðar og þýddar bækur, byrjað að þýða Nýja testamentið og reistar einhverjar stærstu timburbyggingar í Norður-Evrópu, hinar stóru miðaldadómkirkjur. Þar gerðust örlagaríkir atburðir siðaskiptanna – og hin sér-íslenska útgáfa af Rómeó og Júlíu, frægasta og harmrænasta ástarævintýri Íslandssögunnar, ástir Ragnheiðar biskupsdóttur og Daða. Og frægasta handrit hins íslenska bókmenntarfs Konungsbók Eddukvæða var geymt í Skálholti um tíma eftir að Brynjólfur biskup Sveinsson, faðir Ragnheiðar hafði bjargað því úr glatkistunni.

Það kemur þessari sögu kannski ekki við en Konungsbók Eddukvæða hefur haft áhrif á ekki ómerkari listamenn en Richard Wagner og JRR Tolkien, Jorge Luis Borges og jafnvel höfund Game of Thrones, George Martin. Og sennilega væru Marvel hetjan Þór og andhetjan Loki ekki nema skuggi af sjálfum sér ef þessarar bókar hefði ekki notið við!

Áhugi var á því að endurreisa eitthvað af hinni fornu frægð Skálholts sem segja má að hafi verið höfuðstaður Íslands í 700 ár, einn af fáum þéttbýlisstöðum í bændasamfélagi. Þar voru rústir einar en nú skyldi reisa kirkju á stað þar sem ekki færri en 10 kirkjur höfðu áður staðið frá 11. öld.

Vitað var að margt væri að finna af fornum leifum sem varpað gætu ljósi á sögu Íslands. Því var ráðist í fornleifagröft m.a. undir stjórn dr. Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar, seinna forseta Íslands.

Og menn töldu sig vita ýmislegt um Skálholt af fornum sögum. Í einni þeirra, Sögu Páls biskups var sagt að biskupinn hafi látið höggva út steinkistu fyrir sjálfan sig að hvíla í. Því vaknaði spurningin; skyldi hún finnast þessi kista með jarðneskum leifum Páls biskups sem jarðsettur var 1211? Eða voru þessar fornu sögur frá 13. öld bara þjóðsögur?

En aftur að fornleifafundinum. Eftir að hinn ungi Jökull jakobsson hafði komið niður á eitthvað sem gat verið steinkista var ákveðið að bíða eftir Kristjáni Eldjárn. Þegar hann svo kom í Skálholt fannst honum menn vera íbyggnir og spurði hvað væri á seyði:

„Ég held að við höfum fundið Palla biskup,“ svaraði þá Jón Steffensen prófessor einn rannsakenda. Kristján gat varla hamið sig af æsingi og brátt var hafist handa við að hreinsa moldina frá. Og það stóð heima; myndarleg úthöggvin og heilleg kista blasti við.

Kistan var svo opnuð með pompi og prakt viku seinna við athöfn sem útvarpað var beint um allt landið. Prestar sungu yfir hinni fornu kistu og svo var steinlokið dregið af.

Og viti menn - þar blöstu við bein hins forna biskups og krókur af biskupsstaf úr rostungstönn. Og mönnum fannst þeir beinlínis horfast í augu við söguna þegar þeir virtu tómar augntóftir Páls biskups fyrir sér.

En hver var þessi forni biskup? Hann var kominn út af helstu ættum landsins, sonur Jóns Loftssonar einhvers mesta höfðingja þjóðveldisaldar á Íslandi. Langafi hans var þjóðsagnapersónan Sæmundur fróði, sá er sagður var hafa riðið Kölska í selslíki frá Svartaskóla eða Sorbonne í París út til Íslands. Annar langafi hans var Magnús Noregskonungur kallaður berfættur. Uppeldisbróðir Snorri Sturluson skáld og höfðingi.

Biskupsstafurinn með rostungskróknum er talinn gerður af fyrstu íslensku listakonunni sem kunn er. Margrét hin haga var hún kölluð og bjó í Skálholti á biskupstíð Páls. Það bendir á enn eina staðreynd; rostungar voru margir við strendur Íslands við landnám en var svo fljótlega útrýmt.

Kistu Páls biskups er nú að finna í kjallara dómkirkjunnar í Skálholti ásamt myndum frá fundinum en biskupsstafurinn útskorni er til sýnis á Þjóðminjasafni Íslands í Reykjavík.

Halldór Reynisson

Prestar syngja yfir steinkistunni áður en hún er opnuð. Myndasafn Þjóðminjasafnsins.

Krókur af biskupsstaf Páls gerður úr rostungstönn sem fannst í steinkistunni.

Steinkistan nýkomin úr jörð eftir að hafa legið þar í 750 ár. Myndasafn Þjóðminjasafnsins.

Dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður, seinna forseti Íslands, virðir fyrir sér bein Páls biskups. Myndasafn Þjóðminjasafnsins.



Isortoq: Stefán heindýrabóndi

ÆVINTÝRALEGT LÍF HREINDÝRABÓNDANS

Isortoq: Stefán hreindýrabóndi er ævisaga Stefáns Hrafns Magnússonar, hreindýrabónda á Suður-Grænlandi.

Stefán Hrafn ólst upp í Reykjavík á veturna en á sumrin var hann í sveitinni hjá ömmu sinni og afa fyrir vestan og dreymdi um að gerast bóndi. Hann heillaðist ungur af norðurslóðum og hafði mikinn áhuga á landkönnuðum. Hann fór einn til Grænlands 15 ára gamall og kynntist þá landinu sem hann átti eftir að búa í.

Stefán lærði búfræði hér heima, flutti til Noregs þar sem hann vann við hreindýrhjarðmennsku á meðal Sama í ævintýralegu umhverfi Noregs og bjó um tíma í hefðbundnu Samatjaldi. Hann vann um tíma á nautabúgarði í Kanada og gekk svo yfir freðmýrarnar frá Inuvik til Tuktuyaktuk. Stefán vann síðar við hreindýragæslu í Guðbrandsdal og Jötunheimum í upplöndum Suður-Noregs og gekk hann um veturinn um 3600 kílómetra á skíðum við hreindýragæsluna.

Stefán lærði meira um hreindýrarækt á hreindýraræktarbraut menntaskóla í Svíþjóð og síðar hélt hann á freðmýrarnar í Alaska og vann við ráðgjöf og þjálfun á starfsfólki við hreindýrarækt. Þar kynntist hann kúrekanum Bud Williams sem skildi öll dýr að sögn Stefáns. Stefán tók svo flugmannspróf í Kanada.

Íslendurinn víðförli hafði á þessum tíma kynnst grænlenskum hreindýrabónda sem hann átti síðar félag með í áratugi. Stefán fékk til dæmis árið 1984 1100 ferkílómetra beitiland á Suður-Grænlandi í viðbót við þá 400 ferkílómetra sem félagi hans var með fyrir.

Stefán hefur í um þrjá áratugi verið hreindýrabóndi á bújörðinni Isortoq á Suður-Grænlandi og lent þar í ýmsum ævintýrum og áskorunum.

Fyrir utan að tala um ævi sína talar Stefán í bókinni meðal annars um slysin sem hann hefur lent í sem og veiðimennsku og veiðiþjófa og svo segir hann nokkrar veiðisögur. Fjöldi veiðimanna víða að úr heiminum dvelur á svæðinu ár hvert en íslenskt fyrirtæki er þar með glæsilegar veiðibúðir auk þess sem fólk getur gist á svæðinu í kringum búgarðinn sjálfan.

Náttúrubarnið talar auk þess um hið fjölbreytta dýralíf sem er á Suður-Grænlandi, Grænlandsjökul og loftslagsbreytingar sem hafa haft áhrif á reksturinn og grænlenskt samfélag.

Fjöldi dagbókarfærsla er í bókinni en Stefán hefur skrifað í dagbækur í áratugi. -SJ

ICELANDIC TIMES

VIÐ TÖLUM FIMM TUNGUMÁL!

Gefið út á ensku, kínversku, frönsku, þýsku og íslensku